

**SKOÐUN** Rússland færist sífellt fjær lýðræði, skrifar Pawel Bartoszek. 21



**MENNING** Þóra Gísladóttir semur lög, syngur, útsetur og stjórnar kórum. 38



**LÍFIÐ** Björg Magnúsdóttir skrifar nýja bók á Skriðuklaustri í Fljótsdal. 58



**SPORT** Heiðmar Felixson fékk óvænt tækifæri í þýsku úrvalsdeildinni. 54


FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

10-11



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**

28. mars 2014

74. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Séreignarinngreiðslan getur brunnið upp í verðbólguskoti

Sérfræðingur í lífeyrismálum segist ráðleggja fólki að hugsa málið til enda áður en það notar séreignarsparnað í húsnæði. Seðlabankastjóri segir að verðbólga geti aukist þegar áhrifa skuldalækkunaraðgerða fer að gæta.

**EFNAHAGSMÁL** „Verðtryggt lán getur hækkað á svipstundu vegna verðbólguskots og þá er allt inngreitt, þar á meðal séreignarsparnaðurinn farinn. Ég ráðlegg fólki að hugsa málið til enda áður en það notar lífeyri sinn í annað en ætlað var í upphafi,“ segir Eyjólfur Lárusson, sérfræðingur í lífeyrissparnaði, og bætir við að eigi fólk ekki séreignarlífeyrissparnað á efri árum geti það lent í fátæktargildru.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp þar sem fólki gefst kostur á að ráðstafa séreignarsparnaði sínum inn á veðlán vegna íbúðarhúsnæðis. Þeir sem ekki eiga húsnæði fá heimild til að ráðstafa séreignarsparnaðinum til kaupa á íbúðarhúsnæði. Hámark á hvert heimili er 1,5 milljónir króna á þriggja ára tímabili, sama hvor leiðin er farin.

Eyjólfur segir að það sé stór ákvörðun fyrir fólk að taka hvort það noti séreignarsparnaðinn til að greiða niður lán eða til kaupa á húsnæði. Hver og einn verði að vega og meta hvort hann vilji fórna þeim lífeyri sem ætlaður er til framfærslu eftir starfslok núna eða geyma lífeyri sinn til seinni nota.



EYJÓLFUR LÁRUSSON

Menn verði að hafa hætturnar í huga. „Það er alltaf gott að greiða niður lán en er rétt að nota framtíðarlífeyri til þess?“ spyr Eyjólfur og bætir við að verðbólgan geti aukist og séu lánin verðtryggð étist séreignarsparnaðurinn upp á nokkrum árum.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á ársfundi bankans í gær að verðbólga gæti aukist í þjóðfélaginu þegar slakinn hverfur úr þjóðarbúskapnum og áhrifa aukinnar fjárfestingar og skuldalækkunaraðgerða ríkisstjórnarinnar fer að gæta með meiri þunga í innlendri eftirspurn.

- jme / sjá síðu 6



**Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKANS** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, greindi frá því á ársfundi Seðlabankans síðdegis í gær að í ráðuneyti hans væri til skoðunar að vinna frumvarp sem setti ákveðna tímafresti á slitameðferð föllnu bankanna. Nái kröfuhafarnir ekki að ljúka nauðasamningum sé ekkert annað að gera en fara með þú þessara banka í hefðbundið gjaldþrot. Hér má sjá þá Má Guðmundsson seðlabankastjóra og Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hlýða á ræðu Bjarna. Sjá síðu 8

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sýna litakóðaða náttúruvá:

## Nýjung í sendingu váboða

**ÖRYGGISMÁL** Veðurstofan vinnur að samræmdri birtingu viðvarana við hvers konar náttúruvá – hvort sem um er að ræða stórrigningar eða eldgos. Kerfið er að erlendri fyrirmynd þar sem viðvaranir verða gefnar út í litakóðuðum hættustigum.

Theodór Freyr Hervarsson, framkvæmdastjóri eftirlits- og spásviðs Veðurstofunnar, skýrði frá þessu verkefni á ársfundi stofnunarinnar í gær. Hann segir miðlun upplýsinga frá Veðurstofunni að miklu leyti hafa verið óbreytta í áratugi, en á sama tíma sé samfélagið í örri þróun. Því verði að mæta til að ná til allra þeirra sem reiða sig á upplýsingar um veður og náttúruvá, til dæmis ungs fólks sem nýtir nýja tækni og til ferðamanna.



THEODÓR FREYR HERVARSSON

- shá / sjá síðu 4

**LÍFIÐ**



**Þurfum að finna upp hjólið**

Hlín Helga Guðlaugsdóttir vöruhönnuður kennir upplifunarhönnun við Konstfack-listaháskólann í Stokkhólmi. Hún telur hönnuði geta stuðlað betur að vellíðan almennings.

**FRÉTTIR**

**Hvalkjötið safnast fyrir** Í Japan hefur sala á hvalkjöti dregist mjög saman á seinni árum. Minnkandi eftirspurn ógnar hvalveiðum þar meira en barátta náttúruverndarsamtaka. 2

**Birtir til** ASÍ segir birta til í hagkerfinu þótt blikur séu á lofti. Óvissa sé um stefnu í peningamálum og óvíst hvort höftum verði aflétt. 10

**Ekki nákvæm skilgreining** Orkumálastjóri segir að þó rekja megi tiltekna virkjanakosti til gamalla gagna þýði það ekki að útfærsla þeirra standi óbreytt. Dráttur á reglugerð hamlar skilgreiningu virkjanakosta. 16





20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | SSA | 3 |
| Akureyri | 2° | SV | 2 |
| Egilsstaðir | 3° | NV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | NNV | 2 |
| Reykjavík | 5° | SSA | 6 |

**LÉTTIR TIL** Í dag verða suðaustan 5-10 m/s S- og V-til annars hæg breytileg átt. Yfirleitt þurrt og léttir til. Hiti 2-8 stig, mildast syðst. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk










NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200



Gott verð í Bónus

FJÓRAR SÍÐUR Í DAG

BÓNUS EKKERT BRUÐL







- ÍGLÓ&INDÍ VERSLANIR -

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 4 OG KRINGLUNNI

www.igloandindi.com

## SPURNING DAGSINS



Páll, er þetta ekki til að æra óstöðugan?

**„Jú, þetta mun taka sinn toll.“**

Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður Haga, birti ríkislögmanni stefnu vegna ákvörðunar um að hafna beiðni Haga um úthlutun á opnum tollkvóta á lífrænum kjúklingi og ostum, þar á meðal ærostum.

Allsherjarþing SÞ á einu máli um að innlimun Krímskaga sé ólögleg:

# AGS býður Úkraínu aðstoð

**ÚKRAÍNA, AP** Eitt hundrað aðildarríki Sameinuðu þjóðanna greiddu atkvæði með ályktun á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær um að innlimun Krímskaga í Rússland hafi verið ólögleg. Ellefu ríki voru á móti en 58 sátu hjá.

Öfugt við ályktanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þá eru ályktanir Allsherjarþingsins ekki bindandi. Þá hefur ekkert ríki neitunarvald.

Í gær tilkynnti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að Úkraínustjórn standi nú 18 milljarðar Bandaríkjadala til boða í efnahagsaðstoð. Þetta samsvarar rúmlega 2.000 milljörðum króna. Bandaríkjaþing samþykkti hins vegar í gær hertar refsiaðgerðir gegn Rússlandi vegna innlimunar Krímskaga.

Þá skýrði Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, frá því í gær að hún ætli að bjóða sig fram til forseta, en fáeinar vikur eru frá því hún var látin laus eftir að hafa afplánað hluta fangelsisdóms. Boðað hefur verið til forsetakosninga í Úkraínu 25. maí. - gb



**ANDRÍ DESJTSJÍTSJA** Utanríkisráðherra Úkraínu gengur til sætis eftir að hafa ávarpað Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Virkja framhaldsskólanema:

# Fá frítt í sund í verkfallinu

**SKÓLAMÁL** Ákveðið hefur verið í nokkrum sveitarfélögum að framhaldsskólanemar fái frítt í sund á meðan á verkfalli kennara þeirra stendur. Þetta á meðal annars við um Reykjavík, Kópavog, Akureyri og Mosfellsbæ.

„Mikilvægt er að hvetja nemendur til virkni á meðan á verkfalli stendur og þetta er viðleitni Akureyrarbæjar til að gera þeim það kleift,“ segir í bókun bæjarráðs Akureyrar. - gar



**LÍTIL HUÐNA OG STÚLKA** Guðlaug Esther Hlöðversdóttir kom úr Borgarfirðinum til að sjá Sólbjörtu litlu. Hún fékk að halda á henni og klappa móðurinni, Boggu. MYND/HÚSDÝRAGARÐURINN

Geitburður er hafinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum:

# Vorboðinn mættur í Laugardal

**REYKJAVÍK** **Huðnan Bogga boðaði komu vorsins í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þegar hún bar myndarlegri gráflekkóttri huðnu.**

**Faðirinn er hafurinn Unnar sem flutti í garðinn frá Háafelli í Hvítársíðu síðastliðið haust.**

**Litla huðnan hefur fengið nafnið Sólbjört en það voru gestir garðsins, sem voru viðstaddir burðinn, sem gáfu henni þetta vorlega nafn.**

**Dýrahirðar garðsins segja að það megi ætla að hinar huðnur garðsins beri á næstu dögum. Frjálsar ástir ríkja í geitastíunni ólíkt því sem gerist hjá sauðfé garðsins þar sem hrútnum var hleypt til ánna í byrjun desember og því má ætla að sauðburður hefjist í maí.** - ebg

# Hvalkjötið safnast fyrir í frystiklefum

Í Japan hefur sala á hvalkjöti dregist mjög saman á seinni árum. Minnkandi eftirspurn ógnar hvalveiðum þar meira en barátta náttúruverndarsamtaka. Alþjóðadómstóllinn úrskurðar svo á mánuda í deilu Ástrala og Japana um hvalveiðar.

**JAPAN, AP** Á seinni árum hefur sala á hvalkjöti verið treg í Japan. Það hefur safnast fyrir í frystigeymslum við hafnir landsins.

Fyrir nokkrum áratugum var hvalkjöt ein helsta uppistaðan í fæðu Japana. Nú er svo komið að það selst varla nema á sérhæfðum veitingastöðum og í sérverslunum, og er þar nokkru dýrara en annað kjötmeti.

Í sumum sjávarplássum, sem hafa leyfi til strandveiða í smærri stíl, er hvalur að vísu oftar á borðum en almennt tíðkast annars staðar í landinu. Þá hefur hvalkjöt verið notað í stórum stíl í skólamáltíðir, en sú notkun þess hefur verið gagnrýnd.

Birgðir af hvalkjöti í frystigeymslum landsins voru 4.600 tonn í lok ársins 2012, en voru 2.500 tonn árið 2002. Þrátt fyrir þetta stefna Japanar á að veiða um 1.300 hrefnur á ári hverju, auk þess sem Íslendingar gera sér vonir um að þeir taki við allt að 2.000 tonnum af kjöti sem verið er að flytja þangað þessa dagana.

Á mánudaginn kemur kveður Alþjóðadómstóllinn í Haag upp endanlegan úrskurð í deilu Ástrala og Japana um hvalveiðar. Ástralar fara fram á að svonefndar vísindaveiðar Japana við Suðurskautsland verði úrskurðaðar ólöglegar, en Japanar segja dómstólinn ekki hafa lögsögu í þessari deilu og vilja að hann viðurkenni það.

Úrskurðurinn nær eingöngu til hvalveiða Japana við Suðurskautsland, en þar hafa þeir veitt um þúsund dýr árlega. Jafnvel þótt úrskurðurinn falli Áströlum í vil, þá breytir það engu um aðrar hvalveiðar Japana, en þeir stunda einnig hvalveiðar í Norður-Kyrrahafi og heima við, út af ströndum Japans.

Í skýrslu sérfræðinga árið 2011 var nefnt að líklega myndu strandveiðar í smáum stíl duga til þess að anna þeirri litlu eftirspurn, sem enn er eftir hvalkjöti í Japan.

Yfirlýst markmið vísindaveiðanna, sem Japanar hafa stundað allt frá árinu 1987, er að kanna hvort hvalveiðar í hagnaðarskyni geti verið sjálfbærar í þeim skilningi að hvalastofnarnir þoli þær, en spurningin virðist nú fremur snúast um það hvort þær borgi sig.

„Það er ekki raunhæft að hefja hvalveiðar í hagnaðarskyni á ný. Þetta markmið er ekki lengur neitt annað en réttlæting þess að halda áfram vísindaveiðum,“ hefur AP-fréttastofan eftir Ayako Okubo, sem er haffræðingur við háskólann í Tokai.

gudsteinn@frettabladid.is



**HVALKJÖT TIL SÖLU** Salan í Japan er nú orðið að mestu bundin við sérverslanir eða sérhæfða veitingastaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**4.600**

tonn af hvalkjöti voru í frystigeymslum í Japan í lok árs 2012

Bæjarráð vill að kosið verði:

# Þjóðin ákveði ESB-viðræður

**STJÓRNMÁL** „Mikilvægt er að sem breiðust sátt verði um næstu skref vegna aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið,“ segir bæjarráð Mosfellsbæjar sem kveðst taka undir það sjónarmið að þjóðin hafi aðkomu í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður og síðar um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Sjálfstæðismenn í bæjarráði létu bóka þá afstöðu sína að viðhafa hefði átt þjóðaratkvæðagreiðslu áður en aðildarviðræður hófust á sínum tíma. - gar

Peningar þvegnir í Noregi:

# Smákrimmar undir smásjá

**NOREGUR** Norska lögreglan, saksóknarar og skattayfirvöld einbeita sér að smákrimmum og fíkniefnaneytendum í stað skipulagðra efnahagslægpa við rannsókn sína á peningaþvætti. Þetta er niðurstaða úttektar sænsks lagaprófessors, Dans Magnusson, sem er sérfræðingur í peningaþvætti. Úttektina gerði prófessorinn að beiðni norskra lögregluyfirvalda.

Samkvæmt úttektinni rannsakaði lögreglan í Ósló aðeins eitt mál árið 2012 sem varðaði efnahagsbrot en því var vísað frá. - ibs






Í slysum eins og því á Ólafsfjarðarvegi hafa ökumenn stöðu sakbornings:

# Óvíst að gefin verði út ákæra

**LÖGREGLUMÁL** Banaslys sem varð á Ólafsfjarðarvegi á Hámundarstaðahálsi skammt frá Dalvík 17. mars er rannsakað sem sakamál.

Ökumaður pallbíls sem ók fram úr snjóruðningsbíl og rakst við það á fólksbíl hefur réttarstöðu sakbornings í rannsókninni. Helgast það af ákvæðum í umferðarlögum þar sem segir að ekki megi aka fram úr bíl ef hætta er á að ökumaður valdi öðrum hættu, tjóni eða óþægindum.

Slysið varð með þeim hætti að pallbílnum var ekið suður þjóðveginn og ætlaði ökumaður hans að taka fram úr snjóruðningsbílnum sem var að hreinsa veginn. Á sama tíma kom fólksbíllinn akandi norður þjóðveginn og skullu bílarnir harkalega saman.

Ökumaður fólksbílsins var fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri ásamt konu á fertugsaldri, sem var farþegi í bílnum, og öðrum farþega. Konan lét lífið en ökumaður pallbílsins slasaðist ekki. Að sögn lögreglunnar á Akureyri er málið rannsakað sem umferðarslys, en í banaslysum sem þessu hafa ökumenn nánast undantekningarlaust stöðu sakbornings í málinu. Rannsóknin er sögð hefðbundin og ekkert sem bendi til þess að um ásetning hafi verið að ræða. Lögreglan rannsakar hvort lög hafi verið brotin og sendir niðurstöðu sína til ákæruvaldsins. Ákæruvaldið ákvarðar í kjölfarið hvort gefin verði út ákæra í málinu. - fb




**LÖGREGLUSTÖÐIN Á AKUREYRI** Kona á fertugsaldri lést í árekstrinum sem varð á Hámundarstaðahálsi 17. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2013

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. RAV4 2.2l dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP. 40% vaxtalaus lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## SVONA ERUM VIÐ



**36 prósent af úrgangi, sem sveitarfélög losuðu heimili og fyrirtæki við hér á landi árið 2012, fóru í endurvinnslu.**

Þetta er heldur meira en meðaltalið í ríkjum Evrópusambandsins, sem var 27 prósent sama ár. Þjóðverjar standa sig best, en þar fóru 47 prósent í endurvinnslu. *Heimild: Eurostat*

Borgarráð samþykkti að fatlaðir fengju lengri viðveru í Hinu húsinu:

# Úrræði fyrir fatlaða samþykkt

**KENNARAVERKFALL** Borgarráð samþykkti í gær sameiginlega tillögu allra flokka um tímabundna þjónustu við fatlaða framhaldsskólanema vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Stefnt er að því að þjónustan hefjist á mánudaginn verði verkfallinu ekki lokið þá.

„Með samþykktinni var íþrótta- og tómstundaráði falið að bjóða fötluðum nemendum lengri viðveru í frístundaþjónustunni sem starfrækt er í Hinu húsinu. Venjulega hafa nemendur komið í Hitt húsið strax að loknum skóladegi, eða um hádegisbil, og verið þar til klukkan 17. Nú verður reynt að bjóða þeim að koma á skólatíma eða klukkan átta að morgni,“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.



KJARTAN MAGNÚSSON

Hann segir að einnig hafi verið samþykkt að fela velferðarsviði að bjóða framhaldsskólanemum, sem dvelja tímabundið í hverjum mánuði í skammtímavistun, þjónustu á skólatíma á meðan á verkfallinu stendur.

„Reynt verður að veita fyrst þjónustu þeim sem eru í mestum vandræðum,“ tekur Kjartan fram.

Foreldrar höfðu sent beiðni til undanþágunefndar framhaldsskólakennara og ríkisins um aðstoð við nám og þjónustu við fötluð börn sín í skólunum á meðan á verkfallinu stendur en þeim beiðnum var hafnað. - ibs

Skora á heilbrigðisráðherra:

# Vilja láta afturkalla hækkanir

**HEILBRIGÐISMÁL** Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík skorar á heilbrigðisráðherra að afturkalla hækkanir á komugjöldum í heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi um áramót. Einnig skorar nefndin á ráðherra að afturkalla hækkanir á ýmsum stoðtækjum og hjálpartækjum.

Segir í tilkynningu að með þessum hækkunum sé ríkisstjórnin að taka að mestu til baka þær kjarabætur, sem hún hafði áður veitt öldruðum og öryrkjum. - ebg



**SNJÓFLÓÐ Í BLÁFJÖLLUM** Skemmdir urðu litlar í snjóflóði í Bláfjöllum. MYND/EINAR BJARNASON

Enginn meiddist í Bláfjöllum:

# Skíðasvæði lokað eftir snjóflóð

**VEÐUR** Þegar starfsmenn skíðasvæðisins í Bláfjöllum mættu til vinnu í gærmorgun mætti þeim brak eftir snjóflóð sem fallið hafði um nóttina. Enginn var á svæðinu þegar flóðið féll og mannvirki sluppu að mestu óskemmd.

Einar Bjarnason, rekstrarstjóri Bláfjalla, segist ekki vita til þess að svona stórt flóð hafi fallið á svæðinu í hátt í tvo áratugi.

Skíðasvæðinu hefur verið lokað tímabundið vegna mokstursins, en stefnt er að því að opna aftur á morgun. - kak

Konu refsað í Svíþjóð:

# Sektuð fyrir að löðrunga vegna klips í rassinn

**SVÍÞJÓÐ** Það er ekki nauðvörn að löðrunga einhvern sem hefur gripið í rasskinnina á manni. Þetta er úrskurður dómstóls í Norrköping í Svíþjóð sem hefur dæmt 44 ára gamla konu til að greiða 30 dagsektir.

Í frétt á vef Dagens Nyheter segir að konan hafi fullyrt að hún hafi löðrungað manninn eftir að hann kleip hana í rassinn en hann neitar sök.

Konan er dæmd fyrir ofbeldi og þarf auk dagsekta að greiða manninum 1.000 sænskar krónur í skaðabætur. - ibs

# Vara við stórrigningum og eldgosum með sama hætti

**Veðurstofan hyggst birta allar viðvaranir um náttúruvá með samræmdum hætti. Litakóðaðar grafískar viðvaranir verða birtar jafnt fyrir eldgos sem og hættu á stórrigningum. Sérstakt tillit verður tekið til nýmiðla.**

**ÖRYGGISMÁL** Veðurstofa Íslands vinnur að því að skerpa á aðferðafræði sinni við upplýsingagjöf vegna náttúruvár. Í þróun er kerfi að erlendri fyrirmynd þar sem viðvaranir verða gefnar út í mismunandi litakóðuðum hættustigum. Kerfið lýtur að mun fleiri þáttum en Veðurstofan hefur gefið sérstakar viðvaranir fyrir til þessa.

Theodór Freyr Hervarsson, framkvæmdastjóri eftirlits- og spásviðs, skýrði frá þessu verkefni Veðurstofunnar á ársfundi stofnunarinnar í gær. Hann sagði að miðlun upplýsinga frá Veðurstofunni hefði að miklu leyti verið óbreytt í áratugi, en á sama tíma væri samfélagið í örri þróun. Því yrði að mæta til að ná til allra þeirra sem reiða sig á upplýsingar um veður og náttúruvá, t.d. ungs fólks sem nýtir nýja tækni, og ferðamanna.

Viðvaranakerfi Veðurstofunnar byggist á hefðbundnum miðlum, en sístækkandi hópur leitar ekki upplýsinga í gegnum þá. Eins verður að huga í auknum mæli að upplýsingagjöf á fleiri tungumálum en íslensku. Í þessari viðleitni nýtir veðurstofan Facebook og snjallsímaforrit – veðurapp Veðurstofunnar.

Veðurstofan ætlar í raun að steypa allar viðvaranir í sama mótið. Þær hafa verið gefnar hingað til fyrir storm, úrkomu og ísingu fyrir miðin sem dæmi, en viðvaranir fyrir aðra náttúruvá hefur ekki verið í jafn föstum skorðum.

„Við ætlum að gefa út viðvaranir í mismunandi litakóðuðum hættustigum sem gefa til kynna væntanleg samfélagsleg áhrif á því svæði sem hún nær til. Þær verða að hluta til grafískar; tákn sem gefa til kynna um hvaða hættu er að ræða og texti frá sérfræðingi til skýringar af hverju viðkomandi viðvörun er gefin út og hvað hún getur þýtt,“ sagði Theodór en hver og einn getur valið hvernig hann vill fá tilkynningar þar sem tekið er tillit til nýjustu tækni við miðlun upplýsinga.

Theodór nefndi að hluti vandans væri aukið framboð af upplýsingaveitum og nefndi vef norsku veðurstofunnar sem dæmi. Við verðum vör við að fólk nálgast sínar spár þar án þess að hafa í huga að enginn þar á bæ spáir í því hvort það sé að fara að falla snjóflóð á Ísafirði eða stormur geysi á Suðausturlandi, því engar viðvaranir fyrir Ísland eru birtar þar,“ sagði Theodór og bætti við að viðbrögð við viðvörunum séu oft lítil; fólk meðtekur ekki upplýsingarnar og breytir ekki samkvæmt þeim. Hins vegar er samband Veðurstofunnar og almannavarna og annarra viðbragðsaðila afbragðsgott. svavar@frettabladid.is



**ELDUR UPPI** Nú mun litakóðað merkjakerfi ná yfir eldgos jafnt sem stórrigningar þegar viðvaranir eru sendar frá Veðurstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þú velur hvernig viðvörun berst til þín

- Allar viðvaranir um náttúruvá verði steyptar í sama mótið
- Viðvaranir gefnar út í mismunandi litakóðuðum „hættustigum“ sem gefi til kynna væntanleg samfélagsleg áhrif várinnar á því svæði sem hún nær til
- Viðvaranir grafískar með texta á a.m.k. íslensku og ensku
- Viðvaranir verði gefnar út á mismunandi sniði sem nýtist nýmiðlum jafnt sem hefðbundnum miðlum
- Hagsmunaaðilar geti valið hvernig þeim berst viðvörun, jafnvel fyrir ákveðna náttúruvá, ákveðin svæði og/eða „hættustig“









## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Friedrichshafen | 16° | New York | 13° |
| Aþena | 20° | Gautaborg | 12° | Orlando | 25° |
| Basel | 17° | Kaupmannahöfn | 12° | Ósló | 9° |
| Berlín | 16° | Las Palmas | 19° | París | 17° |
| Billund | 10° | London | 13° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 17° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 7° |




**Á MORGUN** Austan 8-13 syðst, annars mun hægari.




**SUNNUDAGUR** Svipað veður áfram næstu daga.

**BLÍÐA UM HELGINA** Vorveður alla helgina og vonandi helst það þannig sem lengst. Vindur verður mjög hægur nema allra syðst, bjartviðri og úrkoma í algjöru lágmarki. Nokkuð milt yfir daginn en frystir allvíða inn til landsins að næturlagi.



Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Way of Life!




**SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn frá sérfræðingum fjórhjóladrifsbílanna Suzuki. Einstaklega rúmgott farþega og farangursrými, öflug og sparneytin vél. Eyðsla aðeins 5.7 l/100 km í blönduðum akstri.**

## MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:

- All Grip, eitt fullkomnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkar rúður

## Komið og reynsluakið

SUZUKI SPARNEYTNI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. mars 2014

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða erlendi tískumógúll var í kvöldverðarboði á Bessastöðum?
**2.** Hversu hátt hlutfall heimila skuldar 20 milljónir?
**3.** Hvert er tap Reykjaneshafnar á fimm árum?

**SVÖR:**
**1.** Calvin Klein. **2.** Rúmlega helmingur.
**3.** 2,8 milljarðar.

Formaður Samfylkingar segir að þeir sem hafa lágar tekjur fái ekkert en forsætisráðherra er ósammála:

# Tekjulágir njóta líka góðs af skuldalækkun

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði við upphaf þingfundar á Alþingi í gær að ríkisstjórnin hefði skilið þá sem minnst mega sín eftir þegar frumvörp um skuldaleiðréttingar og lífeyrissparnað voru lögð fram.

Árni Páll vitnaði meðal annars til ummæla Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ.

„Óréttlætið er svo augljóst að það skuli ekki á nokkurn hátt reynt að mæta því fólki sem er tekjulægst, sem borgar samt verðtryggðar skuldir og hefur engin önnur úrræði en félagslegt leiguhúsnæði,“ sagði Árni Páll.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði þetta fjarri öllu lagi og sagði að félagsmálaráðherra myndi fljótlega leggja fram minnisblað í ríkisstjórn um þau úrræði sem þarf til að koma til móts við fólk í félagslegu húsnæði. Árni Páll gaf ekki mikið fyrir þau ummæli og spurði hvort ætti að seðja leigjendur með minnisblaði.

Sigmundur Davíð sagði það fjarri lagi að ætti að skilja lágtekjufólk eftir. „Það nýtur góðs af þessum aðgerðum ekki síður en aðrir, og raunar má segja kannski sérstaklega,“ sagði forsætisráðherra en bætti við að auðvitað yrðu einhverjir hópar sem áfram þyrftu hjálp. **- jme**



**„Ég skil bara ekki hvernig ríkisstjórnin getur leyft sér að leggja ekkert í aðstoð við tekjulægsta og eignaminnsta hóp þjóðarinnar.**

*Gylfi Arnbjörnsson*



Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




**AUKIN NEYSLA** Seðlabankinn og ráðgjafafyrtækið Analytica eru sammála um að einkaneysla aukist í kjölfar aðgerða ríkisstjórnarinnar vegna skuldugra heimila. Menn greinir hins vegar á um hversu mikið einkaneyslan kemur til með að vaxa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Einkaneysla gæti aukist nokkuð

Seðlabankinn og ráðgjafafyrirtækið Analytica eru sammála um að efnahagsleg áhrif skuldaleiðréttingaraðgerða ríkisstjórnarinnar séu óljós. Formaður Öryrkjabandalagsins segir að öryrkjar fái ekkert í sinn hlut enda séu þeir á leigumarkaði.

**EFNAHAGSMÁL** Ráðgjafafyrirtækið Analytica og Seðlabankinn hafa reynt að greina hvaða efnahagsleg áhrif aðgerðir ríkisstjórnarinnar um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána hafa. Bæði Seðlabankinn og Analytica eru sammála um að mikil óvissa felist í efnahagslegum áhrifum aðgerðanna.

Enda ekki vitað hversu margir koma til með að sækja um niðurfærslu lána eða hversu háar upphæðir verður um að tefla.

Mestu áhrifin eru talin verða á einkaneyslu enda fela aðgerðirnar í sér að hreinn auður og ráðstöfunartekjur heimila hækka með lægri greiðslubyrði í kjölfar lækkunar skulda hátt í 70 þúsund heimila.

Í athugasemdum með skuldalækkunarfrumvarpinu segir að ef forsendur um auknar inngreiðslur í séreignarlífeyrissparnað ganga eftir muni þær þó halda aftur af einkaneyslunni.

Samkvæmt spá Seðlabankans leiða aðgerðirnar til þess að vöxtur einkaneyslu verði ríflega 1,5 prósenti meiri en ella á þessu ári og því næsta. Bankinn spáir því að einkaneyslan verði fjórum prósentum meiri á þriggja ára tímabili.

Analytica gerir hins vegar ráð fyrir minni einkaneyslu eða um 0,4 prósent umfram það sem annars hefði orðið á þessu ári.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir enn fremur að áhrif bættrar stöðu heimilanna á neyslu heimilanna ráðist að nokkru af dreifingu skuldalækkunarinnar. Þó megi telja líklegt að tekjulægri heimili séu að öðru óbreyttu líklegri til þess að auka neyslu sína meira en þau sem hafa hærri tekjur þegar skuldir lækka eða greiðslubyrði léttist.

**johanna@frettbladid.is**

## Hefur engin áhrif á kjör öryrkja

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), segir að skuldaleiðréttingaraðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi nánast engin áhrif á kjör öryrkja þar sem langflestir þeirra búi í leiguhúsnæði.

Ellen segir að ÖBÍ hafi ritað Eygló Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, bréf í desember þar sem ráðherranum sé bent á að fæstir örorkulífeyrisþegar njóti lækkunar höfuðstóls húsnæðisskulda vegna forsendubrests eða vegna skattfrelsis sérstaks viðbótarsparnaðar. Til þess að þessi hópur fái eitthvað er ráðherranum bent á að veruleg hækkun húsaleigubóta geti komið til móts við þennan hóp að einhverju leyti. Hámark húsaleigubóta einstaklings er nú 22 þúsund krónur á mánuði og ÖBÍ leggur til að bæturnar verði hækkaðar um 5.472 krónur á mánuði. Sú hækkun væri í samræmi við vísitölu. „Við höfum ekki fengið neitt formlegt svar frá ráðherranum enn,“ segir Ellen.

Kostnaður við gosminjasafn í Eyjum lægri en áætlað var þótt hann sé hærri:

# Sýningarskálinn kostar minna

**MENNINGARMÁL** Þótt áætlaður kostnaður við gosminjasafnið Eldheima í Vestmannaeyjum stefni nú í að verða 902 milljónir króna miðað við upphaflega áætlun upp á 565 milljónir verður kostnaðurinn samt minni en gert var ráð fyrir. Ástæðan er viðbótarverk sem bætt var við.

Ólafur Þór Snorrason, framkvæmdastjóri hjá Vestmannaeyjabæ, fór yfir lykiltölur vegna Eldheima á síðasta fundi bæjarráðs. Ólafur sagði að upphaflega hefði verið rætt um að kostnaður við 1.600 fermetra sýningarskála gæti orðið 565 milljónir án alls annars kostnaðar svo sem við sýningu, lóð, tæknirými, frágang innanhúss og fleira. Síðar hafi verið ákveðið að stefna að 2.000 fermetra byggingu.

Að sögn Ólafs var áætlað að með stækkuninni myndu Eldheimar kosta 847 milljónir þegar búið væri að draga frá 55 milljóna virðisaukaskatt. Þannig verði verkið 43 milljónum undir 890 milljóna króna kostnaðaráætlun. **- gar**



**VESTMANNAEYJAGOSIÐ** Mikið gekk á í Heimaey árið 1973. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SVEFNSÓFA-SPRENGJA

**NÝTTU TÆKIFÆRIÐ**
**KOMDU STRAX**

## FINLEY SVEFNSÓFI með tungu



Stærð: 244x165 H: 85 cm
Dökkgrátt, grábrúnt og ljóst slitsterkt áklæði.

**TILBOÐ**
**SVEFNSÓFASPRENGJA**
**125.990**
**FULLT VERÐ KR.**
**179.990**



Svefnsvæði
140x190 cm



Með rúmfatageymslu í tungu.

## SILO SVEFNSÓFI
með tungu



Stærð: 228x162 H: 83 cm
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**TILBOÐ**
**SVEFNSÓFASPRENGJA**
**111.920**
**FULLT VERÐ KR.**
**139.900**



Svefnsvæði
140x190 cm



Með rúmfatageymslu í tungu.

## SIESTA SVEFNSÓFI



Stærð 192 x 85 cm. Rautt, grænn, fjólublátt og svartur slitsterkt áklæði. Stærð dýnu 147x197 cm. Rúmfatageymsla.

**TILBOÐ**
**SVEFNSÓFASPRENGJA**
**111.920**
**FULLT VERÐ KR.**
**139.900**

## MIAMI HORN-SVEFNSÓFI



Stærð: 240x225 H: 80 cm
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**TILBOÐ**
**SVEFNSÓFASPRENGJA**
**144.415**
**FULLT VERÐ KR.**
**169.900**

DORMA
– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Sjálfstæðismenn í skipulagsráði greiddu atkvæði gegn nýju deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar:

# Telja flugvallarnefnd munu verða hunsaða

**REYKJAVÍKURBORG** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulagsráði Reykjavíkur greiddu atkvæði gegn tillögu um nýtt deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar.

Sögðu sjálfstæðismenn formann nefndar sem finna á framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar hafa beðið um svigrúm til að ljúka þeirri vinnu áður en „pólitísk afskipti“ væru höfð af flugvallarsvæðinu.

„Því er gagnrýnivert að formaður borgarráðs sem og aðrir fulltrúar meirihlutans í borgarstjórn virðast samt leynt og ljóst enn vinna að þeirri stefnu að byggð muni rísa í Vatnsmýri og með því ýjað að því að niðurstaða nefndarinnar verði virt að vettugi.“

Fulltrúar meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar auk fulltrúa VG sögðu hins vegar nýja deiliskipulagið engin áhrif hafa á rekstur Reykjavíkurflugvallar. Skipulagið sé gert sem hluti af samkomulagi Reykjavíkurborgar, innanríkisráðuneytisins og Icelandair.

„Það er vandséð hvernig hægt er að túlka atkvæði gegn deiliskipulaginu sem stuðning við þá þverpólitísku sátt sem nú ríkir um framgöngu málsins,“ bókuðu fulltrúar flokkanna þriggja. - gar



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Meirihlutinn segir nýtt deiliskipulag samkvæmt samkomulagi við ríkið og Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

30% afsláttur
af öllum hjólum
árgerð 2013



Tilboð 49.995 kr.
Verð áður 75.995 kr.
Wheeler Pro 60
21 gíra • álstell • dömu og herra
WHEELER WORLDWIDE
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF
VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA



**BYGGJA** Bjóða á út fjölda verkefna í nýjum hverfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frágangsverkefni og stígar:

## Framkvæmt í nýjum hverfum

**REYKJAVÍK** Um 70 milljónir króna fara til frágangsverkefna og göngustíga í Úlfarsárdal og Reynisvatnsási. Verkefnið er eitt margra sem borgarráð hefur samþykkt að heimila umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út í nýbyggingarhverfum.

Þar á meðal fara 50 milljónir til verkefna í Úlfarsárdal, framkvæmt verður fyrir 20 í Reynisvatnsási og 10 í Norðlingaholti. Einnig verður framkvæmt í Fossvogi og í Breiðholti fyrir 15 milljónir króna. - ebg



**Á FUNDINUM** Ársfundur Seðlabanka Íslands var haldinn í húsakynnum bankans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bjarni kynnti áform um 45% skuldaþak

Fjármála- og efnahagsráðherra kynnti áform um aukinn aga í ríkisfjármálum á ársfundi Seðlabanka Íslands. Stefnt að því að árlegur halli ríkissjóðs fari ekki yfir 2,5 prósent. Horfur á að verðbólga haldist við markmið.

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin afgreiddi á fundi sínum í gær nýtt frumvarp um opinber fjármál sem á að stuðla að auknum aga við stjórn ríkisfjármála.

Með frumvarpinu er meðal annars stefnt að innleiðingu 45 prósenta skuldaþaks og því að árlegur halli ríkissjóðs fari ekki yfir 2,5 prósent. Þetta kom fram í ræðu Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, á ársfundi Seðlabanka Íslands í gær. Þar sagði hann lækkun skulda hins opinbera eitt helsta grunnstefið í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

„Lítið hagkerfi eins og okkar, sem er viðkvæmt fyrir utanaðkomandi sveiflum, þarf að setja sér metnaðarfull markmið um litla skuldsetningu og leggja áherslu á langtímasýn í opinberum fjármálum,“ sagði Bjarni.

Ráðherra benti einnig á að fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um fjármálastöðugleikaráð, formlegan vettvang stjórnvalda sem á að hafa yfirsýn yfir stöðu og þróun fjármálamarkaðar. Í frumvarpinu er einnig gerð tillaga um stofnun kerfisáhættunefndar sem á að undirbúa umfjöllun ráðsins.

Bjarni lagði áherslu á að með þessum breytingum væri ekki verið að hrófla við sjálfstæði Seðlabankans eða Fjármálaeftirlitsins. „Af fenginni reynslu hérlendis sem erlendis má ætla að áföll á fjármálamarkaði kalli á beina eða óbeina aðkomu ríkissjóðs. Er því nauðsynlegt að viðbrögð við slíkum áföllum verði undir forustu þess ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins,“ sagði Bjarni. „Verði þessi tvö frumvörp að lögum munu þau styrkja umgjörð efnahagsstjórnarinnar til framtíðar.“

Þá upplýsti Bjarni að til skoðunar væri í fjármálaráðuneytinu að vinna frumvarp til að setja ákveðna tímafresti á slitameðferð föllnu bankanna. Nái kröfuhafarnir ekki að ljúka nauðasamningum sé ekki annað að gera en fara með bú bankanna í hefðbundið gjaldþrot.

haraldur@frettabladid.is

## Már sagði verðbólgu geta aukist á ný



**MÁR GUÐMUNDSSON**

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á fundi bankans í gær að haldist gengi krónunnar tiltölulega stöðugt séu horfur á að verðbólga haldist við markmið þessa árs.

„Leggjast þar á eitt hagstæð verðbólguþróun það sem af er þessu ári, vísbendingar um að hækkun launakostnaðar hafi verið minni á síðustu misserum en áður var talið, að kjarasamningar sem náðust um áramótin og samrýmdust verðbólgumarkmiði virðast ætla að verða ráðandi varðandi flesta aðra kjarasamninga og að horfur eru á að alþjóðleg verðbólga verði á næstunni nokkru minni en áður var spáð,“ sagði Már.

Hann sagði að þegar litið væri til lengri tíma en árs gæti verðbólgan hins vegar aukist á ný þegar slakinn hyrfi úr þjóðarbúskapnum og áhrifa aukinna fjárfestinga og skuldalækkunaraðgerða ríkisstjórnarinnar fari að gæta.

AÐAL-
FUNDUR
VM
4. apríl 2014
að Grand Hótel
í Reykjavík
DAGSKRÁ:
- Kl. 17.00. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra
- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- Reikningar félagsins og sjóða
- Umræður um skýrslu og reikninga
- Kjör endurskoðenda
- Reglugerða- og lagabreytingar
- Ákvörðun stjórnarlauna
- Lýst kjöri stjórnar og varastjórnar VM í stjórnarkjöri 2014
- Kjör í nefndir og stjórnir sjóða
- Kjör í fulltrúaráð
- Önnur mál
Boðið verður upp á léttar veitingar að fundi loknum
- okkur er annt um þinn hag

netto
Kræsingar & kostakjör

# LÍFRÆNIR **ÁVEXTIR** &**GRÆNMETI** Á FRÁBÆRU VERÐI


Appelsínur


Epli


Sítrónur


Bananar


Sætar kartöflur


Perur


Lárperur


Kíví


Gulrætur


Tómatar


Hvítlaukur

fairtrasa®
*sustainable fair trade*

**www.netto.is**
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

## HEIMURINN




### Tyrkir ætla að loka á YouTube í kjölfarið á Twitter

**1** **TYRKLAND** Tyrknesk stjórnvöld bjuggu sig í gær undir að loka aðgangi að efnisveitunni YouTube, en fyrir stuttu var lokað aðgangi að Twitter. Evrópusambandið og Bandaríkin eru meðal þeirra sem hafa harðlega gagnrýnt lokun Twitter í Tyrklandi og fastlega má reikna með því að lokun YouTube verði gagnrýnd.

### Ólíkar frásagnir af fundi


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**2** **PÁFAGARÐUR** Barack Obama Bandaríkjaforseti dró upp allt aðra mynd af fundi sínum með Frans páfa en fulltrúar Páfagarðs. Hann lagði áherslu á að þeir hafi verið sammála um fátækt og ójöfnuð, en fulltrúar Páfagarðs lögðu áherslu á djúpstæðan ágreining hvað varðar fóstureyðingar og getnaðarvarnir.

### Hlé gert á leitinni að braki úr malasísku flugvélinni

**3** **MALASÍA** Vegna veðurs þurfti að gera hlé í gær á leitinni að braki úr malasísku farþegaþotunni sem hvarf fyrir þremur vikum. Nokkur hundruð hlutir hafa hins vegar sést á myndum úr gervitunglum af hafsvæðinu suðvestan Ástralíu, þar sem flest bendir til að vélin hafi hrapað í hafið. Aðstandendur bíða enn staðfestingar.

### Æstur múgur réðst á hjálparstarfsfólk í vesturhluta Búrma

**4** **BÚRMA** Æstur múgur manna, með búddamunka í fararbroddi, réðst í gær á skrifstofur og íbúðir alþjóðlegra hjálparstarfsmanna í vesturhluta Búrma. Í kjölfarið var ákveðið að nærri allt starfsfólkið myndi forða sér af svæðinu. Sumir biðu þó átekta en fengu lögregluvernd.

# Hið opinbera sagt vinna gegn stefnu SÍ

**ASÍ segir birta til í hagkerfinu þó blikur séu á lofti. Óvissa sé um stefnu í peningamálum og óvíst hvort höftum verði aflétt. Stefnan þýði hærri vexti og minni fjárfestingu.**



**BIRTIR TIL** ASÍ segir hagvöxt drifinn áfram af einkaneyslu í stað verðmætasköpunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**EFNAHAGSMÁL** Það birtir til í hagkerfinu samkvæmt nýrri hagspá hagdeildar ASÍ. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði 3,2 til 3,5 prósent fram til ársins 2016.

„Hagur heimilanna er að vænkast, kaupmáttur eykst og skuldalækkunaráform ríkisstjórnarinnar koma til með að bæta stöðu heimilanna með því að ráðstöfunartekjur þeirra aukast. Við sjáum líka bata á vinnumarkaði, störfum fjölgar og dregur úr atvinnuleysi,“ segir Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildarinnar, í samtali við Fréttablaðið.

ASÍ segir að þó að birti til séu blikur á lofti. Fjárfestingar séu enn nálægt sögulegu lágmarki en ASÍ áætlar að fjárfesting verði aðeins 17,8 prósent af landsframleiðslu árið 2016. „Áhyggjuefnið er að verðbólga er að aukast, hún verður hófleg á þessu ári en fer upp undir fjögur prósent á næsta ári. Það sem er að gerast í hagkerfinu er að við erum að fá hagvöxt sem er drifinn áfram af einkaneyslu. Of lítill hluti hagvaxtarins er drifinn áfram af fjárfestingu eða framtíðarverðmætasköpun,“ segir Ólafur Darri.

ASÍ segir áform skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar einnig hafa áhrif, þau auki ráðstöfunartekjur og hreina eign heimilanna og hafi áhrif á væntingar þeirra. Þannig leiði aðgerðin til aukinnar neyslu.

ASÍ segir aðgerðinni ætlað að ná til fjölda heimila sem hvorki séu í skulda- né greiðsluvanda og því megi búast við að þau nýti sér svigrúmið sem aðgerðin skapi þeim til að auka neyslu sína.

ASÍ gerir ráð fyrir að á næstunni verði vöxtur innflutnings hraðari en vöxtur útflutnings sem dragi úr nauðsynlegum afgangi af viðskiptum við útlönd.

Enn fremur séu augljós veikleikamerki í kerfinu. Stjórnvöld hafi lagt áherslu á að útiloka aðra kosti í gjaldmiðlamálum en íslenska krónu, óvissa ríki um framtíðarstefnu í peningamálum, krónan sé í höftum og óvíst hvort eða hvenær þeim verði aflétt. Minni afgangur af viðskiptum við útlönd og óvissa setji þrýsting á gengi krónunnar til lækkunar sem skili sér fljótt út í verðlag. Fjármál hins opinbera vinni þannig gegn peningastefnunni sem kalli á hærri vexti og þessir veikleikar dragi úr vexti fjárfestinga.

„Við höfum áhyggjur af því að við séum á þeim stað í hagsveiflunni þar sem við ættum að sjá hag okkar batna. Því skiptir miklu máli að stíga varlega til jarðar og sýna skynsemi við stjórn efnahagsmála,“ segir Ólafur Darri.

fanney@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
**3.080.000,-**

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,4 — Eyðsla frá 4,4 l/100 km
114g — $CO_2$ frá 114 g/km
ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is


Fegurðin kemur að innan
BLUE LAGOON
ICELAND
Döðlur.

Rannsókn í Danmörku:

# Brottfall vegna hassreykinga

**DANMÖRK** Annar hver nemandi í Danmörku sem hættir í framhaldsskóla og verkmenntanámi reykir hass. Þetta er vandi sem ekki hefur verið í umræðunni um brottfall, að því er segir í skýrslu sem danskir fjölmiðlar greindu frá í gær.

Allt að tíu prósent danskra ungmenna reykja hass í svo miklum mæli að það kemur niður á menntun þeirra.

Viðskipti með hass fara fram nálægt flestum framhaldsskólum í Danmörku. **- ibs**

Vaðlaheiðargöng í Eyjafirði eru nú 2.022 metra löng sem er um 28 prósent af heildarlengd þeirra:

# Heitt vatn í sprungum tefur gangagröft

**SAMGÖNGUR** Um fimmtíu gráða heitt vatn sem kemur úr sprungum í Vaðlaheiðargöngum hægir enn á gangagrefti. Verktakar Ósafls hafa undanfarnar vikur þurft að þétta berg í kringum nokkur sprungusvæði í göngunum.

„Við erum einungis að sprengja tíu til fimmtán metra í einu og svo er sementi með íblöndunarefnum dælt ofan í sprungurnar,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf.

Göngin eru nú 2.022 metra löng sem er um 28 prósent af heildarlengd þeirra. Verktakarnir komu fyrst að heitu vatni þegar göngin voru 1.900 metra löng.

„Við skiptumst á að sprengja og þétta berg. Svona mun þetta ganga þangað til við komumst fram hjá þessum sprungusvæðum,“ segir Valgeir.

Fyrsta sprungan kom í ljós í febrúar og vatn úr henni myndar nú talsverða gufu við gangamunnann og hita og raka innar í göngunum.

„En það eru ágætis aðstæður innst inni í göngunum og verða það svo lengi sem við fáum ekki meira vatn við stafninn.“

Valgeir segir að vinna Fnjóskadalsmegin hefjist að öllum líkindum í maí.

„Þá verður snjórinn vonandi farinn. Ef ekki þá tefst þetta eitthvað því menn ætla ekki að eyða tíma í að moka snjó,“ segir Valgeir. **- hg**



**Í GÖNGUNUM** Vaðlaheiðargöng stytta vegalengdina milli Akureyrar og Húsavíkur um sextán kílómetra. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

**KATLA FUND**
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002
(the “SICAV“)

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA FUND to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 17 April 2014 at 10.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2013
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Renewal of the mandate of the approved statutory auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.









**OCULUS** Spenntur tölvuleikjaaðdáandi prófar Oculus á ráðstefnu í Las Vegas. MYND/AP

# Mark Zuckerberg veðjar á Oculus

Samfélagsmiðillinn Facebook hefur keypt fyrirtækið Oculus fyrir 220 milljarða króna. Oculus þróar sýndarveruleikatæki sem er ætlað fyrir tölvuleikjamarkaðinn.

**NEW YORK, AP** Facebook keypti nýlega fyrirtækið Oculus sem hefur þróað sýndarveruleikatæki sem er ætlað fyrir tölvuleikjamarkaðinn. Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, sér mikla möguleika í fyrirtækinu, sem hann keypti á yfir 220 milljarða króna.

„Farsímar eru tæki nútímans en núna erum við að setja okkur í stellingar fyrir vettvang framtíðarinnar. Mér finnst langmest spennandi sú tækni sem snýst um sjónræna þáttinn eða að breyta því sem þú sérð yfir í kraftmikla upplifun,“ sagði Zuckerberg. „Með þessum samningi er verið að veðja til langs tíma á framtíð tölvutækninnar. Ég tel að Oculus gæti verið einn slíkur vettvangur.“

Oculus hóf starfsemi sína eftir hópsöfnun á vefsíðunni Kickstarter. Fyrirtækið hefur enn ekki sett neina vöru á markað en hefur þess í stað þróað sýndarveruleikatæki sem hefur vakið mikið umtal í tölvuleikjasamfélaginu. Sumir velta fyrir sér hvort Zuckerberg sé orðinn viti sínu fjær með því að eyða 220 milljörðum króna í kaup á fyrirtækinu innan við fimm vikum eftir að hann festi kaup á farsímaforritinu WhatsApp á yfir tvö þúsund milljarða króna. Engu að síður er ljóst að hann er farinn að hugsa langt fram í tímann varðandi tækniþróun og virðist ætla sér að gera Facebook að meira en bara samfélagsmiðli. Gaman verður að sjá hvort þetta skrítna tæki, Oculus, eigi eftir að festa sig í sessi í framtíðinni eins og Zuckerberg gerir sér vonir um.

**freyr@frettabladid.is**

## „Oculus Rift“ – sýndarveruleikatæki

**Oculus VR er fremst í röð þeirra sem eru að þróa sýndarveruleikatæki fyrir tölvuleiki sem ekki kostar of mikið. Með hjálp tækisins eiga spilararnir að sogast inn í leikinn.**




## Ánægður með áhuga Facebook

Íslenska tölvuleikjafyrirtækið CCP hefur verið í samstarfi við Oculus um sýndarveruleikaútgáfu leiksins Eve: Valkyrie. Aðspurður segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, fullsnemmt að gefa út um það hvort kaup Facebook á Oculus muni hafa einhverja þýðingu fyrir CCP.

„Við erum ánægðir með að risastórt fyrirtæki eins og Facebook sýnir þessu tækniundri þennan áhuga. Það er gott að fleiri deila þessum áhuga,“ segir Hilmar Veigar og bætir við að „þetta sýndarveruleikafyrirbæri“ sé að verða sífellt mikilvægara. Hann kveðst ekki geta greint frá því hvenær EVE: Valkyrie er væntanlegur í samstarfi við Oculus.

Marc „Notch“ Persson, höfundur tölvuleiksins Minecraft, hefur aftur á móti engan áhuga á að vinna með Facebook. Eftir að tilkynnt var um kaup fyrirtækisins á Oculus hætti hann við áætlun um að gefa út sýndarveruleikaútgáfu af Minecraft í gegnum Oculus. Ástæðan sem hann gaf upp var sú að hann treysti ekki Facebook.



**Á SELFOSSI** Héraðsdómur Suðurlands er á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Fær skilorðsbundinn dóm:

# Reyndi að skila límbandsrúllu

**DÓMSTÓLAR** Kona hlaut 30 daga skilorðsbundinn fangelsisdóm í Héraðsdómi Suðurlands í gær fyrir tilraun til fjársvika og blekkinga.

Konan tók límbandsrúllu að verðmæti 599 krónur úr hillu í versluninni Shell við Austurmörk í Hveragerði, fór með hana að afreiðsluborði og reyndi að blekkja afgreiðslumann til þess að skipta henni fyrir aðra vöru. Þegar konunni var neitað um skiptin fór hún með rúlluna ógreidda út úr versluninni.

Konunni, sem játaði fyrir dómi, var jafnframt gert að greiða sakarkostnað upp á 110 þúsund krónur. **- hrs**



**BRETTASTRÁKAR** Fleiri snjóflóð falla vegna aukinnar umferðar skíðafólks utan alfaraleiða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fleiri ferðast að vetri til:

# Snjóflóðum af mannavöldum fer fjölgandi

**NÁTTÚRUVÁ** Fleiri snjóflóð féllu af mannavöldum í fyrra en nokkru sinni fyrr. Í ár hafa þegar mörg flóð fallið af sömu sökum, sem rekja má til stóraukinnar vetrarferðamennsku utan alfaraleiða.

Vegagerðin, leiðsögumenn og fleiri vinna að viðbrögðum við þessari hættu. Vegna þessa hóf líka snjóflóðaavakt Veðurstofunnar að birta snjóflóðaspár á vef sínum í fyrra.

Ferðamenn sluppu yfirleitt ómeiddir í fyrra utan þess að leiðsögumaður slasaðist alvarlega í flóði í Ólafsfjarðarmúla í apríl. Það er einkum fjölgun skíðafólks, vélsleðamanna, göngufólks, ísklifrara og síðast en ekki síst snjóbrettafólks sem veldur auknu álagi á snjóþekjuna, en við það geta snjóflóð farið af stað. **- gs**



**VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN** Atvinnuþátttaka mældist 79,1 prósent í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

7.700 voru atvinnulausir:

# 4,2 prósent án vinnu í febrúar

**EFNAHAGSMÁL** Í febrúar síðastliðnum voru að jafnaði 7.700 manns án vinnu og í atvinnuleit, að því er fram kemur í nýrri vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

Að jafnaði voru í mánuðinum 181.400 manns á vinnumarkaði og af þeim 173.700 starfandi. „Atvinnuþátttaka mældist 79,1 prósent, hlutfall starfandi 75,7 prósent og atvinnuleysi var 4,2 prósent," segir á vef Hagstofunnar. **- óká**

# BIRTING LÝSINGAR

HB GRANDI

**Útgefandi: HB Grandi hf.,**
**kennitala 541185-0389,**
**Norðurgarður 1, 101 Reykjavík.**

HB Grandi hf. („HB Grandi") birti lýsingu þann 27. mars 2014, í tengslum við almennt útboð á hlutum í félaginu og ósk stjórnar félagsins um að öll útgefin hlutabréf í HB Granda verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 27. mars 2014, gefin út á íslensku og birt á vefsíðu félagsins, http://www.hbgrandi.is/Um-HB-Granda/Fjarfestar.

Lýsinguna má nálgast hjá félaginu næstu 12 mánuði, en hún er gefin út rafrænt á vefsíðu félagsins. Lýsinguna má einnig nálgast á vefsíðu Arion banka hf., umsjónaraðila almenna útboðsins, á vefsíðunni www.arionbanki.is. Frá 31. mars 2014 má jafnframt nálgast innbundin eintök lýsingarinnar hjá HB Granda á Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í HB Granda nemur 1.822.228.000, en þar af á félagið eigin hluti sem nema 0,47% af heildarfjölda hlutanna. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru í sama flokki og jafn rétthair. Hlutir í félaginu eru gefnir út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Auðkenni hlutanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. er GRND og ISIN númer þeirra er IS0000000297. Óskað er eftir því að GRND verði auðkenni hlutabréfanna í kerfum NASDAQ OMX Iceland hf.

**Almennt útboð 7. - 10. apríl 2014**

Arion banki hf., Vogun hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. hyggjast selja þegar útgefna hluti í HB Granda í almennu útboði sem fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með. Stærð útboðsins nemur 27% af útgefnum hlutum, nánar tiltekið 492.001.560 hlutum. Arion banki hf. áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 583.112.960 hluti eða sem samsvarar 32% af áður útgefnu hlutafé. Á vefsíðu umsjónaraðila útboðsins, www.arionbanki.is, verður tekið við áskriftum frá og með mánudeginum 7. apríl 2014 klukkan 16.00 til og með fimmtudeginum 10. apríl 2014 klukkan 16.00. Lágmarksáskrift er að andvirði 100 þúsund krónur. Fjárfestum er boðið upp á tvær áskriftarleiðir, eða svokallaðar tilboðsbækur. Ákvörðun á verði þeirra hluta sem seldir verða í útboðinu verður ekki með sama hætti í báðum tilboðsbókum útboðsins. Í tilboðsbók A óska seljendur eftir áskriftum á verðbilinu 26,6-32,5 krónur á hlut. Eftir lok áskriftartímabilsins munu seljendur ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi til allra kaupenda sem þátt tóku í tilboðsbók A, en það mun verða á framangreindu verðbili. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 26,6 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða hærra en endanlegt útboðsgengi í tilboðsbók A. Gert er ráð fyrir að bjóða samtals 8,50% af útgefnum hlutum í tilboðsbók A og 18,50% í tilboðsbók B. Hyggst Arion banki hf. selja 20% í útboðinu (6,30% í tilboðsbók A og 13,70% í tilboðsbók B), en áskilur sér rétt til að auka það í 25%. Hyggst Vogun hf. selja 4,3% (1,35% í tilboðsbók A og 2,95% í tilboðsbók B). Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. hyggst selja 2,7% (0,85% í tilboðsbók A og 1,85% í tilboðsbók B). Seljendur áskilja sér rétt til að ákvarða hvernig stækkun útboðsins, ef til kemur, verður ráðstafað milli tilboðsbóka A og B.

Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri HB Granda kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Seljendur áskilja sér rétt til að falla frá útboðinu ef NASDAQ OMX Iceland hf. hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í HB Granda verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 30. júní 2014. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá útboðinu hvenær sem er, fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í HB Granda verði tekin til viðskipta, ef upp koma einhverjir þeir áhrifaþættir sem seljendur telja að gefi tilefni til þess, svo sem sérlega neikvæð þróun á efnahagsumhverfi og/eða verðbréfamarkaði á Íslandi.

Niðurstöður útboðs verða birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi mánudaginn 14. apríl 2014. Stjórn HB Granda mun óska eftir að öll útgefin hlutabréf í HB Granda verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun NASDAQ OMX Iceland hf. fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá að hlutirnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði og samhliða úr viðskiptum á First North markaðstorgi. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

**Nánari upplýsingar**

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með almenna útboðinu og því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Nánari upplýsingar um félagið og skilmála almenna útboðsins má finna í lýsingu HB Granda.

Reykjavík, 27. mars 2014

Stjórn HB Granda hf.

Arion banki




PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535




PEUGEOT

Þú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

Fleiri nýskráningar í febrúar:

## Gjaldþrotum fjölgar um 22%

**VIÐSKIPTI** Alls 96 fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskipta í febrúar samanborið við 79 fyrirtæki í sama mánuði 2013. Það er aukning um tæp 22 prósent.

Flest gjaldþrot tengdust fyrirtækjum í heild- og smásöluverslun eða þeim sem sinna viðgerðum á vélknúnum ökutækjum, samkvæmt frétt á vef Hagstofu Íslands. Þar segir einnig að 162 einkahlutafélög hafi verið nýskráð í febrúar en 149 félög á sama tíma árið 2013. - hg

Verðbólgumarkmið Seðlabankans í höfn næsta kastið að mati Greiningar:

## Verðbólgan komin í 2,2 prósent

**EFNAHAGSMÁL** Tólf mánaða verðbólga mælist 2,2 prósent í þessum mánuði, samkvæmt nýrri mælingu Hagstofu Íslands. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,24 prósent frá fyrra mánuði.

Bent er á í umfjöllun Hagstofunnar að vetrarútsölum sé lokið og verð á fötum og skóm hafi hækkað um 3,9 prósent (0,19 prósenta áhrif á vísitöluna). Á móti komi að verð á bensíni og olíum hafi lækkað um 2,2 prósent, sem lækki verðbólguvísitöluna um 0,12 prósent.

„Verðbólgumarkmið Seðlabankans virðist í höfn næsta kastið,“ segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. Núna hafi verðbólga, annan mánuðinn í röð, mælst undir 2,5 prósenta markmiði bankans. „Og útlit er fyrir að verðbólgan verði á svipuðum slóðum fram eftir ári.“

Greiningardeild Arion banka segir einnig rólegt fram undan, helst að húsnæðisliður vísitölumælingarinnar muni eitthvað hækka. - óká

### ➜ Verðbólguþróunin

| Tímabil | 12 mánaða verðbólga |
|---|---|
| Mars 2014 | 2,2% |
| Febrúar 2014 | 2,1% |
| Janúar 2014 | 3,1% |
| Desember 2013 | 4,2% |
| Nóvember 2013 | 3,7% |
| Október 2013 | 3,6% |
| September 2013 | 3,9% |
| Ágúst 2013 | 4,3% |
| Júlí 2013 | 3,8% |
| Júní 2013 | 3,3% |
| Maí 2013 | 3,3% |
| Apríl 2013 | 3,3% |
| Mars 2013 | 3,9% |

*Heimild: Hagstofa Íslands.*

Aðstoð aukin í Danmörku:

## Tekið á brottnámi barna

**DANMÖRK** Foreldrar barna, sem hafa verið numin á brott frá Danmörku, geta nú leitað til sérstakrar miðstöðvar til að fá aðstoð og ráðgjöf á einum stað. Foreldrar barna sem eiga á hættu að vera numin á brott geta einnig leitað til miðstöðvarinnar, að því er segir í frétt danska ríkisútvarpsins.

Alls eru 60 til 70 prósent mála sem snerta brottnumin börn sögð leysast innan árs. 46 slík mál eru nú í gangi. - ibs

Óvenjulegt umferðaróhapp:

## Bíll á hvolfi í Hafnarfirði

**LÖGREGLUMÁL** Þá sem áttu leið um Hringbraut í Hafnarfirði seint á þriðjudagskvöld rak eflaust í rogastans að sjá þar rauðan fólksbíl af tegundinni Subaru Impreza á hvolfi á götunni.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Hafnarfirði var bíllinn á leið upp Hringbrautina þegar eitthvað brotnaði í hjólabúnaðinum sem varð til þess að ökumaðurinn missti stjórn á bílnum. Við það þeyttist hann utan í kyrrstæðan bíl og fór á hvolf. Tveir voru í Subarubifreiðinni en þá sakaði ekki. Bíllinn er talinn ónýtur.

Að sögn lögreglunnar er litið á atvikið sem hvert annað óhapp, þótt vissulega hafi það verið í óvenjulegri kantinum. - fb

Rangfærslur frá N-Kóreu:

## Ofsögum sagt af klippingunni

**N-KÓREA** Ekkert virðist vera hæft í sögum frá Norður-Kóreu um að Kim Jong Un leiðtogi hafi gert karlkyns háskólanemum í landinu skylt að láta klippa sig eins og hann: nefnilega snoðklippt upp með hliðunum.



KIM JONG UN

Tröllasögur frá þessu landi virðast eiga auðvelt uppdráttar, enda erfitt að fá staðfestingu á því hvort eitthvað sé í raun til í þeim.

Fréttastofan NK News, sem sérhæfir sig í fréttum frá Norður-Kóreu, hefur kannað málið og segir að á götum Pjongjang, höfuðborgar Norður-Kóreu, sjáist þess engin merki að karlmenn hafi fylgt slíkum fyrirmælum, hafi þau verið gefin út. - gb

# „Brjálæðislegar“ útfærslur hvítbókar ekki uppi á borði

Orkumálastjóri segir að þó rekja megi tiltekna virkjanakosti til gamalla gagna þýði það ekki að útfærsla þeirra standi óbreytt. Stofnunin getur ekki skilgreint virkjanakosti nákvæmlega því reglugerð hefur ekki verið sett.

**ORKUMÁL** „Þó við nefnum virkjanakosti eins og Selá og Hofsá þá er ekki þar með sagt að við séum að tala um sömu útfærslur og eru í bókinni,“ segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri, spurður um hvort 20 ára gömul skýrsla iðnaðarráðuneytisins um innlendar orkulindir til vinnslu raforku sé nothæf til skilgreiningar virkjunarkosta árið 2014.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, setti fram hvassa gagnrýni á Alþingi á þriðjudag á marga virkjanakosti sem Orkustofnun lagði fyrir verkefnastjórn til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar fyrr í þessum mánuði. 27 þeirra eru „nýir“ og þeir vænlegustu að mati Orkustofnunar sem birtir voru í skýrslunni, eða Hvítbók iðnaðarráðuneytisins öðru nafni, frá árinu 1994. Nokkrar virkjanahugmyndirnar kallaði Steingrímur „brjálæðislegar“ í þingræðunni og tiltók mismunandi útgáfur af virkjun Hvítár, með eða án Gullfoss, sem dæmi um að gögnin væru með öllu ónothæf.

Guðni segir jafnframt að „þessar hugmyndir sem settar eru fram eru fram eru fyrst og fremst hvar megi virkja og fá út rafmagn. Síðan geta þessar hugmyndir lent í verndarflokki. En það er þá verkefnastjórnarinnar að vinna það mál,“ segir Guðni og ítrekar það sem komið hefur fram að litið hafi verið til þess hvar er bágborið raforkuöryggi; öryggi fólks og atvinnutækja, við val virkjanakosta. „Þess vegna teljum við ástæðu til að skoða þessa virkjunarkosti,“ segir Guðni. Hann bætir við að Orkustofnun sé nokkur



**Gagnrýnin kemur frá alþingismönnum en það er auðvitað sama fólkið og setti lögin um þetta eigi að vera svona.**

*Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri.*

vandi á höndum við að lýsa virkjunarkostum þannig að þeir teljist skilgreindir með fullnægjandi hætti.

Guðni vísar þarna til þess að samkvæmt lögum fékk Orkustofnun það hlutverk að meta hvort virkjunarkostur sé nægilega skilgreindur til þess að verkefnisstjórn taki hann til umfjöllunar. „Í þessari sömu lagagrein [9.gr. laga nr. 48/2006; tóku að fullu gildi 14. janúar 2013] kemur fram, að nánar skuli fjallað um lýsingu á fyrirhugaðri virkjun í reglugerð, en sú reglugerð hefur enn ekki verið sett,“ segir í bréfi stofnunarinnar til verkefnisstjórnar 10. mars.

Steingrímur gagnrýndi einnig að virkjanakostir sem eru í verndarflokki eftir vinnu 2. áfanga skuli enn vera til umfjöllunar. Guðni segir það einfaldlega markast af lögunum. „Gagnrýnin kemur frá alþingismönnum en það er auðvitað sama fólkið og setti lögin um að þetta eigi að vera svona. Þeim hefði verið í lófa lagið að segja að svo væri ekki,“ segir Guðni.

svavar@frettabladid.is



**FRÁ SELÁ** Hugmynd Hvítbókar frá 1994 var að veita 40% af vatni Selár yfir í Hofsá vegna Hofsárvirkjunar. MYND/ORRIVIGFÚSSON

### Fjórar útgáfur – með eða án Gullfoss

„Vita menn hvað er í þessari bók? Það eru fjórar mismunandi útgáfur t.d. af virkjun Hvítár, með eða án Gullfoss. Þannig er þessi bók. Það eru brjálæðislegar hugmyndir um að tæta niður fjölmargar fallegustu laxveiðiár landsins, t.d. að veita vatni úr fjórum laxveiðiám í Þistilfirði og á Langanesströnd yfir í eina þeirra, þurrka upp sumar þeirra, taka vatn úr Selá og Vesturdalsá og skutla því vestur í Hofsá. Það eru tillögurnar í þeirri bók sem Orkustofnun notar sem röksemdir fyrir því að tína út úr henni ýmsar brjálæðislegar 20 ára gamlar hugmyndir um virkjanir af því tagi.“

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna




HEIÐUR BJÖRNSDÓTTIR

Hefur ræktað mat- og kryddjurtir til eigin nota árum saman. Á þessu vinsæla námskeiði kennir hún hve auðvelt það er, kunni menn réttu handtökin.

RÆKTUN MATJURTA OG KRYDDJURTA

MEÐ LÍTILLI FYRIRHÖFN

Tvö námskeið í boði: 2. & 9. apríl 6.900 kr.

NÁMSKEIÐ

Kennd eru grundvallaratriði ræktunar svo nemendur öðlist þá þekkingu og sjálfstraust sem þarf til að rækta allt það sem hugurinn girnist. Námskeiðið nýtist jafnt byrjendum sem lengra komnum.

- Sáning og forræktun mat- og kryddjurta
- Hvernig plantað er út
- Ræktun í ílátum og beðum
- Hvernig útbúa á matjurtagarð
- Hvernig má fá uppskeru allt sumarið
- Hvaða jurtir eru fjölærar
- Ræktun jarðarberja og hindberja
- Námskeiðsgögn innifalin

Nánari upplýsingar og skráning: heidur.bjornsdottir@gmail.com og í síma 6187559.

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 19:30 – 22:30



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979


Rúmanýting sögð komin langt yfir eðlileg mörk:

## Allar deildir yfirfullar á Landspítalanum

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn er yfirfullur og rúmanýting komin vel yfir 100 prósent. Í tilkynningu frá spítalanum segir að á þessu sé engin ein skýring heldur séu vandamálin margvísleg.

Vegna vandans munu fulltrúar úr framkvæmdastjórn spítalans koma saman daglega þangað til ástandið er komið í viðunandi horf. Viðbótarstarfsfólk hefur verið kallað til á bráðadeildum og legudeildum. Þar sem allar deildir eru fullar, að meðtöldum bráðadeildum og gjörgæsludeildum, var ákveðið að fresta aðgerðum og rannsóknum, bæði varðandi skurðlækningar og lyflækningar.

Einnig verður leitast við að flýta blóðrannsóknum á legudeildum til þess að greiða fyrir útskriftum.



**LANDSPÍTALI** Fólk er beðið um að leita fremur til heilsugæslu og Læknavaktar en Landspítala, nema brýna nauðsyn beri til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðmiðið um æskilega rúmanýtingu á Landspítalanum og öllum sambærilegum sjúkrahúsum í heiminum er 85 prósent. Þetta viðmið er aðeins 60 prósent á gjörgæsludeildum. - shá

# -25%

## af öllum leikföngum*

* Á ekki við um gjafakort.



# AÐEINS ÞENNAN EINA LAUGARDAG

**29.03.2014**

**ÓTAKMARKAÐUR SKILARÉTTUR**
VIÐ SKIPTUM ALLTAF VÖRUM
– ÞÚ ÞARFT BARA AÐ TAKA MEÐ
KVITTUNINA OG VÖRUNA Í
UPPRUNALEGUM UMBÚÐUM.

**FRÉTTABRÉF**
SKRÁÐU ÞIG Á WWW.TOYSRUS.IS
OG FÁÐU SEND TILBOÐ, FRÉTTIR
OG KEPPNIR Á UNDAN ÖÐRUM.

ToysRus

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Þetta tilboð gildir aðeins 29.03.2014. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.




**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Reksturinn**

Einu sinni höfðu allir hlutir verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. Skoðaðu þitt dæmi með reiknivél Varðar á **vordur.is**




VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

vörður

Verkfall framhaldsskólakennara:

# 25 þúsund manns skaðast í verkfalli

Vonandi og væntanlega verður fljótlega samið í verkfalli framhaldsskólakennara. Niðurstaðan verður á þá leið að flestir telja sig geta lifað með henni en fórnarkostnaðurinn er þegar orðinn mikill. Um 25 þúsund manns, námsmenn, bera ómældan skaða af verkfallinu. Sumir munu verða að svokölluðu „brottfalli“ og fyrirliggjandi er að framtíðaráætlanir fjölmargra eru í uppnámi.




**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is


Það er alltaf hægt að semja og það verður á endanum samið. Við vitum það öll að það fer ekki svo að framhaldsskólakennarar muni aldrei snúa aftur til vinnu. Innan einhverra vikna verður boðið upp á rjómavöfflur í Karphúsinu í tilefni þess að búið er að skrifa undir samning sem hefði allt eins verið hægt að skrifa undir í síðustu viku. Í því ljósi er þetta einhvers konar leikrit.

Því miður eru fleiri slíkar uppfærslur á leið á fjalirnar. Háskólakennarar boða verkfall 25. apríl en í Háskóla Íslands eru 14 þúsund nemendur. Þá er ekki mikil bjartsýni um að það takist að semja við grunnskólakennara en yfir 40 þúsund börn eru í grunnskólum landsins. Samningur við leikskólakennara rennur út 30. apríl en leikskólabörn eru um 20 þúsund.

Verkföll í skólum landsins snerta allar fjölskyldur í landinu. Verkfall er vopn sem félög geta beitt til að þvinga stjórnvöld til að borga hærri laun. Starfsmenn ríkis og bæja á Íslandi eru óánægðari með kjör sín en aðrir og erfiðara virðist að finna lausn á kjaradeilum þar en á almennum vinnumarkaði. Þannig eiga opinberir starfsmenn um helming allra verkfallsdaga á Íslandi síðustu fjörutíu ár en þeir eru varla fjórðungur vinnuaflsins hér á landi.

Nemendur á Íslandi eiga sér langa verkfallasögu. Grunnskólakennarar fóru síðast í verkfall 2008 og stóð það verkfall í átta vikur. Ríkisstjórnin setti á endanum lög sem þvinguðu samningsaðila til að semja ellegar myndi Hæstiréttur skipa þriggja manna gerðardóm sem myndi ákveða kaup og kjör kennara. Samningar náðust fljótlega upp úr því og gerðardómur þurfti því aldrei að láta til sín taka.

Kennaraverkföll eru okkur sem samfélagi alltof dýrkeypt. Við megum ekki láta þetta verkfall dragast á langinn og hljótum að gera þá kröfu að samið verði sem fyrst. Við vitum að menn munu að lokum ná saman; samningsþófið er óþolandi. Þeir sem við samningaborðið sitja mega ekki láta persónulegt stolt og úrsérgengna samningstækni sem alltaf kemur upp við slíkar aðstæður verða Þránd í Götu.

Verkföll eru þess eðlis að þau vekja athygli á mikilvægi þeirra sem leggja niður störf. Mikilvægi kennarastéttarinnar fer ekkert á milli mála. Það liggur ljóst fyrir.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þær voru sammála**

Sá sögulegi atburður varð á Alþingi í gær að þingkonurnar Vigdís Hauksdóttir og Birgitta Jónsdóttir urðu sammála. Meira að segja svo sammála að Birgittu varð að orði að ræða Vigdísar hefði verið sú ræða sem Birgitta sjálf ætlaði að halda. Vigdís hafði haldið ræðu um skatttekjur af ferðamönnum og sagði tímabært að endurskoða þá ákvörðun að aðilar í ferðaþjónustu greiddu lægri virðisaukaskatt en aðrar atvinnugreinar í landinu.

**Ráðherra einstakra framleiðanda**

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, spurði landbúnaðarráðherra enn og aftur um tollamál. Hún vakti athygli hans á fréttum af ofurtollum á franskar kartöflur og kartöfluflögur og spurði ráðherrann hvort hann væri ekki sammála því að þeir væru óréttlátir og hvað hann ætli að gera í málinu. Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra svaraði spurningu Brynhildar hins vegar engan veginn, heldur ræddi tollvernd almennt sem notuð væri til að verja innlenda framleiðslu. Fréttaflutningur um franskar og snakk hefur einmitt snúið að því að framleiðslan fari aðeins fram í einu eða tveimur fyrirtækjum, og hreint ekki úr íslensku hráefni. Það virðist lítið trufla ráðherra Þykkvabæjarmála.





**Kveðjuræðan?**

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hélt ræðu á ársfundi bankans í gær. Undir lok ræðunnar þakkaði hann starfsfólki bankans fyrir góð störf á undanförnum árum. Þá þakkaði hann einnig hinum margvíslegu samstarfsaðilum bankans fyrir samvinnuna. Það er óhjákvæmilegt að velta því fyrir sér hvort Már hafi þarna verið að kveðja.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR





FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







# Nýir tímar í húsnæðismálum

HÚSNÆÐI




**Ármann Kr. Ólafsson**

bæjarstjóri Kópavogs


Í bæjarstjóratíð minni hef ég vakið athygli á því að ýmislegt þyrfti að gera til þess að bregðast við því ástandi sem nú er á húsnæðismarkaðnum.

Ég hef lagt áherslu á að við ættum að horfa á lausnir sem gera fólki kleift að eignast sitt eigið húsnæði og lagst gegn því að lausnin felist í því að sveitarfélagið komi að rekstri leigufélaga.

Margt þarf að koma til og nú hefur það loksins gerst undanfarna daga að breytingar til hins betra fyrir íbúðakaupendur hafa litið dagsins ljós.

Fyrsta frétt þessa efnis barst í síðustu viku þegar fram kom að búið væri að breyta byggingarreglugerðinni sem stuðlar að mun meiri sveigjanleika við gerð íbúðarhúsnæðis. Breytingin gefur hönnuðum aukið frelsi til þess að hanna og byggja með hagkvæmum hætti. Þetta er fagnaðarefni og nú er það hlutverk okkar sveitarstjórnarmanna að tryggja það að skipulagið taki mið af þessum breytingum svo góðar hugmyndir fái notið sín í þeim tilgangi að byggja húsnæði sem unga fólkið hefur efni á.

Þá kynnti fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, nýjan möguleika fyrir þá sem stefna á að kaupa sína fyrstu íbúð. Með séreignarsparnaði gefst þeim hópi möguleiki á að spara til íbúðarkaupa án þess að greiddur sé skattur af sparnaðinum. Þetta er mjög jákvætt og ýtir undir ráðdeild hjá ungu fólki og byggir það upp fjárhagslega fyrir framtíðina.

**➜ Þá hyllir undir það að opnað verði á nýja möguleika til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði þegar nýir kostir til fjármögnunar verða teknir upp.**

Þá hillir undir það að opnað verði á nýja möguleika til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði þegar nýir kostir til fjármögnunar verða teknir upp. Gangi þeir eftir geta opnast nýir möguleikar fyrir sveitarfélögin til að aðstoða ungt fólk og þá sem höllustum fæti standa við að komast í sitt eigið húsnæði.

Jafnframt gæti þetta opnað á þann möguleika að þeir sem nú þegar eru í leiguhúsnæði hjá bænum geti keypt það og þannig átt sitt eigið húsnæði á efri árum.

Að öllu samanlögðu þá verður auðveldara fyrir ungt fólk að eignast sitt eigið húsnæði, því ber að fagna.

# Pútínisminn

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Forseti Íslands skammaði norskan aðstoðarráðherra fyrir að hafa notað fund á vegum Norðurskautsráðsins til að fordæma framgöngu Rússlands gagnvart Úkraínu. Norðurskautsráðið væri ekki rétti vettvangurinn til að ræða stöðuna á Krímskaga. Þegar Ólafur hitti Pútín fyrir Ólympíuleikana þá var það heldur ekki rétti vettvangurinn til að gagnrýna stöðu samkynhneigðra í Rússlandi. Ætli við þurfum þá ekki bara að bíða eftir milliríkjaráðstefnunni sem er með eftirfarandi dagskrá:

1. Gestgjafi setur ráðstefnuna.
2. Ríkin drulla yfir mannréttindabrot hvert annars.
3. Fundi slitið, kampavínsskemmtun fram á kvöld.

**Í skugga Ólympíueldsins**
Fyrir sjö vikum hófust Ólympíuleikarnir í Sotsjí. Þeir stóðu í tvær og hálfa viku. Síðan tók við stutt hlé og svo hófust á Ólympíuleikar fatlaðra. Þeim lauk um þarseinustu helgi. Á meðan teiknaði Pútín heimskortið upp á nýtt.

Þeir sem halda að öll sýningin í kringum Sotsjí-leikana hafi verið til einskis átta sig ekki á því að markhópur sýningarinnar var ekki endilega almenningur á Vesturlöndum. Hin tilkomumikla opnunarhátíð átti ekki síst að minna íbúa Rússlands á mikla hernaðarsögu landsins og draga upp þá ímynd að hér væri á ferð öflugt og nútímalegt land sem önnur ríki heimsins reikna með. Þess vegna var þátttaka sumra íslenskra ráðamanna í þessari sýningu ekki til eftirbreytni.

**Frekari landvinningar fram undan**
Þegar stjórnmálamenn tala er oft ástæða til að hlusta. Þegar Pútín heldur ræðu í rússneska þinginu og talar um Kíev sem „móður allra rússneskra borga“ þá þýðir það auðvitað ýmislegt. Vladímír Zírínovskí talar um sundurlimun Úkraínu og mætir lítilli mótspyrnu í þinginu. Rússneskir fjölmiðlar birta stöðugt svona „Vissir þú að?“-kort þar sem Úkraína er sýnd, fyrr og nú. Sýnt hvaða ríki hvaða hluti hennar tilheyrði, hvaða tunga sé töluð hvar, allt til að skapa þá ímynd að þetta ríki sé nú eiginlega ekki neitt neitt.

Fyrir nokkrum dögum voru lagðar fram stjórnarskrárbreytingar á rússneska þinginu. Þær voru sendar Feneyjanefnd Evrópuráðsins til umsagnar. Í stuttu máli fjalla þær um að heimilt verði að innlima hérað í öðru ríki ef „það eru engin skilvirk stjórnvöld í ríkinu sem Rússneska sambandslýðveldið getur gert alþjóðasamninga við“. Nánast öll ríki sem tilheyrðu eitt sinn Sovétríkjunum hafa stóra rússneska eða rússneskumælandi minnihluta innan sinna landamæra. Ætli að það sé furða að fólk í þeim ríkjum sé hrætt við eftirfarandi atburðarás?

1) Eitthvað gerist í höfuðborg nágrannaríkisins sem Pútín telur að beinist gegn sínum hagsmunum.
2) Rússneski herinn hertekur hluta ríkisins. Segist gera það til verndar minnihlutahópum.
3) Haldin er þjóðaratkvæðagreiðsla með viku fyrirvara. Hermenn ganga um göturnar.
4) Hluti af lýðræðisríki er innlimaður inn í einræðisríki.
5) Hálfgildingsgáfumenni á Vesturlöndum yppa öxlum. Minna fólk á að Bandaríkin séu stundum vond.

Feneyjanefndin hakkaði tillögurnar í sig. Þær voru dregnar til baka. En anda þeirra var í einu og öllu fylgt við innlimun Krímskagans.

**Fjarar undan leifum lýðræðis**
Því miður er Rússland að færast fjær lýðræði með hverju ári. Nýleg lög skylda ýmis félagasamtök til að skrá sig sem erlenda „agenta“. Stjórnvöld eru síðan með sín eigin umhverfisverndarsamtök, sínar eigin kvennahreyfingar. Litið er á aðra sem njósnara vestursins. Pressan er ekki lengur frjáls. Blaðamenn sem gagnrýna Pútín hverfa. Tónlistarkonur sem storka stjórnvöldum eru sendar í Gúlagið.

Vel gefið fólk á Íslandi mun kannski seint trúa því að Pútín sé góður og viðkunnanlegur gaur. En hlustar kannski á málflutning rússneskra fjölmiðla, sem ratar víða, og hugsar með sér: „Vá, þetta er greinilega flókið mál. Ættum við nokkuð að vera með puttana í einhverju sem við skiljum ekkert í?“

> Því miður er Rússland að færast fjær lýðræði með hverju ári.

**Mikilvægur stuðningur**
Pútín þætti áreiðanlega vænt um ef sem flestir sniðgengju úkraínsk stjórnvöld. Það myndi auðvelda honum frekari sundurlimun Úkraínu. Það var því gott hjá Gunnari Braga að fara til Úkraínu. Menn ráðast síður á ríki meðan vestrænir utanríkisráðherrar sofa á hótelum höfuðborgarinnar. Sá móralski stuðningur skiptir máli og það er gott að Gunnar Bragi hafi veitt hann. Á meðan þegir forseti Íslands milli þess sem hann gagnrýnir þá sem gagnrýna Pútín. Með vísan í fundarsköp.

## AF NETINU

### Erum við hrægammmar?



Loddarinn segir okkur, að við getum sem eigendur séreignasparnaðar hlaupið í skarð hrægamma og leiðrétt skuldir okkar. Hvernig fær almenningur sér þennan margumtalaða séreignasparnað, sem er lykillinn að himnaríki heimsmethafans? Loddarinn segir okkur líka, að við getum sem skattgreiðendur hlaupið í skarð hrægamma og leiðrétt skuldir okkar. Hvernig stendur á, að tilfærsla peninga frá almenningi til vel stæðra er lykillinn að himnaríki heimsmethafans? Er ekki almannafé betur varið í velferðina? Mér sýnist hugarheimur loddarans snúast um, hvernig hægt sé að bæta hag silfurskeiðunga og súkkulaðidrengja.

http://www.jonas.is
*Jónas Kristjánsson*






# Vandi menntakerfisins

MENNTUN



**Jórunn Tómasdóttir**
framhaldsskóla-kennari í FS

Framhaldsskólakennarar eru í verkfalli. Krafa þeirra um launaleiðréttingu til jafns við aðrar sambærilegar háskólamenntaðar stéttir er sanngjörn. En launamál kennara eru bara einn angi af langvarandi og víðtækum vanda menntakerfisins í heild. Þann heildstæða vanda þyrfti að greina og finna ásættanlega lausn á. Kennarar hafa í áranna rás verið ötulir við að benda á vandann og stinga upp á kerfisbreytingum en um það virðist ríkja mikil tregða. Íslenska menntakerfið er í kreppu.

Samkvæmt lögum erum við með grunnskóla án aðgreiningar og framhaldsskóla fyrir alla. Þetta er falleg hugmyndafræði og hæpið að vera henni mótfallinn. Hins vegar verður að velta því fyrir sér hvort þessi hugmyndafræði virki sem skyldi í framkvæmd. Hefur okkur farnast vel? Ekki miðað við PISA-kannanir og ekki miðað við brottfall í framhaldsskólum. Kennarar kvarta því þeir virðast ekki í stakk búnir til að takast á við alla nemendaflóruna.

Uppskrift að fyrirmyndarskóla verður seint til. Skólastarf er þess eðlis að það á að vera í stöðugri þróun. Vandi menntakerfisins felst að miklu leyti í því að okkur hefur mistekist að raungera hugmyndafræðina. Það þarf að skilgreina betur hlutverk og markmið skólastarfsins og hlutverk kennarans. Á skólinn að vera fræðslustofnun, uppeldisstofnun, félagslegt úrræði eða kannski allt þetta í senn? Hvert er þá hlutverk kennarans? Á hann að vera uppfræðari, uppalandi, sérfræðingur í alls konar röskunum, námslegum jafnt sem persónulegum eða allt þetta í senn? Hvernig skóla viljum við hafa og hvernig ætlum við að ná því markmiði? Þetta eru lykilspurningar sem verður að svara áður en lengra er haldið.

## Samfella í náminu

Brottfall í framhaldsskólum er stór og dýr meinsemd. Ástæður þess eru margvíslegar. Ein er sú að nemendur flæða viðstöðulítið gegnum grunnskólann og inn í framhaldsskólann án þess að þurfa að ná fyrirframsettum, ákveðnum námsmarkmiðum. Margir nemendur koma því illa undirbúnir í framhaldsskólann eftir tíu ára setu í grunnskóla og ráða hvorki við námsefnið né námskröfurnar. Þeir flosna upp frá námi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að koma ætti á áfangakerfi í tveim síðustu bekkjum grunnskólans með sömu námskröfum og gilda í framhaldsskólanum og tengja þannig saman skólastigin tvö, gera skilin milli þeirra fljótandi og skapa samfellu í náminu. Þá þyrfti ekki að skerða nám í framhaldsskólanum um eitt ár. Það þarf að auka veg starfsmenntunar, verknáms og listnáms jafnhliða bóknáminu sem er alltof fyrirferðarmikið í framhaldsskólanum og hentar alls ekki öllum. Styttri námsbrautir eiga líka fullan rétt á sér. Oft er talað um að verknámið sé svo dýrt. En hefur verið reiknað út hve dýrt það er að halda nemendum inni á bóknámsbraut með fall í áföngum önn eftir önn eða hefur verið reiknað út hve dýrt máttlítið stúdentspróf er sem aðgöngumiði að háskólanámi?

Að mínu mati liggur stór vandi menntakerfisins m.a. í því að skólanum hefur verið ætlað of margþætt hlutverk. Það þyrfti að skilgreina hlutverk hans og kennarans betur. Skólinn þyrfti að vera óragari við meiri niðurhólfun þannig að allir fengju nám við hæfi og getu samkvæmt gildandi hugmyndafræði. Það þyrfti að láta af pólitískri rétthugsun og misskildu jafnréttissjónarmiði sem hefur verið mikill dragbítur á allt skólastarf alltof lengi.

**➜ Uppskrift að fyrirmyndarskóla verður seint til. Skólastarf er þess eðlis að það á að vera í stöðugri þróun. Vandi menntakerfisins felst að miklu leyti í því að okkur hefur mistekist að raungera hugmyndafræðina. Það þarf að skilgreina betur hlutverk og markmið skólastarfsins og hlutverk kennarans.**

Menntakerfið kostar skattborgara drjúgan skilding og varla er hægt að kenna launum kennara um þann óhóflega kostnað. Mér hefur lengi fundist að nauðsynlegt væri að umbylta öllu kerfinu innan frá, stokka upp, endurskoða markmiðin, hlutverkið, inntakið og leiðirnar. Það er auðvitað gott til þess að vita að nemendum líður vel í skólanum en verra að skólinn hafi ekki gert þá læsa þeim til gagns.

Það er engin lausn fólgin í því að staga í götin hvað þá skera heilt kennsluár ofan af framhaldsskólanum án þess að taka allt menntakerfið til rækilegrar endurskoðunar. Það gerist ekki í einu vetfangi.

Ríkið ætti að sjá sóma sinn í að semja við kennara, koma skólastarfinu aftur í gang og taka síðan til við endurskoðun og endurnýjun menntakerfisins.

# Metum kennara að verðleikum

MENNTUN



**Skúli Helgason**
verkefnastjóri og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík

Framhaldsskólakennarar hafa nú verið í verkfalli í tvær vikur og útlitið er tvísýnt með framhaldið. Háskólakennarar hafa samþykkt verkfallsboðun ef ekki nást samningar á næstunni og samningar grunnskólakennara eru nú á borði ríkissáttasemjara. Það er ljóst að þörf er á viðhorfsbreytingu meðal stjórnvalda og í samfélaginu varðandi mikilvægi kennarastarfsins.

Á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hef ég undanfarið tekið þátt í að móta sameiginlegar áherslur í skólamálum. Þar höfum við m.a. kynnt okkur hvað einkenni skólastarf í þeim löndum sem mestum árangri eða framförum hafa náð á undanförnum árum.

## Endurmenntun kennara

Niðurstöðurnar eru skýrar: gæði skólastarfs eru að verulegu leyti háð gæðum kennslunnar og þar skiptir sköpum að kennarastarfið sé metið að verðleikum.

Þar munar mestu að laun kennara séu góð og sambærileg við kjör stétta með sambærilega menntun; að laða hæft fólk í störf kennara; að vel sé staðið að sí- og endurmenntun kennara og skólastjórnendur hafi svigrúm í sínu starfi til að veita kennurum faglega forystu og stuðning. Tillögur okkar taka mið af öllum þessum þáttum.

Það þarf að skapa samstöðu um tiltekin grundvallaratriði á komandi misserum: að bæta kjör kennara og gera starfið eftirsóknarvert í hugum ungs fólks sem hyggur á framhaldsnám; að auka skilning í samfélaginu á mikilvægi kennarastarfsins fyrir framtíð ungs fólks og hagsæld samfélagsins; að efla starfendarannsóknir á kennsluháttum í skólum; að skapa kennurum svigrúm til að einbeita sér að kennslu í hinu daglega starfi en auka stuðning sérhæfðra aðila við hlið kennarans í skólastofunni, s.s. sérkennara, þroskaþjálfa, félagsráðgjafa og skólasálfræðinga svo hægt sé að bæta þjónustu við nemendur, ekki síst þá sem glíma við náms- eða hegðunarörðugleika eða vanlíðan af félagslegum eða andlegum toga.

**➜ Það er ljóst að þörf er á viðhorfsbreytingu meðal stjórnvalda og í samfélaginu varðandi mikilvægi kennarastarfsins.**

## Vinna saman sem ein heild

En til þess að við náum árangri í skólamálum þá verða stjórnvöld og samtök kennara, skólastjórnenda og foreldra að finna leiðir til að vinna saman sem ein heild í þágu barna og ungmenna. Það verða engar raunverulegar umbætur nema tekið sé mark á sjónarmiðum fagfólksins sem ber hita og þunga af skólastarfinu.

**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ



ÉG ER EKKI KRÚTT

**Embla Guðrúnar Ágústsdóttir** segir eingöngu fordóma hindra sig í lífinu. Hún ögrar staðalmyndinni um fatlaða með því að vera í háhæluðum skóm og með rauðan varalit því hún vill að samfélagið viti að hún er fullorðin manneskja.

**Þungarokk er líka tónlist**



Bræðurnir **Snæbjörn og Baldur Ragnarssynir** í Skálmöld hafa spilað og samið tónlist frá barnæsku og sjá ekki mun á því að spila þungarokk, leikhústónlist eða nördapopp. „Öll tónlist er jafn rétthá,“ segja þeir „Það sem skiptir máli er að hún sé góð.“

**Norræn tíska í sviðsljósið**

**Fréttablaðið** tók púlsinn á Norræna Tískutvíæringnum í Frankfurt sem fór fram síðustu helgi. Þar kenndi ýmissa grasa en fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson, Steinunn Sigurðardóttir, Mundi og Hrafnhildur Arnardóttir voru meðal fulltrúa Íslands.

**Ástralinn opnar sig**



Heimildarmyndin 20.000 Days on Earth opnar hátíðina Reykjavík Shorts&Docs en þar er skyggnst inn í dularfullt líf **Nicks Cave.** Fréttablaðið kíkir yfir feril eins farsælasta tónlistarmanns allra tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | visir.is

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS** *Ómissandi hluti af góðri helgi*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI




NÝJU OFNARNIR FRÁ **AEG** ERU VERÐLAUNAGRIPIR SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

# STÆRRI AÐ INNAN · FLOTTARI AÐ UTAN

BE3003001-M




Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE5303071-M




Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE7314401-M




Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum.
Íslensk notendahandbók.

BP9304151-M




Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi.
Íslensk notendahandbók.

Sölufólk okkar veitir fúslega allar nánari upplýsingar.

**30%** stærra innra rými en áður - nú alls 74 lítrar en sama utanmál
Allt fjölkerfa blástursofnar með ýmsum valkostum í útfærslum
Íslenskar notendahandbækur
Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða*

*3,5% LÁNTÖKUGJALD

## AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

## FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

## AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas, þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.




OPIÐ
VIRKA DAGA FRÁ KL.10-18
LAUGARDAGA FRÁ KL.11-15

ORMSSON

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**
Sjá nánar: www.ormsson.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Ferming **Air**






iMac
Verð frá: **239.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Tilboð gilda til 12. apríl 2014.

FERMINGAR TILBOÐ



Libratone **ZIP**
Þráðlausir hátalarar / nokkrir litir.
Tilboð: 99.990.-*
**Fullt verð: 109.990.-**



JBL Flip
Litaðu lífið með þráðlausum JBL Flip hátalaranum.
Verð: 24.990.-



JBL Pulse
Þráðlaus hátalari fyrir iPhone og iPad.
Verð: 39.990.-



Harman Kardon **Aura**
Einstakir þráðlausir hátalarar
Verð: 79.990.-



iHome Mini Speaker Cube
Taktu tónlistina með þér hvert sem þú ferð. Þráðlaus. Nokkrir litir
Verð: 9.990.-

# á næsta leiti



## MacBook Air
Verð frá: **169.990.-**



## MacBook Pro
Verð: **199.990.-**



## MacBook Pro Retina
Verð frá: **239.990.-**



Skullcandy Heyrnartól
Margar gerðir, ýmsir litir.
**Verð frá: 1.990.-**



KNOMO Troon
Fartölvu taska, passar fyrir 11-13" tölvur.
**Verð: 14.990.-**

## Apple TV
Varpaðu myndefni og tónlist úr iPhone, iPad og tölvunni þinni þráðlaust í sjónvarpið.

**Tilboð: 15.990.-***
**Fullt verð: 18.990.-**



FERMINGARTILBOÐ

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

# Súkkulaði …

BARNA-
ÞRÆLKUN



**Sólveig Hlín Kristjánsdóttir**
sálfræðingur



**Þuríður Helga Kristjánsdóttir**
mannauðsstjóri

Þessa dagana kaupa margar fjölskyldur súkkulaði í massavís í tilefni páskanna. Flestir velja að sjálfsögðu innlenda framleiðslu því okkur hefur verið kennt að það sé best. En því miður eru yfirgnæfandi líkur á því að neytendur séu þannig, með óbeinum hætti, að styðja við barnaþrælkun. Engin íslensk sælgætisgerð býður upp á vörur sem hafa hlotið vottun um sanngjarna viðskiptahætti.

### Börnum stolið

Þrátt fyrir að barnaþrælkun sé bönnuð með lögum í þeim löndum sem framleiða kakó, þá viðgengst hún hjá fjölmörgum kakóframleiðendum. Börnum er ýmist stolið eða fjölskyldur ginntar til að láta börn sín af hendi með loforðum um menntun og launaða vinnu. Síðan eru börnin látin vinna við hættulegar aðstæður í ótal klukkustundir á dag, bera níðþungar byrðar, úða skordýraeitri án þess að klæðast hlífðarfatnaði og vinna með sveðjum sem þau stórslasa sig á. Börnin fá ekki að kynnast öðru en erfiðisvinnu og loforð um skólagöngu eru svikin.

Heimsmarkaðsverð á kakói hefur verið að hækka en það skilar sér því miður lítið til kakóbænda. Þeir fá sífellt minna hlutfall af endanlegu söluverði framleiðsluvörunnar en í dag er það ekki nema 1/16, árið 1980 var hlutfallið 1/6. Laun langflestra sjálfstæðra kakóbænda eru undir fátæktarmörkum. Þeir festast í fátæktargildrum og geta ekki borgað sér eða öðrum mannsæmandi laun. Framleiðslufyrirtæki í Evrópu og Bandaríkjunum hirða hagnaðinn.

**➜ Síðan eru börnin látin vinna við hættulegar aðstæður í ótal klukkustundir á dag, bera níðþungar byrðar, úða skordýraeitri án þess að klæðast hlífðarfatnaði og vinna með sveðjum sem þau stórslasa sig á.**

Það er mikill tvískinnungur að halda hátíð þar sem fjölskyldan kemur saman og gæðir sér á ljúffengum súkkulaðieggjum, vitandi það að hráefnið gæti verið framleitt við hrikalegar aðstæður. Við viljum hafa hreina samvisku og geta gætt okkur á góðu súkkulaði sem vottað er að er framleitt á sanngjarnan hátt. Íslenskar sælgætisgerðir bera ábyrgð með því að versla ekki við heildsölur sem hafa viðurkennda vottun. Þeim ætti að vera það metnaðarmál að bjóða upp á vörur sem framleiddar eru við aðstæður þar sem verkamenn njóta sanngirni og neytendur geta notið samviskulaust.

# Jón Ólafsson og Krímskaginn

UTANRÍKISMÁL



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

Í Fréttaspegli Ríkisútvarpsins þriðjudagskvöldið 25. mars var viðtal við Jón Ólafsson, prófessor á Bifröst, um Krím og þá málavexti sem ollu yfirtöku Rússa á skaganum. Ég hef ætíð haft ánægju af að hlusta á Jón vegna öfgalausra sjónarmiða og skýrleika í framsetningu, sem ekki er of algengt. Mér brá því óneitanlega að heyra hann bera hálfgert blak af Rússum og segja að við þessu hafi lengi mátt búast.

Rússar hafi aldrei sætt sig almennilega við að Krím væri ekki rússneskt yfirráðasvæði. Meirihluti íbúanna á Krím sé Rússar og þeir hafi viljað fara heim í Ríkið, svo notuð sé orðatiltæki sem þýskir nazistar notuðu, þegar þeir innlimuðu Súdetahéruðin og Austurríki og gerðu tilkall um fleiri héruð, sem voru hluti af öðrum ríkjum, en voru byggð Þjóðverjum að meirihluta. Þetta var forspil og upphaf mesta hildarleiks heimssögunnar. En aftur að Krím. Þessi skagi hefur ekki verið hluti af Rússlandi nema frá 1783, en hafði þá all lengi verið hérað í Tyrkjaveldi. Kænugarður hefur verið mun lengur hluti af Rússlandi, enda má segja að Rússland nútímans eigi uppruna sinn þar.

### Viðurkenndu landamæri Úkraínu

Úkraína er sjálfstætt og fullvalda ríki. Það hefur verið viðurkennt sem slíkt af rússneskum stjórnvöldum. Þegar Úkraína afhenti Rússum öll þau kjarnorkuvopn, sem voru á úkraínsku landi (mig minnir það hafi verið 1992) gerðu Rússar sérstakt samkomulag við Úkraínu um að í staðinn viðurkenndu þeir þáverandi landamæri Úkraínu, sem óbreytanleg og endanleg, þar með talin Krím, sem Rússar fengu afnot af.

Þeir nýttu sér fyrsta tækifæri sem gafst til að svíkja samninginn, til að sælast til landsvæðis fullvalda ríkis. Það höfðu engir sambúðarerfiðleikar verið milli íbúa skagans, hvort sem þeir voru af rússnesku eða úkraínsku bergi brotnir. Það búa rússneskir minnihlutahópar í öllum fyrrverandi löndum Sovétríkjanna sálugu. Frá 5% upp í um 20%. Sennilega langar þá flesta af tilfinningaástæðum heim í Ríkið aftur. Gráupplagt er t.d. að kveikja elda óánægju í austurhluta Úkraínu og láta fara fram atkvæðagreiðslu þar og taka hana síðan með hervaldi. Hvað verður síðan um önnur fyrrverandi Sovéthéruð?

### Hervald eða samningar

Jón fór svo að vitna í nútímasöguna og tók Kósóvó sem dæmi, um að Vestrið hefði gefið fordæmi og klofið það frá Serbíu. Þetta er smánarlegur samanburður. Í Kósóvó, Bosníu og Herzegóvínu höfðu Serbar gengið fram með óhemju grimmd og stundað útrýmingu og þjóðernishreinsanir í stórum stíl. Rússar komu í veg fyrir að Sameinuðu þjóðirnar gripu inn í átökin með því að beita neitunarvaldi.

**➜ Úkraína er sjálfstætt og fullvalda ríki. Það hefur verið viðurkennt sem slíkt af rússneskum stjórnvöldum.**

Þegar Vestrið var búið að koma á friði, neituðu þær þjóðir sem Serbar höfðu beitt ofbeldi að verða hluti af ríki Serba á ný, og kusu frekar áframhaldandi stríð. Lái það þeim enginn. Að bera þetta saman við innlimun Krím, sem fordæmi, er í besta falli ósmekklegt.

Með innlimun Krím brutu Rússar þann meginsáttmála Evrópuríkja eftir stríð, að engar breytingar yrðu gerðar á landamærum ríkja nema með samkomulagi við viðkomandi ríki. Þá gengu þeir einnig í berhögg við þá aðferð sem viðhöfð hefur verið í Evrópu að leysa mál með samningum og málamiðlunum. Það er aðall ESB að leysa deilur milli ólíkra aðildarríkja sinna með samningum, þar sem báðir aðilar þurfa að láta af ýtrustu kröfum. Það hefur tryggt frið þar.

Nú hafa Rússar aftur sett hótun eða beitingu hervalds á dagskrá í viðskiptum milli ríkja í Evrópu. Í ár eru 100 ár liðin frá upphafi heimstyrjaldarinnar fyrri en 75 ár frá upphafi þeirrar síðari. Vonandi verður hægt að fá Rússa ofan af því að halda áfram á þessari háskabraut. Ef ekki, þá gæti ófriður verið aftur í boði.




# Reynsla eða þekking? Fleiri staðreyndir um ráðgjafanám

HEILBRIGÐISMÁL

**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**
**Gunnhildur Bragadóttir**
**Edda Arinbjarnar**
**Kristín I. Pálsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir**
sitja í ráði og vararáði Rótarinnar

Talsverð umræða hefur verið um nám áfengis- og vímuvarnaráðgjafa undanfarið og nú síðast beinir Hulda Margrét Eggertsdóttir orðum sínum að okkur Rótarkonum í grein sem birtist í Fréttablaðinu 6. mars sl. Tilgangur Rótarinnar með málflutningi sínum er að efla umræðu um menntun og hlutverk ráðgjafa og stuðla að auknum gæðakröfum í þjónustu við fólk með fíknivanda. Rétt er að minna á í því sambandi að Rótin var stofnuð til að gæta hagsmuna kvenna með fíknivanda.

Eins og Rótin hefur bent á þá skortir ramma utan um námið og engar upplýsingar er að fá frá SÁÁ um fyrirkomulag þess. Samtökin annast sjálf menntun sinna ráðgjafa án tengsla við menntakerfið í landinu. Engar hagnýtar upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu SÁÁ og þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan og fyrirspurnir höfum við engar upplýsingar fengið, ekki einu sinni námskrá fyrir námið. Þegar fyrirspurn var beint til formanns SÁÁ kom í ljós að samtökin líta ekki svo á að upplýsingar um námið eigi erindi til almennings.

Ráðgjafar bera mjög mikla ábyrgð á meðferð á meðferðarstöðum, þó að þeir séu með tæplega einnar annar bóklegt nám að baki, eins og má skilja af lýsingum ráðgjafa í nýlegum greinum. Hulda Margrét ber starf ráðgjafa saman við háriðn. Sá samanburður leiðir í ljós að mun skýrari rammi er um háriðnina og meiri kröfur um menntun. Er það eðlilegt miðað við eðli ráðgjafastarfsins? Við teljum svo ekki vera. Nemar í háriðn ljúka 168 eininga námi, þar af 96 í skóla, á meðan ráðgjafar sem eru að fást við sálarlíf skjólstæðinga sinna ljúka í mesta lagi 15 eininga bóknámi.

### Hverjir kenna ráðgjöfunum?

Til viðmiðunar þurfa sálfræðingar BA/BS-próf og tveggja ára framhaldsnám, cand. psych., ásamt árs verklegri þjálfun til að mega meðhöndla fólk. Hvað veldur því að landlæknir og heilbrigðisráðherra telja að ekki þurfi nema brot af þessari þekkingu til að meðhöndla fólk með fíknisjúkdóma sem þó eru flokkaðir með geðsjúkdómum?

Reglugerð um ráðgjafanám byggir á fyrirmyndum frá Bandaríkjunum og Kanada og kröfur til ráðgjafa virðast miðaðar við ráðgjafanám National Association of Alcoholism and Drug Abuse Counselors (NACCDAC). Íslenskir ráðgjafar hafa margir fengið viðurkenningu þessara samtaka sem bjóða upp á vottun á þremur stigum, National Certified Addiction Counselor (NCAC) I, II og Master Addiction Counselor (MAC).

Fyrsta stigið er sambærilegt við það nám sem viðurkennt er af Embætti landlæknis. Annað stigið er fyrir þá sem eru með BA/BS-gráðu og þriðja stigið er fyrir fólk með MA/MS-gráðu í heilbrigðis-, félagsvísinda- eða öðrum tengdum greinum. Munurinn á stöðunni hér á landi og í Bandaríkjunum er sá að hér virðist lítið vera um að ráðgjafar séu með meiri menntun en fyrsta stigið. Í Bandaríkjunum er stærsti hluti ráðgjafanna hins vegar með menntun á háskólastigi.

**➜ Svo til engar sjálfstæðar rannsóknir eru í gangi tengdar áfengis- og vímuefnafíkn en þær eru grundvöllur þess að meðferðin byggi á gagnreyndri þekkingu.**

Ef marka má upplýsingar á vefsíðu Félags áfengis- og vímuefnaráðgjafa er enginn félagi með meira en fyrsta stigið. Þá vaknar sú spurning enn og aftur: hverjir kenna þessum ráðgjöfum? Hvaða menntun eru þeir með? Er meðferðarkerfið bara lokað kerfi þar sem engar inngönguleiðir eru fyrir nýja þekkingu?

Lengi vel þótti fullnægjandi að þeir sem önnuðust meðferð fólks með fíknivanda væru edrú og í sérstöku sambandi við æðri máttarvöld. Sú stefna leiddi til alvarlegra mannréttindabrota á skjólstæðingum kerfisins.

Svo til engar sjálfstæðar rannsóknir eru í gangi tengdar áfengis- og vímuefnafíkn en þær eru grundvöllur þess að meðferðin byggi á gagnreyndri þekkingu. Nauðsynlegt er að efla slíkar rannsóknir og tengja saman rannsóknir og menntun ráðgjafa.

Kominn er tími til að kveðja þessa hugsun endanlega og líta á fíknivanda sem alvöruviðfangsefni heilbrigðis- og félagskerfis sem þarfnast alvöru faglegrar og gagnreyndrar þekkingar.



# SAMSTÖÐUFUNDUR 5

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 29. mars

Slástu í hóp

**53.138**

hagsmunaðila!

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

---

**www.þjóð.is**



## MERKISATBURÐIR



**1797** Einkaleyfi fæst fyrir fyrstu þvottavélinni í Bandaríkjunum.

**1875** Öskjugos hefst. Það er talið eitt mesta öskugos á Íslandi eftir að land byggðist.

**1986** 6.000 útvarpsstöðvar um allan heim spila lagið „We are the world“ samtímis til styrktar aðgerðum gegn hungursneyð í Afríku.

**2007** Frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð er samþykkt á Alþingi.

**ÞETTA GERÐIST** 28. MARS 1909

## Safnahúsið við Hverfisgötu vígt



Safnahúsið við Hverfisgötu, sem nú heitir Þjóðmenningarhúsið, var vígt þennan dag árið 1909.

Húsið var teiknað af danska arkitektinum Johannes Magdahl Nielsen. Það átti upprunalega að vera úr grágrýti eins og Alþingishúsið og þak hússins úr kopar. Slíkt þótti hins vegar of kostnaðarsamt þannig að húsið var byggt úr steinsteypu og járnþak kom í stað koparþaks.

Það var árið 1905 sem ríkisstjórn Íslands var heimilað að reisa byggingu úr steini fyrir sextíu þúsund krónur til að hýsa Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands. Hafist var handa við bygginguna árið 1906 þannig að húsið var tæp þrjú ár í byggingu. Fyrrnefnd söfn voru þar í áratugi, ásamt Náttúrugripasafni Íslands og Forngripasafninu.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, fósturföður, tengdaföður, afa og langafa,

**ÞORSTEINS KARLS GUÐLAUGSSONAR**

**Sigurrós Helgadóttir**
**Sigurður Þorsteinsson** **Sigurborg Sigurðardóttir**
**Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir** **Viðar Örn Eðvarðsson**
**Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir** **Pétur Már Ólafsson**
**Ólafur Þór Þorsteinsson**
**Anna Garðarsdóttir** **Pétur Gunnarsson**
**Guðrún Karítas Garðarsdóttir** **Böðvar Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR**
**Svínafelli, Nesjum,**

lést þriðjudaginn 18. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 29. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gísli Sigurbergsson** **Magnús Lárusson**
**Ásgeir Björnsson**
**Leifur Gíslason** **Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Óskar Haukur Gíslason** **Sigrún Elsa Bjarnadóttir**
**Erna Ragnhildur Gísladóttir**
**og barnabarnabörn.**



Elskulegur ættfaðir okkar, maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**UNI ÞÓRIR PÉTURSSON**
**fyrrverandi skipstjóri og útgerðarmaður, til heimilis að Bröttuhlíð 6, Akureyri, áður til heimilis að Kirkjugötu 9, Hofsósi,**

lést mánudaginn 24. mars síðastliðinn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin verður föstudaginn 4. apríl kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

**Sylvía Sæunn Valgarðsdóttir**
**Pétur Arnar Unason**
**Kristinn Uni Unason** **Lena Sif Björgólfsdóttir**
**Þiðrik Unason**
**Reginn Unason** **Karen Dögg Geirsdóttir**
**Þorgrímur Ómar** **Pálína Ásbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar frænda míns og vinar,

**GÍSLA Þ. SIGURÐSSONAR**
**Hópi, Eyrarbakka.**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Magnús B. Sigurðsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**PÁLL TORP**

sem lést þann 10. febrúar í Taílandi var jarðsettur 27. mars í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug.

**Elísabet Torp, Kristján Torp, tengdabörn og barnabörn.**

# Halda upp á happaskip

Málþing um skipið Skaftfelling verður haldið í Vík í Mýrdal á morgun og endurvakið áhugamannafélag sem Sigrún Jónsdóttir, bjargvættur Skaftfellings, stofnaði árið 2000.

Meðal frummælenda á málþingi um skipið Skaftfelling í félagsheimilinu Leikskálum í Vík á morgun eru hjónin Eggert Þór Bernharðsson og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir. Eggert Þór ætlar að fjalla um menningarlegt gildi Skaftfellings og Þórunn að rifja upp magískt samstarf við ævisöguritun Sigrúnar Jónsdóttur kirkjulistakonu sem bjargaði Skaftfellingi frá tortímingu.

„Ég var að ljúka við að skrifa erindið,“ segir Þórunn glaðlega þegar hún svarar í heimasímann. „Var að reyna að draga upp mynd af Sigrúnu, þeirri stórmerkilegu konu sem áttræð lyfti Skaftfellingi með annarri hendi. Hún gaf andvirði einnar fínustu íbúðar Reykjavíkur til að hægt væri að bjarga skipinu. Sigrún var ekki rík en hún var alvöru kona.“

Á málþinginu verður formlega endurvakið áhugamannafélag um Skaftfelling sem Sigrún stofnaði árið 2000 og hafði það markmið að koma Skaftfellingi heim til Víkur og byggja um hann safn. Fyrra markmiðinu náði Sigrún sjálf en nú er komið að öðrum að ná því seinna. Auk hjónanna Þórunnar og Eggerts eru Arnþór Helgason, Birna Hreiðarsdóttir, Björn G. Björnsson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Emil Þór Ragnarsson og Sigurður V. Sigurjónsson með erindi þar og fundarstjóri er Ásgeir Magnússon sveitarstjóri. Í framhaldinu verður öllum gestum boðið að skoða Skaftfelling og Kötlusetur.

Skaftfellingur kom til landsins 1918 til vöruflutninga. Allir íbúar Skaftafellssýslnanna tveggja voru eigendur því að tæpast fannst svo fátækt vinnuhjú að það legði ekki fram að minnsta kosti eina krónu í stofnsjóð til smíðinnar. Nú bíður hann þess að vera gerður upp sem minnisvarði um merka sögu.

„Skaftfellingur er undir þaki en það hefur ekki verið neinn peningur til svo hægt sé að gera honum til góða. Auðvitað erum við soltin þjóð í menningargeiranum og það er verið að hella pening í skuldasúpur. En við sem höldum upp á Skaftfelling látum okkur þó dreyma um að setja að minnsta kosti á hann lítið stýrishús eins og var,“ segir Þórunn. Hún segir Skaftfelling happaskip sem fyrir utan að flytja varning til fólksins við suðurströndina hafi bjargað mannslífum. „Eitt sinn skutu Bretar niður þýskt skip og skipverjar á Skaftfellingi fiskuðu upp Þjóðverjana undir fallbyssukjöftum Breta. Þessi saga felst í þessu skipi fyrir utan allar hinar.“

Málþingið stendur frá klukkan 14 til 17. Það er hluti af kynningarátakinu Leyndardómar Suðurlands sem byrjar á morgun og stendur til 6. apríl.

gun@frettabladid.is



**HUGSJÓNAFÓLK** Þau leggja sitt af mörkum til bjargar Skaftfellingi, hjónin Eggert Þór og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Flottur barnasöngleikur í Hveragerði

Leikfélag Hveragerðis sýnir um þessar mundir ævintýrið um Mjallhvíti og dvergana sjö í leikhúsi bæjarins að Austurmörk 23. Leikarar eru á aldursbilinu frá 5 og upp í 55 ára.

„Þetta er barnasöngleikur, mjög flott sýning og það voru margar hendur sem komu að uppsetningunni,“ segir Jóhann Tryggvi Sigurðsson, formaður Leikfélags Hveragerðis um nýjustu uppfærslu félagsins. Það er ævintýrið um Mjallhvíti og dvergana sjö. Leikgerðin er eftir Hvergerðinginn Hafstein Þór Auðunsson, sem einnig leikstýrir verkinu. Tónlistin er líka eftir Hafstein Þór en er útsett af Guðmundi Eiríkssyni, píanóleikara sýningarinnar.

Leikararnir eru þrjátíu og tveir að sögn Jóhanns og eru á aldrinum átta til fimmtíu og fimm ára. „Langflestir eru undir sextán ára aldri,“ upplýsir hann og segir öflugt barna- og unglingastarf víða unnið hjá áhugaleikfélögum. Þar læri krakkarnir að koma fram á sviði og temja sér ögun vinnubrögð.

Leikfélag Hveragerðis var stofnað 1947 og hefur sett upp sýningar á hverju ári síðan. Má þar nefna Jesus Christ Superstar, Sölku Völku, Mann og konu, Dýrin í Hálsaskógi, Kardimommubæinn, Skugga-Svein og Línu Langsokk.

„Allt starf áhugaleikfélaga er unnið í sjálfboðavinnu,“ segir Jóhann. „Þannig að þeir sem leggja hönd á plóg eru mesti fjársjóður félaganna.“

gun@frettabladid.is



**ÞEKKTAR PERSÓNUR** Mjallhvít (Tanja Dögg Einarsdóttir) og dvergarnir vinir hennar. MYND/MAGNÚS HLYNUR


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í Bónus
BÓNUS GRÍSAKÓTILETTUR & GRÍSAHNAKKI
1259 krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar grísakótilettur
1259 krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar úrb. grísahnakkasneiðar
1259 krónur kg.
Ali Bayonne-skinka 1.FLOKKUR
1259 krónur kg.
Bónus Hamborgarhryggur
ALI GRÍSABÓGUR
598 krónur kg
Ferskur Ali Grísabógur
ROSE
1359 kr. 700gr
Úrbeinuð frosin Dönsk kjúklingalæri 700g
1598 kr. kg.
BÓNUS Bacon/beikon
KYCKLINGFILÉ
VINSÆLUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í VERSLUNUM BÓNUS
1545 krónur 900g.
FRÁ ÞÝSKALANDI
1998 krónur kg.
100% KJÖT
Frosin Kalkúnabringa
2013 SLÁTRAÐ
1498 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
3998 krónur kg.
FRÁ ÞÝSKALANDI
Frá Þýskalandi Frosin nautalund
2013 SLÁTRAÐ
1259 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri FROSIÐ
2013 SLÁTRAÐ
KJARNAFÆÐI
1398 krónur kg.
KJARNAFÆÐI ÍSLENSKT HEIÐALAMB íslenskar kryddjurtir
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1998 kr. kg.
Kjarnafæði Villikryddaðar lambalærissneiðar
1398 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB GRILL Lamba-sirloinsneiðar
1598 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB BLANDAÐAR GRILL Lambalærisneiðrar
259 kr. 400g
WeWalka 400g Amerískt venjulegt pizzadeig
298 kr. 400g
WeWalka 400g Amerískt heilkorna pizzadeig
198 kr. 400g
Bónus 400g Ferskt pizzadeig
198 kr. 200g
Bónus Rifinn pizzablanda 200g
298 kr. 400g
Bónus 400g Ferskt spelt-pizzadeig
198 kr. 430g
Bónus Pizzasósa 430g
398 kr. 153g
Bónus Pepperoni box 153g
259 kr. 770g
BÓNUS Heilkornbrauð 770g.
298 kr. 75g
BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g
Upprunaland: Ítalía
398 kr. 200g
BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g
Upprunaland: Spánn
398 kr. 125g
BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð
MERRILD
DOUWE EGBERTS
ANNO 1753
398 kr. 400g
MERRILD Specialristed kaffe
98 kr. 5 stk.
BÓNUS Flatkökur 5 stk.
459 kr. 170g
BÓNUS Hangiálegg 170g
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA



## FLOTT HÖNNUN Í HÖRPU

**Sýningar íslenskra fatahönnuða á Reykjavik Fashion Festival 2014 fara fram á morgun í Silfurbergi í Hörpu frá kl. 11-19. Allir helstu íslenskir fatahönnuðir kynna og sýna hönnun sína. Má meðal annarra nefna merki eins og Ella, Farmers Market, Jör og Magnea.**


HÚSAKLÆÐNING HF

**Viðgerðir og viðhald fasteigna er okkar fag!**
Sími 555-1947 - Netfang info@husco.is
Heimasíða www.husco.is

**FÁÐU TILBOÐ FRÁ TRAUSTUM FAGAÐILA MEÐ ÁRATUGA REYNSLU Í VIÐHALDI FASTEIGNA!**

NÝ SENDING AF SÓFASETTUM



Teg. Giulia 3 - 1 - 1 og 3 - 2 - l leður.

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Reykjavíkurveg 66 220 Hafnarfirði sími 565 4100

Meirapróf









ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Næsta námskeið hefst 2. apríl 2014





**FRÁ MEXÍKÓ**
Frískandi og bragðmikill réttur úr smiðju Holta.
MYND/VILHELM

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að bökuðum mexíkóskum kjúklingaleggjum með smjörbaunum, tómatkjötsósu, tortillaflögum og osti. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## BAKAÐIR MEXÍKÓSKIR KJÚKLINGALEGGIR
### MEÐ SMJÖRBAUNUM, TÓMATKJÖTSÓSU, TORTILLAFLÖGUM OG OSTI

3 msk. olía
12-16 Mexíkókryddaðir kjúklingaleggir frá Holta
2 msk. olía
1 laukur, skorinn í bita
1 gulrót, skorin í bita
2 sellerístilkar, skornir í bita
½ paprika, skorin í bita
½ chili, smátt saxað
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
1 tsk. þurrkað oreganó
1 tsk. þurrkað basil
1 tsk. þurrkað timjan
1 tsk. kúmínfræ (broddkúmen)
¼ tsk. kanill
1½ dós niðursoðnir tómatar
1 msk. tómatpurée
Salt og pipar
1 dós smjörbaunir, safinn sigtaður frá
½ poki tortillaflögur
1 dl rifinn ostur
2 msk. kóríander, gróft saxað



Hitið olíu í víðum potti eða stórri pönnu og steikið leggina í 4-5 mínútur eða þar til þeir eru létt brúnaðir á öllum hliðum. Takið þá leggina af pönnunni og geymið. Bætið 2 msk. af olíu á pönnuna og steikið lauk, gulrót, sellerí, papriku, chili og hvítlauk í 2 mínútur. Þá er oreganói, basil, timjani, kúmíni, kanil, niðursoðnum tómötum, tómatpurée, salti og pipar bætt í pottinn og látið sjóða í 10 mín. Færið leggina í eldfast mót og hellið sósunni yfir. Bakið við 180°C í 30 mínútur. Hellið þá tortillaflögunum yfir mótið og stráið osti yfir og bakið við 190°C í 5 mínútur. Stráið þá kóríander yfir og berið strax fram.

**BRAGÐMIKIÐ**
Fjölbreytt krydd ásamt smjörbaununum gefa rétti dagsins skemmtilegt bragð.
MYND/VILHELM




Hringdu núna!
Sæktu eða fáðu matinn sendan heim
588 9899

HEILSURÉTTIR

065
Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr
980 | 1340

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum.
Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.
*Án salts og sykurs.*

NINGS

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is













# ADRENALÍNFLÆÐI

**FÖRÐUN** *Undirbúningur fyrir Reykjavík Fashion Festival hefur staðið yfir undanfarnar vikur. Guðbjörg Huldís Kristinsdóttir og Fríða María Harðardóttir förðunarfræðingar bera ábyrgð á allri förðun í stressinu baksviðs á morgun.*

Förðunarfræðingarnir Guðbjörg Huldís Kristinsdóttir og Fríða María Harðardóttir munu bera ábyrgð á allri förðun á tískusýningum Reykjavík Fashion Festival sem fram fer í Hörpu nú um helgina. Guðbjörg segir mikla undirbúningsvinnu vera á bak við viðburð af þessari stærðargráðu. „Við erum búnar að vera allavega í tvær vikur á fullu í undirbúningi. Við hittum hönnuðina og förum í hugmyndavinnu með þeim. Svo komum við með tillögur og þegar niðurstaða er fengin er hún prófuð. Við erum búin að taka eina prufu og svo verður önnur tekin í dag í Hörpu í réttri lýsingu.“

### SPENNUFALL EFTIR SÝNINGU

Þær Fríða María stjórna allri förðunarvinnunni en eru með teymi förðunarfræðinga frá MAC með sér. „Við tókum þær í próf og röðuðum þeim svo saman í teymi eftir þeirra styrkleikum. Fyrir sýningarnar á morgun verðum við búnar að tímasetja allt og raða upp teymunum. Við Fríða María verðum með yfirsýnina og sleppum ekki hendinni af módelunum fyrr en þau fara inn á sviðið. Svo höfum við bara nokkrar sekúndur á milli til að laga þau módel sem eru með fleiri en eina innkomu. Það getur ýmislegt gerst þegar þau skipta um föt, varaliturinn smyrst og fleira. Það er mikið stress og adrenalínflæði í gangi. Þegar sýningarnar eru búnar verður ákveðið spennufall, hver tískusýning er bara í tíu til fimmtán mínútur en við búnar að eyða einhverjum vikum í undirbúning. Það er samt mjög góð tilfinning þegar vel gengur,“ segir Guðbjörg.

### FENGIST VIÐ ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR

Guðbjörg lærði förðun í London College of Fashion og útskrifaðist árið 2001. Síðan 2005 hefur hún verið verktaki og starfað að mestu í auglýsinga- og kvikmyndagerð bæði hér heima og erlendis. „Ég hef í rauninni fengist við allt milli himins og jarðar. Ég hef unnið á tískuvikum í Danmörku og í London, gert eina bíómynd og eina sjónvarpsmynd og var að vinna við Game of Thrones. Ég fæst við alls konar förðun og alls ekki bara „beauty“-förðun. Í auglýsingum þarf að koma ýmsum skilaboðum á framfæri og þá eru leikararnir til dæmis sveittir eða með áverka þannig að þetta er mjög fjölbreytt starf. Við erum svo fá í þessum bransa hér á landi að við getum ekki sérhæft okkur í einhverju einu. Ég er samt sterkust í alls kyns húðvinnu og finnst skemmtilegast að vinna með hvers konar smáatriði. Það er helst hægt að gera það í kvikmyndum, þá þarf að búa til einhvern karakter með ákveðið útlit og hægt að leika sér með það.“

### EINS OG SJÓMANNSLÍF

Guðbjörg segir þá sem starfa í þessum bransa þurfa að hafa óendanlegan áhuga og ástríðu fyrir sminki. „Það er þó ekki það eina sem til þarf. Það er mjög óreglulegur vinnutími í þessu, stundum er mikið að gera en stundum ekki. Þegar mikið er að gera eru fjarvistir frá fjölskyldunni langar og þetta verður nokkurs konar sjómannslíf. Einnig er nauðsynlegt að geta unnið við mismunandi aðstæður, í kulda, í myrkri og á nóttunni. Þetta er alls ekki fyrir alla en ég hef mjög gaman af starfinu.“

■ liljabjork@365.is



**Á EYRARBAKKA** Guðbjörg farðar módel fyrir auglýsingu KronKron seinasta sumar.



**ÞRENGSLI** Farðað fyrir íslenska auglýsingu í sérstakri smink- og búningarútu sem er gjarnan notuð sem aðstaða á setti.



**HASAR** Baksviðs á Reykjavík Fashion Festival í Hörpunni í fyrra.
MYND/ERNA HRUND HERMANNSDÓTTIR



**GUÐBJÖRG HULDÍS KRISTINSDÓTTIR FÖRÐUNARFRÆÐINGUR** Guðbjörg er önnur tveggja förðunarfræðinga sem heldur utan um alla förðunarvinnu á Reykjavík Fashion Festival.
MYND/JÓHANNA B. CHRISTENSEN

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið


*Ágústa Hjartar Hjartardóttir*
**PRENTAR ANDY WARHOL KVÓT Á SERVÍETTUR 2**

*María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður*
**SÝNIR FYLGIHLUTALÍNUNA STÖKU 8**

*Fríða María Harðardóttir*
**DAGUR Í LÍFI FÖRÐUNARFRÆÐINGS 10**



FÖSTUDAGUR
28. MARS 2014


*Hlín Helga Guðlaugsdóttir*

# ÞAÐ ÞARF AÐ FINNA UPP HJÓLIÐ NÚNA




FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
**Eydís Perla Martinsdóttir**
**Aldur?** **22 ára**
**Starf?**
Sölukona í Kaupfélaginu
**Maki?**
Nei
**Stjörnumerki?**
Naut
**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Hafragraut með eplum og kanil.
**Uppáhaldsstaður?**
New York, Flórída og Dublin.
**Hreyfing?**
Er í World Class en viðurkenni að ég er alveg til skammar með mætingu. Er alveg hræðileg að skipuleggja tímann minn þegar það er mikið að gera í skólanum. Annars finnst mér skemmtilegast að fara í einhverja tíma í ræktina þá reynir maður líka mest á sig!
**Uppáhaldsfatahönnuður?**
Ég á því miður engan einn uppáhalds. Hef þó alltaf gaman af kjólunum frá Alexander Mcqueen og Veru Wang.

## HVERJIR HVAR?

Fatahönnunarfélag Íslands opnaði samsýningu á Hönnunarmars í gær á Kex hosteli þar sem sýnt var samstarf níu fatahönnuða við íslenska tónlistarmenn. Meðal gesta á opnuninni voru verkefnisstjóri Hönnunarmars, Greipur Gíslason, ásamt erlendum blaðamönnum, og listrænn stjórnandi sýningarinnar, fatahönnuðurinn Magnea Einarsdóttir. Þá voru Ýr Þrastardóttir fatahönnuður og Ari Alexander kvikmyndagerðarmaður einnig á staðnum.





# HÖNNUN PRENTAR ANDY WARHOL-„KVÓT" Á MUNNÞURRKUR

***Ágústa Hjartar Hjartardóttir notar gamla Letterpress-prentvél afa síns við að prenta skemmtilegar servíettur.***

Ég er að nota gamla blýprentvél sem kallast Letterpress. Björn Helgi afi minn var prentari í Kópavoginum og var með þessa vél í kjallaranum hjá sér. Ég fékk að prófa að prenta og fikta í vélinni sem krakki. Það má því segja að áhuginn hafi kviknað snemma hjá mér," segir Ágústa Hjartar Hjartardóttir sem nú prentar ýmiss konar munnþurrkur með fleygum setningum með gömlu vélinni. Fræg „kvót", eða setningar, höfð eftir bandaríska listamanninum Andy Warhol eru vinsæl um þessar mundir.

„Fyrir nokkrum árum tók tengdamamma mín við vél afa míns og ég aðstoða hana í hjáverkum við að prenta hefðbundnar munnþurrkur fyrir fermingar, brúðkaup og afmæli í Innrömmun Hafnarfjarðar. Mig langaði að gera eitthvað öðru vísi og fékk hugmyndina að Andy Warhol-munnþurrkunum af veggspjaldi sem hangir í stofunni minni." Munnþurrkurnar fást tuttugu í pakka með fjórum mismunandi gerðum og setningum en einnig er hægt að sérpanta í tölvupósti, ***agustahj@gmail.com***










**Mesta úrval**
meðgöngu- og brjóstagjafafatnaðar



Hlýrabolir 1990
Buxur frá 4990
Kjólar frá 5990
Leggings frá 2990
sundföt frá 6990
gjafahaldari frá 5990

tvö líf
opið virka daga 11-18
laugardaga 12-17
Holtasmári 1 · ✆ 517 8500
( í Hjartarverndarhúsinu )
www.tvolif.is
/barnshafandi

# LIST LEIKIÐ MEÐ LANDSLAG

***Björg Vigfúsdóttir ljósmyndari og Arna Gná Gunnarsdóttir myndlistarkona tengja saman tvo heima með sýningu á Hönnunarmars sem haldin er í Skipholti 33.***

„Ég hef gert abstraktseríu með ljósmyndum í mörg ár en vildi gera eitthvað nýtt með landslagsseríuna mína og ákvað því að taka þátt í Hönnunarmars með Örnu Gná Gunnarsdóttur myndlistarkonu," segir Björg Vigfúsdóttir ljósmyndari og bætir við: „Það er ekki allt sem sýnist í náttúrunni svo að við ákváðum að leika okkur örlítið með landslagið í myndunum og tengja myndlist og ljósmyndun." Björg segir útkomuna hafa verið óvænta þegar hún prentaði ljósmyndir ofan í myndlistarverk Örnu Gnár. „Við höfum verið að vinna þessi verk hvor í sínu lagi og þegar við tengdum verkin varð upplifunin miklu meiri og hvert verk er einstakt."

Sýningin verður opnuð í dag kl. 17 í Skipholti 33b og eru allir velkomnir.


Björg Vigfúsdóttir



***Það er ekki allt sem sýnist í náttúrunni svo að við ákváðum að leika okkur örlítið með landslagið í myndunum***

**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Daníel Rúnarsson**





# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

## Þú getur unnið draumavinning að verðmæti 2.000.000 kr*



*100.000 danskar krónur

**1. Safnaðu punktum:**

Kauptu Libresse dömubindi, þú finnur kóða með því að skafa miðann á pakkanum. Skráðu þig á **www.libresse.dk** og um leið ertu orðin þátttakandi og hefur unnið þér inn 50.000 punkta.
Þú getur einnig halað niður Libresse leiknum í símann þinn eða tölvuna og nælt þér í viðbótarpunkta.

**2. Hver er þinn draumavinningur?**

Skrifaðu um þína villtustu drauma, hvað þú vilt í vinning? Langar þig til dæmis að eignast 100 pör af rauðum skóm eða fara í reiðtúr á strút um svörtustu Afríku?
Farðu á Libresse síðuna og skrifaðu magnaða lýsingu (á ensku eða dönsku) á því hvað þú vilt vinna og afhverju!

**3. Láttu velja þig**

50 þátttakendur með flesta punkta á hverju svæði* komast í úrslit.
Dómnefnd velur síðan vinningshafa eftir skrifum þeirra um villtustu draumana.
*Ísland, Danmörk, Færeyjar og Grænland sama svæðið

**Vinningar**

1. 100.000 DK til að uppfylla drauminn þinn
2. Gjafabréf að upphæð 10.000 DK frá gavekortet.dk

3.-5. Gjafabréf að upphæð 2.000 DK frá gavekortet.dk






Allar nánari upplýsingar á ojk.is

# SPENNANDI HÖNNUÐIR Á RFF

*Hápunktur Reykjavík Fashion Festival fer fram á morgun í Silfurbergi í Hörpu. Sýningarnar lofa góðu með átta flottum merkjum og hönnuðum.*



## Farmers Market

**Sýning hefst kl. 11.00**
**Nafn** Bergþóra Guðnadóttir
**Stjörnumerki** Hrútur

**Hvað er fólk að fara að upplifa og sjá á RFF um helgina?** Sýnendur á RFF í ár eru ágætis þverskurður af fatahönnunarbransanum í dag, sem sagt allt frá einyrkjum sem eru að stíga sín fyrstu skref til fyrirtækja sem selja á alþjóðamarkaði.

**Hver var innblástur fatalínunnar?** Hugmyndafræði Farmers Market byggist á sjálfbærni, en m.a. er uppistaðan í vörulínunni unnin úr náttúrulegum og endurnýjanlegum hráefnum. Hönnunarkonseptið er innblásið af okkar norrænu rótum sem við hrærum saman við alls kyns áhrif sem við verðum fyrir frá tísku, sögu, mannlífi, listum og framtíðarpælingum.

**Hvernig myndir þú lýsa nýju línunni?** Við erum áfram trú okkar grunnkonsepti sem við höldum áfram að þróa og þroska en vörulínan er stöðugt að breikka hjá okkur. Á sýningunni okkar á RFF ætlum við blanda saman lifandi tónlist og hönnun en það eru þeir heimar sem við hrærumst í alla daga. Flytjendur tónlistarinnar eru þeir Jóel Pálsson, Eyþór Gunnarsson, Hilmar Jensson og sönghópurinn Voces Thules. Hann mun flytja eigið tilbrigði og útsetningu við Þorlákstíðir en það eru fornar tíðabænir, sem fram að siðaskiptum voru sungnar í Skálholti á messudögum Þorláks helga. Sýningin okkar á ár ber yfirskriftina „Sunnudagur“ þótt hún sé reyndar haldin á laugardegi.



## Ziska

**Sýning hefst kl. 11.55**
**Nafn** Harpa Einarsdóttir
**Stjörnumerki** Naut

**Hvað er fólk að fara að upplifa og sjá á RFF um helgina?** Flottustu tískuhátíð frá upphafi. RFF er núna búin að vera að mótast í nokkur ár, nú er reynslan að skila sér, og fólk vinnur betur saman. Þetta verður mögnuð upplifun.

**Hver var innblástur fatalínunnar þinnar/ykkar?** Línan heitir „Just Ride“ og er innblásin af villtu frelsi, mongólskum arnarveiðimönnum og sjálfstæðum sterkum konum.

**Hvernig myndir þú lýsa nýju línunni?** Hún er klassískari en Ziska hefur verið, fáguð en villt, dökk og ljós.



## Magnea

**Sýning hefst kl. 12.50**
**Nafn** Magnea Einarsdóttir
**Stjörnumerki** Fiskur

**Hvað er fólk að fara að upplifa og sjá á RFF um helgina?** Fólk er að fara að sjá ólíkar sýningar sem sýna alla þá flóru sem er að finna í íslenskri fatahönnun í dag.

**Hver var innblástur fatalínunnar þinnar?** Innblásturinn kemur frá byggingasvæðum og vinnufatnaði en hugmyndin kviknaði þegar ég heimsótti Berlín í haust.

**Hvernig myndir þú lýsa nýju línunni?** Ég segi sem minnst um hana því ég vil að hún komi á óvart. Ég legg áherslu á áhugaverðan textíl eins og áður, aðallega prjón en einnig önnur efni. Sniðin eru einföld svo efnin fái að njóta sín.



## Ella

**Sýning hefst kl. 13.50**
**Nafn** Elínrós Líndal
**Stjörnumerki** Fiskur – rísandi vatnsberi

**Hvað er fólk að fara upplifa og sjá á RFF um helgina?** Fólk er að fara að upplifa hausttískuna. Sagðar verða ólíkar sögur sem endurspegla þann veruleika sem hvert tískuhús vill endurspegla. Tískan endurspeglar tíðarandann og ég held að skynjun okkar á umhverfinu sé oft og tíðum mjög ólík.

**Hver var innblástur fatalínunnar þinnar/ykkar?** Þú verður að koma til að sjá það… Top secret sem verður afhjúpað á laugardag ;)

**Hvernig verður hausttíska ELLU árið 2014? Hvernig myndir þú lýsa nýju línunni?** Án þess að segja of mikið þá vona ég að hún muni endurspegla þann þroska og þá reynslu sem við erum að fá með árunum. Ég vona að þetta sé saga sem mun falla í kramið hjá markhópnum okkar og jafnvel fá enn þá fleiri til að horfa til okkar.



## Rey

**Sýning hefst kl. 15.15**
**Nafn** Rebekka Jónsdóttir
**Stjörnumerki** Fiskur

**Hvað er fólk að fara að upplifa og sjá á RFF um helgina?** Þverskurð af því sem er að gerast í íslenskri fatahönnun.

**Hver var innblástur fatalínunnar þinnar?** Útilistaverk Elínar Hansdóttur voru mér hugleikin. Svo horfði ég til kvenskörunga frá gullaldartímabili Hollywood, hvernig þær klæddu sig í sínu einkalífi og höfðu mikil áhrif á hvernig konur klæða sig. Helst ber að nefna Katherine Hepburn og Joan Crawford.

**Hvernig myndir þú lýsa nýju línunni?** Sveigðar línur og mikið flæði efnis.



## Sigga Maija

**Sýning hefst kl. 16.10**
**Nafn** Sigríður Maria Sigurjónsdóttir
**Stjörnumerki** Steingeit

**Hvað er fólk að fara að upplifa og sjá á RFF um helgina?** Allt það helsta sem íslenskir fatahönnuðir hafa upp á að bjóða og auðvitað SIGGU MAIJU í fyrsta sinn.

**Hver var innblástur fatalínunnar þinnar?** Í nýju línunni vorum við að vinna með súrrealisma, mörk hins raunverulega og óraunverulega í samtíma okkar. Innblásturinn kemur því frá París í kringum árið 1920 en undir formerkjum nútímakonunnar og hennar þarfa.

**Hvernig myndir þú lýsa nýju línunni?** Fáguð, sérvitur, tælandi.



## Cintamani

**Sýning hefst kl. 17.05**
**Nöfn** Þóra Ragnarsdóttir, Guðbjörg Jakobsdóttir, Rún Gunnarsdóttir og Jan Davidson
**Stjörnumerki** Meyja, vog, fiskur og krabbi.

**Hvað er fólk að fara að upplifa og sjá á RFF um helgina?** Þetta er breiður hópur hönnuða og það verður virkilega gaman að sjá afraksturinn. Fólk er að fara að upplifa á hvaða stig íslensk hönnun er komin og hversu samkeppnishæf hún er í hinum stóra heimi. Þetta verður frábær sýning sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

**Hver var innblástur fatalínunnar ykkar?** Það er margt sem veitir okkur innblástur, t.d. litir, lífsgleði, gæði, hugrekki, útivist, fólk og tíska.

**Hvernig myndið þið lýsa nýju línunni?** Það sem einkennir línuna í ár eins og undanfarin ár er litagleði, gæði og falleg snið. Við sýnum m.a. nýjar úlpur sem eru hannaðar af Jan Davidson, stofnanda Cintamani.



## JÖR

**Sýning hefst kl. 18.05**
**Nafn** Guðmundur Jörundsson
**Stjörnumerki** Sporðdreki í sinni tærustu mynd

**Hvað er fólk að fara að upplifa og sjá á RFF um helgina?** Nú veit ég ekki hvað önnur merki eru að gera en það er margt spennandi að sjá – spenntastur er ég að sjá nýtt merki Siggu Maju. Hún er stórkostlegur fatahönnuður. Af okkar sýningu má búast við drama og stemningu, enda er ég leikhús- og öfgamaður. Líkt og reyndar fleiri í fyrirtækinu.

**Hver var innblástur fatalínunnar þinnar?** Innblásturinn kom úr mörgum áttum eins og oft áður en ég hef alltaf verið veikur fyrir rojalíteti og aristókratisma. Að þessu sinni var ég mjög upptekinn af díteilum í fatnaðinum snemma í ferlinu sem er mér nýtt. Ég vil ekki gefa mikið meira upp.

**Hvernig myndir þú lýsa nýju línunni?** Þetta er fersk lína og verður hressandi beygja frá síðustu línu okkar — en engu að síður heldur hún í einkenni JÖR og aðalsmerki. Línan er einnig töluvert dýpri og flóknari en fyrri línur merkisins en við notum mikið af mismunandi tækni og efnum í bland við mjög metnaðarfulla sniðagerð. Línan er vel hlaðin og hvergi gerðar málamiðlanir.




# Hönnunarmars byrjar í Glóey

Sjáðu alla möguleikana í gerð lampa og ljósa. Ótrúlegt úrval af silkisnúrum, flottum perum og íhlutum til ljósagerðar. Fagmenn á staðnum. Frábært efni á góðu verði.

Glóey – gerir lífið bjartara
Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is

MARTA JONSSON

Marta kynnir nýja vetrarlínu í tilefni HönnunarMars sem ber heitið Norðurljós.




HÖNNUNAR MARS 2014

DesignMarch REYKJAVIK

Helgina 27-30

## HönnunarMars hjá Mörtu Jonsson

Kynningarpartý
28. mars. 2014
milli 17:00-20:00
Marta Jonsson
Laugavegi 51.



Sjálfur Siggi Hlö mun þeyta skífum og sjá til þess að fólk skemmti sér vel.

Hafliði Ragnarsson mætir og býður upp á glæsilegt **súkkulaði** eins og honum einum er lagið.





**Marta** verður á staðnum alla helgina og gefur góð tískuráð





FRÁBÆR TILBOÐ ALLA HELGINA!




# HLÍN HELGA MANNESKJAN ER MIÐPUNKTURINN Í UPPLIFUNARHÖNNUN

***Hlín Helga Guðlaugsdóttir vöruhönnuður kennir upplifunarhönnun við Konstfack-listaháskólann í Stokkhólmi. Hún telur hönnuði geta stuðlað betur að vellíðan almennings í gegnum hönnun sína þar sem manneskjan er höfð í fyrirrúmi. Lífið ræddi við hana um mikilvægi Hönnunarmars, framtíð íslenskra hönnuða og vitundarvakningu í þjóðfélaginu.***

Þegar Hlín Helgu Guðlaugsdóttur hönnuði bauðst lektorsstaða við Konstfack-listaháskólann í Stokkhólmi ákvað hún að slá til og flytjast búferlum með eiginmanni sínum og syni. Eiginmaður hennar, Björn Ingi Hilmarsson leikari, fékk fljótlega vinnu í barnaleikhúsi. Tungumálið vafðist ekki fyrir henni enda tungumálamanneskja mikil, með BA-próf í bæði þýsku og frönsku. Eftir að hafa kennt upplifunarhönnun í fjögur ár í Svíþjóð segist hún ekki vera á heimleið.

„Við flytjum heim aftur einhvern tímann. Ég er hins vegar að afla mér þekkingar, fá meiri reynslu og tengslanet þarna úti sem ég myndi aldrei gera hér. Það er ótrúlega dýrmætt. Ég er bara alltaf í skóla lífsins," segir hún og brosir. „En hjarta okkar er á Íslandi, hér eigum við heima," segir hún og faðmar strákinn sinn sem situr álengdar og leikur sér í iPad.

Hlín Helga útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2006 sem vöruhönnuður og er fyrrverandi framkvæmdastjóri hönnunarsjóðs Auroru, sem er mikilvægur hluti af stuðningsumhverfi hönnuða á Íslandi. Í dag situr hún í stjórn sjóðsins og var boðuð til landsins til að stýra dagskrá málþingsins DesignTalks á Hönnunarmars sem listrænn stjórnandi. Viðburðurinn fór fram í gær við góðar viðtökur og héldu erlendir gestir fyrirlestra um mikilvæg málefni fyrir hönnunariðnaðinn. Fatahönnuðurinn Calvin Klein var meðal gesta.

„Gestirnir sem komu eru frábærar fyrirmyndir með mikla framtíðarsýn. Við erum gagngert að tengja saman ólíka hópa til þess að ræða mál sem skipta okkur öll máli og við getum öll lagt eitthvað til málanna. Hönnunarmars er því gífurlega mikilvægur gluggi út í heim. Það hefur verið mikil framþróun, síaukin fagmennska og mikil gróska hér á landi. Bæði hjá hönnuðum og í stuðningsumhverfinu, segir Hlín Helga. DesignMatch á vegum Hönnunarmiðstöðvarinnar fer fram í Norræna húsinu í dag og telur hún það vera verðugan viðburð fyrir hönnuði til að tengjast erlendum fyrirtækjum.

„Það þarf mikið til að fylgja hönnun sinni eftir og þetta er flott framtak og faglega að því staðið. Þú verður hluti af einhverri heild um leið og þú ferð í samstarf við aðila sem eru með dreifikerfi. Ísland er að komast inn á kortið í hönnun sem hluti af þessum norræna stíl en það er rosalega erfitt sem einstaklingur að fara út í heim. Það er mikil vakning í fyrirtækjum sem byggja á gömlum merg þar sem handverkið er enn til staðar og hefur færst í aukana. Við getum þó ekki verið eyland og erum hluti af samhengi okkar og það hefur mikil áhrif á hvernig fagið þróast. Það er auðvelt að kalla sig hönnuð en þjóðfélagið skilur kannski ekki alveg hvað það þýðir eða hvað þeir eru að gera. Það er jafnvel komið til vegna þess að hönnuðir eru ekki nógu duglegir að vera í samtali við almenning. Hins vegar kom í ljós fyrir nokkrum árum þegar gerð var úttekt á skapandi greinum að skapandi greinar væru einar stærstu atvinnugreinarnar á landinu sem kom eflaust mörgum á óvart."

### Fékk ekki inngöngu í arkitektúr

„Vöruhönnun er ungt fag á Íslandi og við búum við aðrar aðstæður en nágrannaþjóðirnar því það er enginn iðnaður hérna. Það vantar undirstöður sem eru víðast hvar annars staðar sem hefur orðið til þess að vöruhönnuðir hafa þurft að leita nýrra leiða og tækifæra til að vinna með efni sem við eigum og búa til verðmætaaukningu." En hvað kom til að Hlín Helga valdi vöruhönnun sem nám? „Ég var komin með leiða á Excel-skjölum í vinnunni í skóbransanum og mig langaði að fara að skapa meira. Ég dreif mig í kvöldskóla til að safna í möppu og safna hugrekki til að sækja um í Listaháskólanum í arkitektúr. Þessi rökræna hugsun heillaði mig og heildarpælingin í kringum byggingar og manngert umhverfi. Það kom svo á daginn að þeir vildu mig ekki. Ég held að þeim hafi bara fundist ég fáránleg og skildu ekkert hvað ég vildi í arkitektúr," segir hún og hlær.

Skömmu síðar losnaði pláss í vöruhönnun sem hún þáði hikandi.

„Mér leist ekkert á blikuna til að byrja með en svo reyndist þetta vera nákvæmlega það sem að ég hafði verið að leita eftir. Nálgunin á vöruhönnun í Listaháskólanum er mjög hugmyndafræðileg en hönnuðir eru oftast að vinna með einhvers konar vandamál sem einnig er hægt að skilgreina sem áskoranir. Það geta verið samfélagsleg vandamál, vandamál í umferðinni, byggingum, upplifunum eða húsgögn sem að virka ekki sem skyldi. Maður er aðallega að læra að spyrja réttu spurninganna, komast að rótinni, endurhugsa, snúa á hvolf og finna nýjar lausnir."

### Upplifunarhönnun mikilvæg fyrir okkur öll

„Stærsti hvatinn hjá mér þegar ég útskrifaðist úr LHÍ var sá að mér fannst bara komið nóg af stólum í heiminum. Ég vildi bara einbeita mér að einhverju öðru og byrjaði að líta í kringum mig. Ég uppgötvaði að það er fullt af vandamálum í manngerðu umhverfi sem þarf að laga til þess að að heimurinn verði betri og stuðla að vellíðan fyrir alla. Það varð til þess að ég fór í þessar pælingar með upplifunarhönnun og fór að spyrja spurninga. Í upplifunarhönnun er gengið út frá hugmyndafræði þar sem hannað er með fólk í fyrirrúmi. Manneskjan er útgangspunkturinn. Hvað er það til dæmis sem veldur því að okkur líður illa á spítalanum fyrir utan veikindin sjálf?" Það er augljóst að málefnið er henni mikilvægt og blaðamaður fer einnig að velta fyrir sér

FERMING 2014
Fermingar hárskraut, skart, og gjafir í miklu úrvali
20% afsláttur af öllum vörum
Ný sending af töskum, klútum og skarti
Opið í mars og apríl
Fimmtudaga og föstudaga frá 14-18
Laugardaga frá 12-16
Ás accessories heildverslun
Dalshraun 17 • Sími 517 6774 • 220 Hafnarfjörður

# Ný tónverk



## T.S.D.K.

**Haukur Tómasson** tónskáld fékk það verkefni að semja verk sem allir strengjanemendur Tónskóla Sigursveins gætu tekið þátt í að flytja. Verkið heitir T.S.D.K. og skiptist í fjóra kafla: Tré, Sól, Dans og Kyrrð. Strengjanemendur skólans eru á aldrinum 3-23 ára. Hópurinn kemur saman í Eldborgarsal Hörpu á afmælishátíðinni og spilar hver og einn sína rödd.



## Vordagur

**Elín Gunnlaugsdóttir** tónskáld var beðin um að semja lag fyrir tónfræðihópana í Tónskóla Sigursveins. Hennar fyrsta hugsun var að semja lag við ljóðið Vordagur eftir Friðrik Erlingsson. „Ljóðið hefur lifað með mér frá því ég heyrði það lesið upp af höfundinum fyrir nokkrum árum. Þar er fjallað um vetrardraum sem verður að veruleika að vori. Það er mjög bjart yfir ljóðinu eins og yfir öllu því fólki sem stundar nám við Tónskólann,“ segir Elín.



## Bland í poka

Tónskáldið **John Speight** samdi tónverk fyrir fimm kammerhópa þar sem fimm þjóðlögum er blandað saman. Stundum heyrist lagið flutt í heild og stundum einstakir hlutar. Stundum eru lögin spiluð samtímis og stundum er eitt af lögunum sett í forgrunn. „Ég nota íslensk þjóðlög í tónverkinu af því að íslenskri þjóðlagahefð hefur verið haldið mjög á lofti í Tónskólanum,“ segir John.



Í skólanum eru nemendur frá þriggja til 63 ára.

# Fagnað allt árið

**Tónskóli Sigursveins var stofnaður 30. mars árið 1964 og er því fimmtíu ára í ár. Hann er einn fjölmennasti tónlistarskóli landsins með á sjötta hundrað nemendur. Frumkvæði að stofnun skólans átti Sigursveinn D. Kristinsson, tónskáld og skólastjóri.**

Haldið verður upp á afmælið með margvíslegum hætti allt árið. Haldin verður hátíð í Hörpu á afmælisdaginn, sunnudaginn 30. mars. Þar verða meðal annars flutt ný tónverk sem samin voru í tilefni afmælisins. Þá verður gefin út bók um ævi og störf Sigursveins D. Kristinssonar, haldið málþing um tónlistarfræðslu og tónleikar í skólanum, á vinnustöðum og hinum ýmsu stofnunum.

Markmið Tónskóla Sigursveins er að efla almenna tónlistarþekkingu og tónlistariðkun. Skólinn byggir starf sitt meðal annars á þeirri hugsun að með skipulegu námi og markvissri kennslu geti allir lært tónlist sér til ánægju og aukins þroska. Í skólanum er lögð áhersla á að foreldrar taki virkan þátt í námi barna sinna. Tónskólinn vill stuðla að því að tónlistariðkun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í daglegu lífi.

**Á afmælisárinu munu nemendur og kennarar heimsækja skóla, vinnustaði og heilbrigðisstofnanir. Þau munu sýna að tónlistin nýtur sín best þegar hún sleppur út úr skólastofunni og kallar alla til þátttöku.**

**Sé óskað eftir músíkalskri heimsókn má senda póst á tsdk@ismennt.is**

Tónskóli Sigursveins
HÁTÍÐARDAGSKRÁ Í HÖRPU
1964 50 30 03 2014 ÁRA
Fylgd í 50 ár

Hver var Sigursveinn D. Kristinsson?
Hvaða hugmyndir leiddu til stofnunar Tónskólans fyrir 50 árum?
Hvaða hindranir þurfti að yfirstíga?
Húsnæði, hljóðfæri - hvernig átti að afla fjár?
Nemendur og kennarar - hverjir áttu þeir að vera?
Hvernig hefur afmælisbarninu vegnað?

Þessum spurningum og öðrum munum við velta upp á afmælisdagskrá í Hörpu 30. mars kl. 16.

Með leikþáttum og upplestri, myndum og músík verðum við leidd í gegnum söguna. Persónur og leikendur verða nemendur skólans og vinir á öllum aldri.

Öllum nemendum skólans verður fengið hlutverk í afmælisdagskránni, leikandi, spilandi, syngjandi eða lesandi. Dagskráin mun endurspegla aðalþættina í starfi skólans.

Eldborgarsalur
30.03.2014
Fritt inn
Mætið tímanlega

### ● Á DÖFINNI

**Afmælisdagur** Á stofndegi skólans, 30. mars, verður hátíð í Eldborgarsal Hörpu. Þar verður saga skólans rifjuð upp í tónum, máli og myndum. Nemendur skólans munu sameinast um tónlistarflutning og frumflutning á nýjum verkum. Dagskráin hefst klukkan 16.00.

**Málþing** Málþing um tónlistarfræðslu verður haldið 17. október 2014. Ætlunin er að skoða stöðu tónlistarfræðslu í dag, líta um öxl og horfa til framtíðar. Aðalfyrirlesari verður dr. Robert Faulkner frá Ástralíu. Málþingið verður öllum opið.

### ● NÝTT MERKI

**Í tilefni afmælisins** þótti við hæfi að klæðast betri fötunum. Gísli B. Björnsson, grafískur hönnuður, hannaði afmælismerki í samstarfi við Næst. Þá hefur heimasíðan fengið nýtt útlit. Sjá tonskolisigursveins.is

# Hugsjónaeldur Sigursveins lifir enn

**Brynja Guttormsdóttir píanókennari hóf kennsluferil sinn á bernskuárum Tónskóla Sigursveins og starfar þar enn. Hún segir hugsjónaeldinn sem Sigursveinn D. Kristinsson tendraði lifa enn.**

Það var mikið gæfuspor að kynnast Sigursveini og hans góðu konu Ólöfu. Ég bjó í nágrenninu og fylgdist fyrst með þeim úr fjarska þar sem Sigursveinn keyrði Ólu sína á mótorhjóli með hliðarvagni og manni fannst mikið til um þennan grip. Svo fór ég að koma til þeirra og spjalla og fann hve dásamleg hjón þau voru,“ segir Brynja sem ólst upp á Óðinsgötunni.

„Ég var svo heppin að mega læra á píanó. Það var ekki sjálfgefið þar sem ekki voru miklir peningar á heimilinu en foreldrum mínum fannst það skipta máli og er ég þeim eilíflega þakklát. Ég var feimin, viðkvæm og tilfinningarík sem krakki en í tónlist fékk ég útrás fyrir tilfinningar sem var mér mikils virði.”

Þegar Brynja fór að venja komur sínar til Sigursveins fann hún brennandi áhuga þeirra hjóna á að koma tónlist til annarra. „Það var dásamlegt að spjalla við þau Ólu. Þau höfðu bæði svo mikinn áhuga á tónlistaruppeldi; það væri sannarlega ekki sama hvernig kennari bæri sig að. Hann yrði að hlúa að ungum sálum.“

**SKEMMTILEGT KENNARALIÐ**

Það var haustið 1968 sem Brynja byrjaði að kenna við Tónskólann.

„Þá kenndum við heima þar sem skólinn átti ekkert húsnæði, en seinna bættist við eitt herbergi með flygli og þar var píanó- og tónfræðikennsla. Kennarafundir voru heima hjá Sigursveini á Óðinsgötunni og þar voru meðal annars í kennaraliðinu hugsjónamaðurinn Hallgrímur Jakobsson, tónmenntakennari og formaður skólaráðsins um árabil, sonur hans, Jakob Hallgrímsson fiðluleikari, Gunnar H. Jónsson, hinn mikli mentor gítarleikara, píanóleikararnir Gísli Magnússon, Jónas Ingimundarson og Agnes Löve, sellóleikarinn Pétur Þorvaldsson og mín gamla vinkona Fanney Karlsdóttir tónmenntakennari.“



Brynja Guttormsdóttir hóf fyrst störf sem píanókennari við Tónskóla Sigursveins árið 1968 og starfar þar enn. MYND/VALLI

**FERSKIR VINDAR FRÁ BRETLANDI**

Eftir nám við Musikhögskolan í Stokkhólmi mætti Brynja aftur til kennslu við Tónskóla Sigursveins í september 1974.

„Þá hafði mikið gerst. Skólinn var búinn að eignast þriggja hæða hús í Hellusundi og kennarar og nemendur orðnir miklu fleiri. Þar á meðal hjónin Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir og John Speight, hún píanóleikari og hann söngvari. Þau komu með ferska vinda í skólann, komin beint frá Bretlandi. Bretar voru með stigakerfi sem varð fyrirmynd að íslenska stigsprófakerfinu. Tónskólinn kom fljótlega á þessu kerfi, þýddi breska tónfræðiheftið og dreifði því til margra skóla. Þetta voru skemmtilegir tímar því verið var að byggja skóla frá grunni með hugsjónamann í broddi fylkingar.“

**KVÍÐINN EN ÁNÆGÐUR**

Kennarar skólans stofnuðu starfsmannafélag 1975 og segir Brynja það hafa verið framfaraspor.

„Félagið var ekki bara kröfugerðafélag heldur vettvangur kennara til að ræða um hvað við gætum gert til að gera skólann enn betri. Við gerðum til dæmis kröfur um prófdómara sem væru virkilega góðir á sínu sviði, helst þá allra bestu. Þannig lærðum við mikið, því mörg okkar skorti kennslureynslu. Sigursveinn fékk meira að segja Philip Jenkins, breskan píanóleikara, til landsins, ef erfitt var að fá prófdómara á þeim tíma sem við vildum,“ segir Brynja.

„Starfsmannafélagið gerði líka kröfur til skólans og Sigursveinn sagði mér eitt sinn að hann hefði verið dálítið kvíðinn yfir því í hvaða áttir félagið myndi stefna, en væri nú ánægður með framtakið. Ég held það hafi verið eitt af mikilvægum skrefum í að gera skólann að góðum skóla og vinnustað.“

Brynja segir starfsfólkið heppið að skólastjórarnir tveir, Sigursveinn D. Kristinsson og Sigursveinn Magnússon, Guðrún aðstoðarskólastjóri og skólaráðið, hafi hlustað og unnið með kennurum.

„Með okkur bjuggu þau til framtíðarplön og leyfðu okkur að vera með í að móta þau. Ég held að þess vegna sé starfsandinn svona góður og kennaraskipti sjaldgæf.“



Þrjú börn Ásmundar hafa stundað nám í Tónskóla Sigursveins. MYND/ANDRI MARÍNÓ

# *Góður andi í skólanum*

Þrjú börn Ásmundar Jónssonar og Guðrúnar Bjarnadóttur stunduðu nám í Tónskóla Sigursveins. „Dætur okkar tvær, Anna Sóley og Lilja María, voru um árabil í fiðlunámi og sú yngri lærði sömuleiðis á píanó. Drengurinn, Mikael Máni, lærði á píanó og um tíma á klarínettu, en fann sig síðar í gítarnáminu,“ segir Ásmundur.

Það sem fyrst kemur upp í huga Ásmundar varðandi Tónskólann er góður andi. „Upplifunin er að þarna sé starfað af heilum hug, ánægju og hugsjónamennsku í þágu einstaklingsins í fjöldanum. Áhersla er lögð á virðingu fyrir verkefninu og að skapa áhuga í hvaða samhengi sem það er, í einkatímum, hóptímum, tónleikahaldi eða í samverustundum utan hins hefðbundna náms.“

> **Upplifunin er að þarna sé starfað af heilum hug, ánægju og hugsjónamennsku**

Ásmundur hefur lengi starfað við útgáfustarfsemi, innflutning og dreifingu tónlistar. Einnig hefur hann verið í dagskrárgerð af og til í gegnum tíðina hjá RÚV, sinnt ýmsum félagsstörfum á sviði tónlistarinnar og setið í stjórnum réttahafasamtaka á því sviði. „Ég tel að tónlistarskólarnir almennt hafi skilað stórkostlegu starfi og árangri. Þar hefur orðið til grunnur sem við þekkjum í fjölbreyttu framboði tónlistarfólks og tónlistarmenningar á Íslandi í dag og hefur skapað okkur jákvæða ímynd víða um heim á öllum sviðum tónlistar.“

# Skipaði ekki fyrir

**Margir nemendur eiga góðar minningar frá upphafsárum Tónskóla Sigursveins. Grunninn að skólanum má rekja til blokkflautukennslu í frímínútum í Austurbæjarskóla.**



„Þessi aðferð hans gaf mörgum tækifæri til að hefja hljóðfæranám og að kynnast tónlist og nótum,“ segir Jórunn Sigurðardóttir, dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu. MYND/STEFÁN

Einn fyrsti nemandi Sigursveins D. Kristinssonar var Jórunn Sigurðardóttir, dagskrárgerðarmaður hjá RÚV. Fyrstu nemendur hans komu úr Austurbæjarskóla en þar gekk Jórunn í barnaskóla. Sigursveinn kenndi börnunum söng við Austurbæjarskóla og bauð þeim sem vildu að læra á blokkflautu í kennslu í löngu frímínútunum. Hún segir hann hafa haft mikinn áhuga á að færa tónlistina til alþýðunnar og gefa sem flestum kost á að kynnast tónlistarnámi, óháð fjárhag. „Á þessum árum var allt tónlistarnám mjög dýrt og almenningur hafði sjaldnast ráð á að senda börn í tónlistarskóla. Slíkt nám var yfirleitt fyrir börn efnaðra foreldra en það breyttist með Sigursveini.“

**ÓHEFÐBUNDIN KENNSLA**

Kennslan fór fram með frekar óhefðbundnum hætti „Við fórum nokkur saman í hóp og hann kenndi okkur saman. Ég á enn kennslubókina en sjálf hafði ég aðgang að blokkflautu þótt ég muni ekki í dag hvaðan hún kom. Þessi aðferð hans gaf mörgum tækifæri til að hefja hljóðfæranám og að kynnast tónlist og nótum.“

Ári síðar stofnaði Sigursveinn Tónskólann formlega en fyrsta árið var skólinn til húsa á heimili hans við Óðinsgötu í Reykjavík. „Þá fóru tímarnir fram í stofunni heima hjá honum og nemendur sátu við borðstofuborðið. Þar var ég einn vetur en sótti svo ekki frekara tónlistarnám en upp úr 1970 var skólinn kominn í eigið húsnæði við Hellusund.“



Sigursveinn fór á milli staða á sérútbúnu mótorhjóli með setvagni.

**OPNAÐI HEIM TÓNLISTARINNAR**

Þótt Jórunn hafi hætt formlegu tónlistarnámi hélt hún áfram að spila á blokkflautuna. „Seinna hóf ég að syngja í kór og þá gat ég lesið nótur sem ég hefði annars ekki getað gert. Þannig opnaði námið fyrir mér og öðrum heim tónlistar sem við hefðum annars aldrei notið.“

Hún segist eiga góðar minningar frá þessum árum og einnig um Sigursvein sjálfan. „Þetta var skemmtilegur tími. Sigursveinn var blíður og góður maður sem sýndi börnum mikla þolinmæði. Hann leiddi frekar en að skipa fyrir og ég man ekki eftir að hann skammaði okkur. Kennarar gerðu það alveg á þessum tíma. Hvort sem það var vegna fötlunar hans eða blíðu hans og skilnings í okkar garð, hvarflaði aldrei að okkur að stríða honum enda var hann einstakur maður, að minnsta kosti í minningunni. Hann kom akandi á einhvers konar mótorhjóli með setvagni inn í skólaportið. Svo kom gangavörðurinn hlaupandi út og tók hann í bóndabeygju og bar hann inn. Við söfnuðumst gjarnan saman til að fylgjast með þessu. Inni í skólastofunni var hann svo í hjólastól.“

# Fagnað með fjölbreyttum hætti

**Fimmtíu ár eru nú liðin frá stofnfundi Tónskóla Sigursveins. Í tilefni þess verður haldin afmælishátíð í Hörpu á sunnudag en fleiri afmælisviðburðir verða út árið.**

Tónskáldið Sigursveinn D. Kristinsson hafði forgöngu um stofnun Tónskóla Sigursveins árið 1964 en með honum var áhugasamt fólk um stofnun alþýðutónlistarskóla. Þá voru lög um stuðning við tónlistarskóla nýsamþykkt að frumkvæði Gylfa Þ. Gíslasonar þáverandi menntamálaráðherra. „Skólinn var frá upphafi opinn öllum, óháð aldri og kunnáttu. Inntökuskilyrði voru þau að nemendur væru áhugasamir og stunduðu námið vel,“ segir Sigursveinn Magnússon, systursonur Sigursveins D. Kristinssonar, sem hefur starfað við skólann frá 1975. Upphaflega við hlið Sigursveins en sem skólastjóri frá því að Sigursveinn eldri lét af störfum árið 1984. Hann lést árið 1990.

„Það var frá upphafi gæfa skólans að fá til liðs við sig frábæran hóp kennara, sem er algjör forsenda þess að starfið geti dafnað,“ segir Sigursveinn. Strax í upphafi var ljóst að mikil þörf var fyrir skólann og nemendum fjölgaði hratt. „Það vantaði flest, bæði húsnæði og hljóðfæri en smátt og smátt kom skólinn undir sig fótunum og eignaðist húsnæði í Hellusundi 7, þar sem aðalstöðvar hans voru lengi vel. Síðar hófst sókn skólans til barnmargra hverfa til að auðvelda nemendum að sækja námið. Kennsla hófst í Breiðholti 1975 og í Árbæ 1990.

## SKÓLASTARFIÐ

Höfuðstöðvar skólans eru nú á Engjateigi 1 og er kennt á sex stöðum í Reykjavík. „Nemendur eru nú 550 á aldrinum þriggja til 63 ára. Yngstu börnin eru á fyrsta ári og koma í skólann á sérstök námskeið með foreldrum sínum. Margir hefja nám í forskólanum sem er tvö ár og enn aðrir hefja námið í Suzukideildinni. Fjöldaþátttaka á byrjendastigi verður til þess að hópur nemenda finnur sig í náminu og setur sér jafnvel það markmið að gera tónlist að ævistarfi,“ segir Sigursveinn.

Á þessu skólaári stunda 70 hljóðfæra- og söngnemendur framhaldsnám og átta munu útskrifast frá skólanum í vor. „Á samleikssviðinu eru svo fjórar strengjasveitir, flautukór, tveir strengjakvartettar, blásarakvintett, rytmískar hljómsveitir og stórsveit. Þá felur samvinna við Skólahljómsveit Austurbæjar í sér gagnkvæma þátttöku nemenda í samleik og tónfræðagreinum.

## AFMÆLIÐ

Í aðdraganda afmælisársins ákváðu kennarar og stjórnendur að nokkrir þættir yrðu gegnumgangandi; samvinna, frumkvæði, fræðsla, kynning, hugmyndafræði og endurmenntun. Þessir þættir hafa einkennt skólastarfið í vetur og munu gera árið út.

Dagskráin í Eldborgarsal Hörpu þann 30. mars mun að sögn Sigursveins sýna þverskurð af starfi skólans. „Við settum okkur það markmið að allur nemendahópurinn kæmi fram og það er nokkurn veginn að takast. Inn á milli tónlistaratriðanna verða svo sviðsett minningabrot úr sögu skólans.“

Á meðal annarra viðburða á afmælisárinu má nefna málþing um tónlistarfræðslu, útgáfu ævisögu Sigursveins D. Kristinssonar, endurmenntunarferð kennara til Vínar og Salzburg og ýmis samleiksverkefni innan sem utan skólans. „Eitt viðamesta samleiksverkefnið er Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna. Um starf hennar hefur tekist ákaflega ánægjuleg samvinna við tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu. Síðast en ekki síst ber að nefna það samstarf sem hefur tekist við fjölda leikskóla í borginni um verkefni sem lýkur með árlegum tónlistarflutningi á Barnamenningarhátíð,“ segir Sigursveinn.

Hann telur verkefni stjórnenda í tónlistarskóla ekki síst vera fólgin í því að leiða saman fjölbreyttan hóp kennara og nemenda í breiðu samstarfi. „Kennslan miðast að sjálfsögðu við að efla hvern og einn og fá hann til að sækja fram til aukinnar hæfni og getu, en orkan, innlifunin og drifkrafturinn kemur þegar fleiri vinna í hóp. Í samleiknum tvíeflist hver og einn og tónlistariðkunin fær dýpri tilgang.“



**Sigursveinn Magnússon er systursonur Sigursveins D. Kristinssonar sem stofnaði skólann. Hann hefur starfað við skólann frá árinu 1975 og tók við sem skólastjóri árið 1984.** MYND/VALLI

# Ber sterkar taugar til skólans

„Ég er mjög ánægð með það veganesti sem skólinn gaf mér,“ segir Gerður Gunnarsdóttir fiðluleikari en hún útskrifaðist frá Tónskólanum árið 1980.

„Aðstaða skólans var allt önnur á þeim árum sem ég var að byrja og ekki hægt að líkja húsnæðinu í Hellusundinu saman við Engjateiginn. Reyndar byrjaði ég að læra á flautu heima hjá Sigursveini D. Kristinssyni á Óðinsgötunni. Ég er sérstaklega þakklát Michael Shelton sem leiðbeindi mér síðustu tvö árin fyrir burtfararprófið. Það er ekki síst honum að þakka að mér tókst að komast inn í Tónlistarháskólann í Köln hjá prófessor. Igor Ozim á sínum tíma,“ segir Gerður. „Það kom mér á óvart hve vel ég stóð að vígi hvað aukafögin varðaði þegar út var komið, en við vorum kannski dálítið sérstakur hópur sem vorum í framhaldstímum hjá John Speight og Sigursveini Magnússyni síðustu árin í Tónskólanum. Vorum sennilega komin langt fram úr staðlaða námsefninu.

Hvernig birtist skólinn þér í dag?

„Ég er ótrúlega stolt af því hvernig skólinn hefur byggst upp og blómstrað. Það hefur verið haldið mjög vel á málum skólans og þeir eru margir sem hafa tekið höndum saman og hjálpast að við það verk. Stjórn skólans og kennarar hans eiga miklar þakkir skilið. Það er afskaplega göfugt starf að vera tónlistarkennari og ég er viss um að Sigursveinn D. Kristinsson hefði verið ákaflega stoltur af því sem áunnist hefur á þessum fimmtíu árum. Ég ber mjög sterkar taugar til skólans og hlakka til að vinna að verkefni tengdu afmælinu á næsta ári með strengjanemendum skólans.“



**Gerður Gunnarsdóttir fiðluleikari og konsertmeistari.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Elti píanókennarann

**Þorbjörg Reach Gunnarsdóttir hefur lært á píanó frá unga aldri. Þegar hún var ellefu ára flutti hún sig í Tónskóla Sigursveins og er þar enn.**

Ég elti kennara minn, Halldóru Aradóttur, frá Tónmenntaskóla Reykjavíkur til Tónskóla Sigursveins. Hún hefur kennt mér frá fyrstu tíð. Mér hefur alltaf liðið mjög vel í skólanum og er ánægð með aðstöðuna. Starfsmennirnir eru ákaflega vinalegir,“ segir Þorbjörg sem tekur lokapróf á næsta ári.

Þorbjörg er 24 ára og þekktust fyrir að vera hljómborðsleikari hjá hljómsveitinni Retro Stefson. „Námið hefur komið sér vel þegar ég leik með hljómsveitinni þótt þetta sé ólíkt. „Ég er hins vegar ekki búin að ákveða framhaldið en mögulega fer ég í áframhaldandi píanónám eða píanókennaranám. Píanóið heillaði mig alltaf sem hljóðfæri, enda lék afi minn á píanó, móðir mín og tveir bræður.

Við erum með píanó heima en það er sorglegt að segja frá því að ég erfði gamlan flygil frá afa mínum. Hann var stór og fyrirferðarmikill og komst því ekki fyrir á heimilinu og var settur í geymslu. Síðan misstum við geymsluna og þá urðum við að selja hann,“ segir Þorbjörg.

Hún ætlar að halda áfram að spila með Retro Stefson og segir að síðasta ár hafi verið annasamt hjá hljómsveitinni. „Það hefur verið örlítið rólegra undanfarið og þá hefur mér gefist góður tími til að æfa mig á píanóið,“ segir hún.



**Þorbjörg Reach Gunnarsdóttir píanóleikari hefur stundað píanónám frá unga aldri. Þess utan leikur hún með hljómsveitinni Retro Stefson.** MYND/GVA

### ● KENNT Á SEX STÖÐUM

**Engjateigur 1**
Höfuðstöðvar skólans. Þar fer meðal annars fram mikið af hópastarfi skólans. Þar er einnig þjónustumiðstöð skólans með skrifstofu, bóka- og gagnasafni.

**Dalskóli**
Þar er kennt á píanó og gítar og fer kennsla fram á skólatíma.

**Suðurhlíðarskóli**
Þar er kennt á píanó. Kennsla fer fram á skólatíma.

**Hraunberg 2**
Þar hefur hryndeild skólans aðsetur. Þar eru einnig kenndar flestar aðrar greinar.

**Árbæjarskóli**
Tónskólinn og Árbæjarskóli hafa með sér samvinnu um kennsluhúsnæði, en einnig um morgunverðarsamverustundir.

**Breiðagerðisskóli**
Þar er kennt á fiðlu á skólatíma.

### ● NOKKRAR STAÐREYNDIR UM SKÓLANN

- **550 nemendur** stunda nám við skólann. Þar af 70 á framhaldsstigi.
- **120 tónleikar** eru að jafnaði haldnir á vegum skólans ár hvert.
- **55 hljóðfæraleikarar** starfa við skólann.
- Skólinn hefur reglubundið samstarf við **20 leikskóla.**
- Tónskólinn helgar sér einn vordag ár hvert. Á Degi Tónskólans, sem að þessu sinni verður 17. maí, koma fram **300 nemendur á 11 tónleikum.**

# Léttstígar leikskólaverur syngja lög **Jóns Ásgeirssonar**



Ánægjulegur þáttur í starfi Tónskóla Sigursveins er árlegt samstarf við leikskóla í Reykjavík um þátttöku í Barnamenningarhátíð. Hvert ár er tileinkað tónskáldi sem að þessu sinni er Jón Ásgeirsson.

Á setningardegi Barnamenningarhátíðar þann 29. apríl munu 500 litlar og léttstígar verur úr leikskólum borgarinnar sameinast í einn kór í Eldborgarsal Hörpu. Þar koma einnig fram forskólanemendur Tónskólans. Sérstakir gestir verða tónskáldið Jón Ásgeirsson og Hamrahlíðarkórinn.

Mikil ánægja hefur ríkt með þessa uppákomu en hin síðustu ár hafa börnin sungið lög Olgu Guðrúnar Árnadóttur, Ómars Ragnarssonar og Atla Heimis Sveinssonar af list.

# Ævisaga **Sigursveins D. Kristinssonar** væntanleg

Bók um ævi og störf Sigursveins D. Kristinssonar er væntanleg í haust. Þar verður fjallað um uppvöxt hans norður í Fljótum og Ólafsfirði, erfið veikindi og fötlun í bernsku. Þá er rakið hvernig hann reif sig upp úr bágindum og gerðist virkur í félagsstörfum og menningarmálum í Ólafsfirði, Siglufirði og Reykjavík.

Greint verður frá tónlistarnámi heima og erlendis og helstu tónsmíðum, en einkum frá brautryðjandastarfi í tónfræðslu meðal almennings sem náði hámarki með stofnun Tónskólans. Þjóðháttafræðingurinn Árni Björnsson skrifar bókina.

Nemendum Tónskólans fyrr og síðar og öðrum velunnurum mun gefast kostur á að gerast áskrifendur og fá nöfn sín birt í þakkarskrá. Á heimasíðu skólans er hægt að skrá sig fyrir bókinni, einnig er hægt að hringja í síma skólans 5685828 og biðja um áskrift.







PRENTSMIÐJAN VIÐEY
Sími 577 4646 - videy@videy.is
TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
margt smátt
VERKÍS

*Við megum ekki gleyma því að við erum öll kreatíf sem manneskjur og getum öll hugsað út fyrir boxið. Eins og listamaðurinn Ai Weiwei sagði eitt sinn; „Creativity can only be untaught.“*



## Uppáhalds

**MATUR?**
humar

**VERSLUN?**
corso como

**DRYKKUR?**
campari soda

**HÖNNUÐUR?**
matali crasset

**VEITINGAHÚS?**
maðurinn minn er besti kokkurinn

**HREYFING?**
yoga

**VEFSÍÐA?**
www.thecreatorsproject.vice.com

**DEKUR?**
svaml í heitum potti

mikilvægi þessa því flest okkar munu dvelja á spítala einhvern tíma á lífsleiðinni. „Rannsóknir hafa sýnt að það hefur áhrif á okkur hvernig liturinn á veggjunum er, ljósið, hljóð og allt það sem hefur með skynjun okkar að gera. Flæðið er einnig mikilvægt. Hvernig eru samskipti fólks inni á spítalanum? Eins og ég nálgast þetta þá skiptir heildarmyndin og umgjörðin máli en kerfið á bak við er einnig áhugavert. Það sem við hönnuðir erum að búa til á að stuðla að vellíðan og betra lífi, annars á það ekki rétt á sér því heimurinn er jú fyrir okkur,“ segir Hlín Helga.

### Vitundarvakning í samfélaginu

„Það hefur orðið mjög mikil vitundarvakning síðustu ár um að við þurfum ekki allt þetta dót í kringum okkur. Þessi kaupglaða neytendahegðun er búin að vera svo gegnumgangandi síðustu áratugi og við þurfum að fara að hugsa betur um náttúruna og umhverfið og huga að sjálfbærni á öllum sviðum, gagnvart náttúrunni og samfélaginu. Við megum ekki gleyma því að við erum öll skapandi sem manneskjur og getum öll hugsað út fyrir boxið. Eins og listamaðurinn Ai Weiwei sagði eitt sinn: „Creativity can only be untaught.“
Við lifum í nýjum heimi sem kallar á breytingar. Það er meiri tækni fyrir hendi og tæknin er meðal annars partur af lífi barnanna okkar. Núna þarf hins vegar aðeins að finna upp hjólið aftur því við erum með brotin kerfi úti um allan heim og stofnanir sem virka ekki lengur því þær byggjast á allt öðrum gildum og lögmálum en við viljum sjá í dag. Við viljum meira gagnsæi í stjórnmálum og við viljum spítala sem eru heilunarstaðir.“

### Like á Facebook eins og fullnæging

Í framhaldi af samtalinu um tæknikynslóðina og nýjan heim bendir Hlín Helga á áhugaverðan hlut. „Það hafa til dæmis komið upp mjög áhugaverðar rannsóknir á því hvernig maður getur orðið háður samfélagsmiðlum. Það tengist einni frumþörf mannsins sem sennilega hefur verið vanrækt svolítið lengi. Okkar grunnþarfir eru nokkrar en maður þarf að nærast, eiga skjól, fjölga sér og vera viðurkenndur í samfélaginu. Þessari síðastnefndu þörf hefur einhvern veginn ekki verið fullnægt hjá mannkyninu en nú koma samfélagsmiðlarnir sterkt inn og framkalla jafn sterk vellíðunarviðbrögð við því að fá like á Facebook eins og að fá fullnægingu,“ segir hún og hlær. Þetta er fáránlegt en þetta er bara ný leið til að fullnægja grunneðlinu. Þetta hef ég einnig mikið verið að skoða þó svo ég hafi mest verið að vinna með spítölunum.“



# HÖNNUN HLUTIR SEM HAFA TENGINGU VIÐ MANNSLÍKAMANN HEILLA MIG

*María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður sýnir fylgihlutalínuna sína, Staka í versluninni 38 þrep á Laugavegi á Hönnunarmars .*

María Kristín Jónsdóttir útskrifaðist sem vöruhönnuður úr LÍH árið 2003 en ákvað fyrst að verða hönnuður eftir að hún eignaðist sitt fyrsta barn. „Það var þá sem ég fann að þetta væri það sem mig langaði að gera,“ segir María Kristín sem kynnti sína fyrstu fylgihlutalínu undir nafninu Staka á Hönnunarmars árið 2012. Áður hefur hún hannað fylgihlutalínuna Þráð sem er seld í Spark Design Space. Að þessu sinni er hún með sýningu í versluninni 38 þrep á Laugavegi 49. „Hugmyndin á bak við Stöku er upprunalega sprottin upp úr Íslendingasögunum en til varð ímyndaður íslenskur ættbálkur, eins konar hirðingjar sem búa hvergi en eru á ferðinni og takast á við stórbrotna náttúruna í leiðinni. Í þessari vinnu minni hef ég sett mig í spor þeirra og hannað fylgihluti úr leðri sem eru léttir og auðvelt er að pakka saman.“ Línan er unnin úr leysiskornu leðri í mismunandi stærðum sem mótað hefur verið í armbönd og hálsmen. Nafnið Staka þýðir skinn af dýri eða stök vísa úr kvæði.



María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður.


Staka: hálsmen og armband í stíl úr laserskornu leðri.


Fylgihlutur úr leðri sem karlmenn geta einnig borið.

VIÐ ERUM FLUTT Í FÁKAFEN 9

Curvy hefur nú flutt verslun sína í stærra og betra húsnæði að Fákafeni 9 ( beint á móti Metró )

Full búð af flottum vörum í stærðum 14-28 og glæsileg opnunartilboð alla vikuna



Afgreiðslutími í verslun okkar að Fákafeni 9
Alla virka daga frá kl: 11-18
Laugardaga frá kl: 11-16

Curvy.is
Sími 581-1552
Fákafen 9 , 108 RVK
www.curvy.is


Gæruljósakrónan er skemmtilega öðruvísi.


Fjöður, Stig, Lögg og Bragð verða til sýnis í Hörpunni alla helgina

# KRINGLÓTT OG LOÐIN Í HÖRPUNNI

*Útstillingarhönnuðurinn og blómaskreytirinn Heiðrún Björk Jóhannsdóttir hefur hannað sérstaka ljóskrónu undir nafninu Ærleg en ljóskrónan er úr íslenskri gæru.*

„Þetta er íslenskt gæruskinn sem ég fæ frá Sauðárkróki. Gæran er sett utan um járnhólka og liggur hvergi við ljósaperu svo þetta er jafnöruggt og pappakúla úr IKEA,“ segir Heiðrún Björk Jóhannsdóttir sem er hönnuðurinn á bak við ljósakrónuna Ærleg sem sýnd er í Hörpunni á Hönnunarmars um helgina. Heiðrún Björk bjó á Grænlandi um skeið og byrjaði að búa til ýmsa fylgihluti úr selskinni og leðri áður en hún féll fyrir íslensku gærunni. „Gæran er svo mikill partur af innanhússmunum í dag að mér datt í hug að nota hana á annan hátt.“ Ljósakrónuserían Ærleg er til í fjórum stærðum sem allar heita eftir sauðfjármörkum íslenskra bænda. Fjöður, Stig, Lögg og Bragð verða til sýnis í Hörpunni alla helgina.

# TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

# Fermingargjöfin fæst hjá okkur!

Þyngd -13,2 Kíló
Verð 119.990Kr



## Cube LTD CLS
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -13,2 Kíló
Verð 119.990Kr



## Cube LTD CLS LADY
Þýsk gæði á góðu verði!

Gaffall
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm
Verð 109.990Kr



## Cube Aim pro 29
Þýsk gæði á góðu verði!

Gaffall
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm
Verð 149.990Kr



## Cube Aim SL 29
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -9,5 Kíló
Verð 279.990Kr



## Cube Cross Race
Þýsk gæði á góðu verði!

Þyngd -9,1 Kíló
Verð 219.990Kr



## Cube Peloton 3-fach
Þýsk gæði á góðu verði!

## CUBE 2014
CUBE barnahjólin
eru komin aftur!



Cube 240 - 63.990KR.



## 20 - 40% afsláttur
af árgerðum 2012 & 2013

Margverðlaunaðir hjálmar frá
## Louis Garneau
eru komnir!



LG hjálmar frá - 8.990KR.

- Cube / Craft / Louis Garneau / Brooks / Compresssport -

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 15:00

# DAGUR Í LÍFI FRÍÐU MARÍU

***Fríða María Harðardóttir er ein af eftirsóttustu förðunarfræðingum landsins en hún hefur yfirumsjón með förðun fyrirsætanna á Reykjavík Fashion Festival um helgina ásamt Guðbjörgu Huldísi. Fríða María hefur átt viðburðaríka viku eins og flestir sem að koma að tískuhátíðinni og Lífið fékk að fylgjast með.***



Ég barðist í gegnum rok og rigningu með jógadýnuna undir arminum og var mætt í Astanga yoga í Yoga Shala kl. 6.45 í morgun. Það var frábær byrjun á deginum.




Svo fór ég upp í MAC og fékk hjálp með tilraunir með efni og áferð hjá fróðleiksbrunninum Hörpu Káradóttur verslunarstjóra og starfsmanni hennar, Ástríði Einarsdóttur.



Ég skaust heim og dekraði smá við son minn, hann Þorgeir Atla, og skutlaði honum á fimleikaæfingu í Ármanni.



Um morguninn fór ég á fund vegna Reykjavík Fashion Festival með Guðnýju Kjartansdóttur, verkefnastjóra RFF, og Maríu Guðvarðardóttur, vörumerkjastjóra MAC á Íslandi.



Ég hitti Hekluklúbbinn minn góða, eða það sem eftir er af honum, í hádeginu á Icelandic Fish and Chips. Ásamt mér eru þær Líf Magneudóttir og Sigurlaug Kristjánsdóttir í klúbbnum, en gaman er að geta þess að Líf þessi vermir 2. sætið á framboðslista Vinstri grænna í Reykjavík. Við höfðum því margt að ræða, mest um tískubransann og skólamál í borginni.



Þá skrapp ég á tónleika í Salnum í Kópavogi þar sem dóttir mín, Sunneva Líf, var að spila á blokkflautu með flautukvartettinum sínum ásamt sellóleikara og tveimur hörpuleikurum. Róandi stund það.



Um kvöldið blikkaði ég fyrirsætuna Önnu Þóru Alfreðsdóttur með mér upp á vinnustofu til að gera smá tilraunir með förðun fyrir sýningar REY og Ziska, sem ég var ekki alveg búin að hanna til fulls. Því miður má ekkert sýna fyrr en á morgun, laugardag, en svona var kittið mitt.






Vinkonurnar Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir sköpuðu ævintýraheiminn Tulipop.

## HÖNNUN
# TEIKNISMIÐJA FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

***Vinkonurnar Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir eru eigendur Tulipop en þær slá upp teiknismiðju fyrir börn og foreldra þeirra um helgina sem lið í Hönnunarmars.***

„Það er tilvalið fyrir alla fjölskylduna að leggja leið sína til okkar á Hverfisgötu á laugardaginn á viðburðinn okkar hjá Tulipop á Hönnunarmars. Við munum frumsýna nýja vörulínu sem inniheldur fullt af spennandi nýjungum en einnig munu börnin fá skapandi Tulipop-teiknibækur og leiðsögn við að skapa sínar eigin teikningar,“ segir Helga Árnadóttir, annar eigandi Tulipop.

Ævintýraheimurinn Tulipop var skapaður af vinkonunum Signýju Kolbeinsdóttur, vöruhönnuði og teiknara, og Helgu Árnadóttur, tölvunarfræðingi og MBA. Markmið þeirra var að búa til fallegar vörur fyrir börn sem höfða til fólks á öllum aldri. Fyrirtækið var stofnað í byrjun árs 2010 og er Tulipop-vörulínan í dag seld í fjölda verslana á Íslandi auk þess að vera til sölu í átta löndum utan Íslands.

# VELDU HOLLARA

**Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem hlaut gæðavottun Skráargatsins**




## Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.

**Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.**

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.
Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á**
**skraargat.is**



ROSE
Poultry from Denmark

Pinterest



### Stella Jean
**www.pinterest.com/search/pins/?q=stella%20jean**

Undir nafninu Stella Jean er að finna fjölmargar Pinterest-síður sem eru mikið augnakonfekt. Litríkar og kvenlegar myndir af hönnun ítalska hönnuðarins Stellu Jean eru skemmtilegar og auðvelt er að gleyma sér í dýrðinni. Stella Jean blandar saman ólíkum efnum og munstrum í fallegum litum og er höfuðfatið greinilega einnig mikilvægt.

facebook




### Goop
**www.facebook.com/Goop**

Leikkonan Gwyneth Paltrow byrjaði með vefsíðuna Goop árið 2008 með það í huga að deila ýmsum jákvæðum lífsgildum og upplifunum. Þarna er að finna allt milli himins og jarðar sem tengist heilsusamlegum lífsstíl, uppskriftum, hinu fullkomna dressi fyrir sumarið eða öðru skemmtilegu fyrir konur. Á síðu Goop er einnig hægt að hlaða niður góðum „city guides“ eða leiðbeiningum fyrir borgirnar Los Angeles, New York og London.



### OOvOO-app
**ooVoo Video call, text and ...**

Með OoVoo-smáforritinu getur þú hringt ókeypis, talað frí vídeósímtöl og sent textaskilaboð á auðveldan hátt til vina og fjölskyldu. Allt að tólf manns geta verið saman í hópspjalli. Yfir 90 milljónir manna nota ooVoo en það er auðvelt að skrá sig og finna vini sína.

## BLOGGARINN BLOGGAÐI SIG Á TOPPINN Í TÍSKUHEIMINUM

### Elin Kling
**Thewall.elin-kling.com**

Einn stærsti tískubloggari í heiminum í dag er hin sænska Elin Kling. Með einföldum og óaðfinnanlegum stíl sínum hefur Kling vakið mikla athygli í tískuheiminum. Á síðasta ári seldi Elin Kling bloggsíðu sína fjölmiðlaveldinu Condé Nast og síðan hefur bloggið breyst í fréttaveitu frá tískuheiminum. Einnig er fröken Kling listrænn stjórnandi tískutímaritsins Styleby sem kemur út í Svíþjóð en sjálf er hún búsett í New York. Blogg sem enginn tískuunnandi ætti að láta fram hjá sér fara.









Wilson's PIZZA

# ÞAÐ ER 40% AFSLÁTTUR AF STÓRUM PIZZUM AF MATSEÐLI UM HELGINA



## Stór Rambó

Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur

~~2990~~

**1794** kr.



## Stór Hawaiian

Pizzasósa, ostur, skinka, ananas

~~2490~~

**1494** kr.



## Stór Double pepp

Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litið)

~~2790~~

**1674** kr.



PANTAÐU Á NETINU

**581 15 15 wilsons.is**

Ánanaustum Gnoðavogi 44 Eddufelli 6 Vesturlandsvegi

## BÍLAR & FARARTÆKI



M.BENZ Sprinter 313 cdi. Árgerð 2006, ekinn 161 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.200.000. Rnr.300479. Á staðnum.



Dísel SKODA Fabia ambiente. Árgerð 2007, ekinn 139 Þ.KM, 5 gírar. Tilboðsverð 990.000. Rnr.104949. Á staðnum.



STARCRAFT 2102 10 fet. Árgerð 2007, fortjald. Verð 1.490.000. Rnr.104624. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið virka daga mán - fös 10-18 & lau 12-16**
**www.planid.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Auris 1.4 sol dísel. Árgerð 2008, ekinn 110 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.160705.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2012, ekinn 98 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.160896. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



CHEVROLET Lacetti s/d. Árgerð 2008, ekinn 58 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.990523. VERÐ NÚ kr: 890.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

HEIMSBÍLAR



SKI-DOO summit freeride 154 800r. Árgerð 2011, ekinn 3400 KM, bensín. krókur, naglar í belti. tilboðsverð 1.690.000. Rnr.335099.



M.BENZ M ml320cdi. Árg. 2008, ek. 110 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. krókur, tveir eigendur Verð 6.990.000. Rnr.322075. tilboðsverð 6.490þ, er á staðnum uppl. s 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

KTM ÍSLAND



**Í TILEFNI AF 20 ÁRA AFMÆLI KTM Á ÍSLANDI !**
Verðum við með sýningu á KTM og Husqvarna mótorhjólum laugardaginn 29. mars. kl: 12-17

**KTM Ísland ehf.**
**Rofabæ 7, 110 Reykjavík**
**Sími: 586-2800**
**www.ktm.is**

bílaplan.is



**BÍLL DAGSINS !!**
BMW 545i árg. 2004 ek. 228 þkm 5 gíra, leður, álfelgur, stóri skjárinn ofl. mjög gott eintak, tilboðsverð 1990 þús Rnr 107075 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

SUZUKI



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**WWW.SUZUKI.IS**

bilfang.is
S. 567 2000



**FLOTTUR 4X4 !**
M-Benz E 240 Avantgarde 4matic 4X4 12/2005 (mód 2006) ek 93 þ.km sjálfskiptur , leður, lúga ofl verð nú 2.9 mil !!!



**NÝR BÍLL DIESEL !**
Suzuki Grand Vitara DDIS (NEW) DIESEL árg 2014 Frábært verð 5890 , skipti möguleg, bíllinn er á staðnum !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝ A-LINER SOFA BED**
ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 4 stk í boði, Verð 2.690.000kr og 2 stk M/Geymslukassa 2.890.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



M.BENZ C 230. Árgerð 2006, ekinn 180 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.470.000. Rnr.220500. Höfðabílar Fosshálsi 27 Rvk S: 5774747 Höfðabílar.is



TOYOTA Land cruiser 120 lx 38". Árgerð 2005, ekinn 225 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. breyttur af Breyti Rnr.220501. Höfðabílar Fosshálsi 27 Rvk Sími 577-4747 Höfðabílar.is

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Vantar allar gerðir bíla og annara tækja á skrá og staðinn**
**www.hofdabilar.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



TOYOTA Land cruiser 150 vx 33". Árgerð 2011, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.490.000. Rnr.112906.



KIA Sorento diesel. Árgerð 2013, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.112751.



HONDA Cr-v lifestyle. Árgerð 2012, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.680.000. Rnr.113017.



TOYOTA Tacoma doublecab 38". Árgerð 2005, ekinn 119 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.900.000. Rnr.112777.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

Seldur.is

**VILTU SELJA BÍLINN**
Viltu selja bílinn hratt og örugglega? Kaupum allar gerðir af vel með förnum og lítið keyrðum bílum. Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum.Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

Ford Town & Country 7 manna árg. ,00 V. 140þús. stgr. Ek. 140þ.km. Uppl. í s. 8956307

## 250-499 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 490ÞÚS, STGR.**
Peugeot 307 árg ,01 ek. 162þús km. bsk, skoðaður. 5d. ný heilsársdekk. mjög eyðslugrannur. ásett verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR TILBOÐSVERÐ !**
Ford Fusion árg ,06 ekinn 162þús km. sjálfskiptur. 5 dyra. ný tímareim. ný skoðaður. ný vetrardekk. smurbók frá upphafi. virkilega eyðslugrannur bíll í góðu standi. ásett verð 940þús. Tilboðsverð aðeins 650þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**GÓÐUR NÝ SKOÐAÐUR BÍLL**
Renault Megane 1.6 árg ,03. ek. aðeins 130þús km. bsk. ný sko. glæný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. stór glerlúga, góður bíll. ásett verð 850þús. Tilboðsverð aðeins 590þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**FRÁBÆRT EINTAK 7MANNA**
Hyundai Trajet 7manna árg ,02. ek. aðeins 85þús km. sskj. nýleg tímareim. ný skoðaður. ný sumardekk. vetrardekk fylgja. ný yfirfarinn á verkstæði. ásett 880þús. Tilboðsverð 690þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPIBILA@GMAIL.COM 0-500 ÞÚS STGR!**
Helst ekki eldri en 2002, má þarfnast lagfæringa eða vera óskoðaður, sendið mail með helstu uppl tegund árg keyrslu verðhugmynd og ástand! væri gott að fá bílnumer með og síma og eg mun hafa samband ef mer lyst á, kaupibila@gmail.com

## Jeppar



**VILL EINHVER ELSKA..**
165 mánaða gamlan Terrano II? 7 manna bíll. Árgerð 2000 kom á götuna í júní 2000. Keyrður tæplega 240þús. Í ágætu standi. Áhugasamir hafi samband í síma 8227624 eða sendi fyrirspurn á jonjohann@internet.is. Tilboð óskast.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

bílaland
**- NOTAÐIR BÍLAR -**
**www.bilaland.is**



VW Touareg. Nýskr. 05/04, ekinn 155 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.770.000.** Rnr.141952.



HYUNDAI I30 Style. Nýskr. 09/08, ekinn 78 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.980.000.** Rnr.130788.



CITROEN C3 SX. Nýskr. 07/08, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.290.000.** Rnr.281443.



CHEVROLET Lacetti. Nýskr. 01/11, ekinn 53 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.790.000.** Rnr.130905.



BMW 3 320i. Nýskr. 01/06, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.480.000.** Rnr.141800.



HYUNDAI Getz. Nýskr. 12/09, ekinn 77 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.350.000.** Rnr.141900.



M.BENZ Sprinter 316 cdi. Nýskr. 08/05, ekinn 210 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.490.000** **Tilboðsverð 1.990.000.** Rnr.130748.

Kletthálsi 11
**525 8000**
www.bilaland.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Egils
Páskaöl
og appelsín
159
kr. 500g
Egils Páskaöl og appelsín 500ml
GLEÐILEGA PÁSKA
NÓI SÍRÍUS
698
kr. 150g
BÓNUS
498
kr. 170g
498
kr. 170g
Mini eggs
198
kr. 100g
Cardbury
Mini páskaegg 100g
GÓU
ÆÐI BITAR
195
kr. 200g
GÓU
Hraun BITAR
195
kr. 200g
LYONS BISCUITS
HOMEBLEST
198
kr. 300g
pepsi
pepsi MAX
Coca-Cola
198
kr. 2 ltr.
198
kr. 1.5 ltr.
Smiths
BUGLES
198
kr. 125g
Doritos
198
kr. 170g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**279** kr. 200ml **279** kr. 200ml

Wella **Hárnæring og Shampoo**

**598** kr. 250ml

**Wella hárlakk 250ml**




**598** kr. 150ml

**Wella hárgel 3 tegundir**




**498** kr. 20 stk.

**Tampax tíðartappar 20 stk.** regular/super




**598** kr. pk.

**Alaways dailies innlegg** 60 stk. normal/ 52 stk. long




**798** krónur 2 ltr.




**1598** krónur pakkinn




**298** kr. 70g

Eco spíra
**Alfalfa** 70g




**398** kr.50g

Eco spíra
**Brokkolí & smári** 50g




**698** kr. 500ml

**Moroccana Argan shampoo**




**698** kr. 500ml

**Moroccana Argan næring**

**MOROCCAN ARGAN OIL**




**898** kr. 100ml

**Moroccana Argan hárolía**

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

VISA

## Vélsleðar



Yamaha vélsleði RX1 4 cyl, ek. 1300 km til sölu. Ný yfirfarinn af umboði og sem nýr í útliti. Árgerð 2003. Fjöldi fylgihluta. Verð 790. Þús. Staðgreiðsluafsláttur. Uppl. í gsm: 696-9296.

## Fellihýsi




## Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

## Viðgerðir



**REIÐHJÓLA OG SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN - ENGINN BIÐTÍMI !**

Tek við öllum gerðum af reiðhjólum, og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal púströrviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**

Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

## Garðyrkja




**Geri Gagn ehf**
**í garðverkum**
**S. 897 9724**

**Garðaþjónusta Íslands ehf**
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

**GARÐVINNA - TRJÁKLIPPINGAR OG GRISJUN**

Karl G. skrúðgarðyrkjumeistari s. 571-7773 / 899-7773

## Bókhald

**HSE Bókhald & Uppgjör slf**

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**SKATTFRAMTAL 2014**

Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila. Ég er viðskiptafræðingur Cant. Oecon. Með mikla reynslu.

Ódýr og góð þjónusta.

Kíktu á www.skatt.is s:661-3703

**S. 661 3703 / www.skatt.is**

**SKATTFRAMTAL 2014**

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**

Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir



CASA-RAF

**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**

Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

## Önnur þjónusta

**FATABREYTINGAR**

**ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI**

Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

**Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26**

**Sími 861 4380.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**RISA DVD MARKAÐUR!**

Fullt af frábærum titlum!

Magn afsláttur!

Gerum einnig við geisladiska!

**James Bönd, Skipholti 9, 105 Reykjavík.**

**S. 562 5271**



**BÍLL DAGSINS**

**Honda Civic Sport, dísil**

Nýskráður 2/2014, sýningarbíll, dísel, 6 gírar.

Verð kr. **4.090.000**



HONDA

**CR-V Comfort Plus Dísil**

Nýskráður 2/2014, sýningarbíll, dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 6.940.000**



HONDA

**Jazz Elegance**

Nýskráður 5/2012, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.650.000**



PEUGEOT

**208 1.2VTi Active**

Nýskráður 3/2014, ekinn 0 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 2.740.000**



PEUGEOT

**3008 Premium**

Nýskráður 10/2011, ekinn 23 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.490.000**



PEUGEOT

**406 Station**

Nýskráður 12/1997, ekinn 240 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 390.000**



TOYOTA

**Corolla 1,4 Dísil**

Nýskráður 10/2006, ekinn 90 þús.km., dísel, 5 gírar.

**Verð kr. 1.590.000**



NISSAN

**X-trail**

Nýskráður 10/2004, ekinn 127 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 1.250.000**



PEUGEOT

**508 e-HDi**

Nýskráður 1/2012, ekinn 82 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.450.000**

**Opnunartími**

**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**

**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Til sölu

Til sölu málverk eftir Drífu Viðar. Fá verk til eftir þennan listamann. Tilboð óskast. Uppl. í síma 571 8328/845 5224

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Skúfhólkar óskast**
**Kaupum gamla skúfhólka.**
**Fríða frænka gsm. 8642223**

## námskeið

### STANGVEIÐIMENN ATHUGIÐ

Nýtt námskeið í fluguköstum í TBR húsinu Gnoðavogi 1.
**Hefst sunnudaginn 30. mars kl. 20:00.**
**Kennt verður 30. mars og 6 - 13 - 27. apríl.**
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu.
Mætið tímanlega munið eftir inniskóm.
**Verð 15.000 kr enn 13.000 kr til félagsmanna.**
Uppl. í síma **894 2865** Gísli eða í síma **896 7085** Svavar
KKR, SVFR og SVH

## fasteignir

**FASTEIGNASALAN TORG**
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Fasteignasalan Torg – Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími: 520 9595 – Fax: 520 9599 – www.fasttorg.is
Ábm. Sigurður Gunnlaugsson, lgfs.



Árni Ólafur Lárusson
Löggiltur skipasali.

**Til sölu: ferða- og skemmtibátur**



Til sölu fallegur ferða- og skemmtibátur, sannkallaður siglandi sumarbústaður. Tvær Volvo Penta vélar keyrðar 700 klst. Toppeintak. Dráttarvagn fylgir.
**Verð kr.17,500,000.-.**
**Upplýsingar í síma: 893 4416**

## tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Auglýsing um skipulag

**Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Suðurbæ sunnan Hamars.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2014 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í samræmi við 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið nær frá Suðurgötu að Öldutúni/Öldusløð.

Deiliskipulagstillagan og greinargerð með nýju deiliskipulaginu verður til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6 frá 28. mars til 10. maí 2014.
Hægt er að skoða tillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagið og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 10. maí 2014. Þeir sem eigi gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

*Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar*

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




## til sölu




## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR:**
**LAUGARDAGURINN 29. MARS**
12:35 MAN.UNITED - ASTON VILLA
14:50 CRYSTAL PALACE - CHELSEA
14:50 STOKE CITY - HULL CITY
**SUNNUDAGURINN 30. MARS**
12:20 FULHAM - EVERTON
14:50 LIVERPOOL - TOTTENHAM



**STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD.**

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

### Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## HEIMILIÐ

### Dýrahald



Hrfi Labrador hvolpar undan meistara til sölu. Uppl. í s.8638550

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI Í 105**
með sturtuklefa og wc. 60þúsund + 2mán trygging. Eingöngu reyklausir koma til greina. Laust 1. apríl. Upplýsingar á eilin@simnet.is.

### Húsnæði óskast

Óska eftir 2.herb. íbúð í RVK. Er 26 ára nemi við HR og reyki hvorki né drekk. Endilega hafið samband í 779-0534.

### Atvinnuhúsnæði



**TIL LEIGU.**
Bjart og gott skrifstofu/atvinnuhúsnæði á 2.hæð við Suðurlandsbraut í þriggja hæða húsi. Stærð 92,0 fm + sameign. Húsnæðið skiptist í móttöku, þrjú rúmgóð herbergi, kaffistofu og skjalageymslu. Linoleumdúkur á gólfum. - Laus 1.apríl. Uppl. gefur Ólafur í s. 896-4090

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði




**NONNABITI**
Starfsmaður óskast í Reykjavík í 100% vinnu. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Aðeins íslensku mælandi.
**Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á staðnum.**

Rauða Torgið leitar samstarfs við heita símadömu, 35-50 ára. Góðir tekjumöguleikar. Nánar á RaudaTorgid.is (atvinna)

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlífssögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

Gott heilnudd í boði. Símanr. gefið upp. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8590.

Heit kona á besta aldri vill kynnast karlmanni strax. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8949.

Eðalfínt nudd í boði. Símanr. gefið upp. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8590

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT




*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



| KL. 19:45
**Spurningabomban**
Logi Bergmann fær til sín frábæra gesti í þessum stórskemmtilega spurningaþætti.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

| KL. 19:20
**The Simpsons**
Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.



| KL. 20:35
**Men In Black**
Bráðskemmtileg ævintýramynd með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Zero Dark Thirty**
Óskarsverðlaunamynd sem segir frá leiðangri sérsveita Bandaríkjahers til þess að hafa hendur í hári Osama Bin Laden.



| KL. 20:15
**Community**
Önnur gamanþáttaröðin um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindi sín og neyðist til að setjast á skólabekk á ný.



| KL. 20:35
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | 7 | 9 | | | | |
| | | 3 | | 6 | 4 | | 2 | |
| | 9 | 1 | 2 | | | 5 | | |
| 9 | | 4 | | | 2 | | 7 | |
| | | | | 3 | | | 6 | 8 |
| | 3 | | 5 | | | 4 | 1 | |
| | 1 | | 9 | 2 | | | | |
| 5 | | | 6 | | | 7 | 8 | |
| | 8 | 6 | | | 7 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 4 | | | | 9 | |
| | | 1 | 7 | | | 6 | 4 | |
| | 2 | | 5 | | | | | 7 |
| 8 | 7 | 2 | | 9 | | | | 6 |
| 9 | | 6 | | | | | | |
| | | | 3 | | | | | 9 |
| | | | | | | 7 | | |
| 3 | | | 8 | 2 | 5 | | | |
| 4 | | | | 1 | | 2 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 9 | | | 2 | | |
| 9 | | | | | | | 1 | |
| | | 7 | 1 | | | 8 | 4 | |
| 1 | | | 3 | | | 4 | 2 | |
| | | | | 5 | | 1 | 7 | |
| 6 | 7 | | | | | | | 8 |
| 3 | | | | | | | 6 | |
| | | | 5 | 3 | 2 | 7 | | 1 |
| | | | | | | | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 2 | 5 | 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 8 |
| 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 3 | 8 | 4 | 6 |
| 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 2 | 3 | 9 | 1 |
| 4 | 3 | 1 | 6 | 8 | 9 | 7 | 2 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 |
| 3 | 1 | 2 | 9 | 4 | 6 | 5 | 8 | 7 |
| 9 | 4 | 8 | 5 | 1 | 7 | 6 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 1 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 6 | 9 | 2 | 5 | 7 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 8 | 3 |
| 7 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 3 | 4 | 5 |
| 1 | 6 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 | 7 | 5 | 8 |
| 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 | 5 |
| 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 3 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 3 | 4 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 9 | 4 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég er ekki í þessum heimi til að standast væntingar ykkar og þið eruð ekki í þessum heimi til að standast mínar.“**

*Bruce Lee*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** hróss, **6.** umhverfis, **8.** erfiði, **9.** dorma, **11.** bókstafur, **12.** sljóvga, **14.** yfirstéttar, **16.** sjúkdómur, **17.** gagn, **18.** Írafár, **20.** hljóta, **21.** titra.

**LÓÐRÉTT 1.** uss, **3.** munni, **4.** sýklalyf, **5.** berja, **7.** sætuefni, **10.** fálæti, **13.** of lítið, **15.** málmur, **16.** Blóðhlaup, **19.** stöðug hreyfing.

**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** um, **8.** púl, **9.** sef, **11.** ká, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ms, **17.** nyt, **18.** así, **20.** fá, **21.** riða.

**LÓÐRÉTT: 1.** suss, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** slá, **7.** melassi, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stál, **16.** mar, **19.** ið.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Anand (2770) hafði hvítt gegn Andreikin (2709) í tólftu umferð áskorendamótsins í skák í gær.**

**Hvítur á leik**



Anand lék hér **39. Kb3 Rc5+ 40. Kc2 Ra4 41. Kb3** og jafntefli samið. Anand átti hér hins vegar ótrúlegan vinningsleik 41. Hc4! en eftir 41... bxc4 er hvítur með unnið eftir t.d. 42. Bxa3. Anand hefur vinningsforskot þegar tvær umferðir eru eftir. **www.skak.is:** Skákþing Norðlendinga hefst í kvöld.

HönnunarMars
DesignMarch
Reykjavík
27.–30.03.2014

Marý
Dóra Hansen
Sigurjón Pálsson
Anna Þórunn Hauksdóttir
Steinunn Vala Sigfúsdóttir
Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir
Guðrún Valdimarsdóttir
Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir
Reykjavík Trading CO
Hekla Guðmundsdóttir
Sandra Kristín
Þórunn Hannesdóttir
Manfreð Vilhjálmsson
Inga Sól Ingibjargardóttir
Sigrún lara Shanko
Chuck Mack

**ÍSLENSK HÖNNUN Á HÖNNUNARMARS**

# 30 hönnuðir
# 60 nýir hlutir

epal

Opnunartímar, Skeifan 6 og Harpa

- Fimmtudag: 10:00 – 18:00
- Föstudag: 10:00 – 18:00
- Laugardag: 11:00 – 16:00
- Sunnudag: 12:00 – 16:00

**www.epal.is**

Ísak Winter
María Dýfjörð
Bryndís Bolla
Árni Jón Sigfússon
Sveinbjörg Hallgrímsdóttir
Auður Gná Ingvarsdóttir
Guðrún Edda Einarsdóttir
Helga Sigurbjarnadóttir
Herdís Björk Þórðardóttir
Dagný Björg Stefánsdóttir
Þóra Björk Schram
Ragnheiður Ösp
Björg í Bú
**Harpa**
Love Reykjavík
KOL



**GUÐLAUG DRÖFN** Myndlistarkonan verður með leiðsögn um sýningu sína í listasal Mosfellsbæjar á morgun.

## Vorinu lýkur í Mosfellsbæ

Í tilefni af sýningarlokum verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna „Vorið, kæri vinur“ með Guðlaugu Dröfn Gunnarsdóttur á morgun klukkan 13 í Listasal Mosfellsbæjar.

Sýningin er fjórða einkasýning Guðlaugar, en hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga víða erlendis og á Íslandi. Árið 2008 hélt hún sína fyrstu einkasýningu á vegum galleris í Galerie Premier Regard í París eftir boð frá Henri Jobbé-Duval, þá forstöðumanni Grand Palais.

Guðlaug er einnig þekkt sem söngkona og um fjögurra ára skeið spilaði hún og söng með indie-hljómsveitinni Princess Cum í Frakklandi. Einnig spilaði hún reglulega með Kiru Kiru fram til ársins 2010. Síðustu fimm árin hefur Guðlaug spilað með þjóðlagapoppsveitinni Miklagarði sem kemur fram við hin ýmsu tilefni.

Á sýningunni „Vorið, kæri vinur“ eru stór olíumálverk á striga þar sem viðfangsefnin eru landslag, náttúra, ljós og dýr. Einnig eru teikningar gerðar á plexigler; fuglamyndir teiknaðar með hvítri málningu og kastast sem skuggar á vegginn þegar ljós fellur á.

# Semur, syngur og stjórnar

Þóra Gísladóttir heldur útskriftartónleika sína í Tjarnarbíói í kvöld en hún útskrifast með MMus-gráðu í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi frá Listaháskóla Íslands nú í vor.

MMus-gráðan er mastersgráða í tónlist og það er ýmislegt þar inni,“ segir Þóra Gísladóttir spurð fyrir hvað titillinn sem hún mun öðlast í vor standi. „Maður hefur dálítið frjálsar hendur og ég hef sett inn í þetta tónsmíðar, smá kvikmyndatónlist og alls konar verkefni eins og til dæmis þessa tónleika sem eru lokaverkefni mitt við Listaháskólann.“

Dagskrána kallar Þóra norsk-íslenska tónlistarþrennu en það er samstarfsverkefni sem hefur staðið í tvö ár. Verkefnið byggist aðallega á tónsmíðavinnu og strengja-, bakradda- og kórútsetningum. Eftir sleitulausa sköpun, mikla hugmyndavinnu, skipulagningu, kórferð til Boston, norræna samvinnu, útsetningar, kórstjórn og upptökur lítur verkefnið nú dagsins ljós. Afraksturinn er átta frumsamin lög, stofnun nýrrar hljómsveitar, íslenskur kór, samvinna við bæði amerískan og norskan kór og rúmlega sjötíu manna samnorrænan kór sem flytja mun lokaverk tónleikanna.

Á efnisskránni eru meðal annars verk eftir Þóru Gísladóttur, Joni Mitchell, Guðmund Jónsson, Walt Harrah og Richard Smallwood og flytjendur eru Þóra Gísladóttir & hljómsveit hennar, GroveLoversnMore, ásamt bakröddum, norski kórinn Kor:z í stjórn Gro-Annette Slettebø, Gospelkór Árbæjarkirkju sem Þóra stjórnar sjálf, norska djasssöngkonan Eva Bjerge og píanóleikarinn Svein Åge Bjerge.

Þóra hefur breiðan bakgrunn, hún er tónlistarkennari, kórstjórnandi, söngkona og tónsmiður auk þess að reka eigin hljómsveit, GroveLoversnMore, ásamt eiginmanni sínum, Birni Sigurðssyni bassaleikara. „Við stofnuðum þessa hljómsveit fyrir ári og það tengdist líka verkefni í skólanum. Þá áttum við að semja lag og flytja það opinberlega og á tíu dögum samdi ég lag sem var svo gjörólíkt öllu sem ég hafði gert að ég varð að stofna hljómsveit í kringum það. Við höfum verið að spila hér og þar en við erum með tvær dætur þannig að við höfum svo sem ekkert endalausan tíma til að gera allt sem okkur langar til. En mér finnst þetta allt saman alveg óskaplega gaman og er mjög spennt fyrir tónleikunum í kvöld, sem eru stærsta verkefni sem ég hef ráðist í til þessa.“

fridrikab@frettabladid.is



**ÞÓRA GÍSLADÓTTIR** „Mér finnst þetta allt saman alveg óskaplega gaman og er mjög spennt fyrir tónleikunum í kvöld.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Það skemmtilegasta við að stjórna kór

„Það er svo merkilegt við sönginn að þegar 35 manns syngja nákvæmlega eins og maður segir þeim að syngja þá verður úr hljóðmassi sem smýgur inn í hverja taug og maður upplifir andartakið á óútskýranlegan hátt sem fær mann einhvern veginn til að lifna allan við. Ég elska að sjá undrunina í augum fólks sem er að framkvæma hluti sem atvinnusöngvarar gætu verið stoltir af á sama tíma og það varla trúir því að þetta dásamlega hljóð komi úr þeirra eigin barka.“






**HORNLEIKARINN** Ella Vala Ármannsdóttir leikur með Nordic Affect á Kjarvalsstöðum.

# Flytja fyrstu kammerverkin fyrir horn

Á tónleikum Nordic Affect á Kjarvalsstöðum leikur Ella Vala Ármannsdóttir á barokkhorn.

Kammerhópurinn Nordic Affect heldur sína fyrstu tónleika í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn klukkan 20.

Á tónleikunum kemur náttúruhornleikarinn Ella Vala Ármannsdóttir fram með hópnum og leikur nokkur af fyrstu kammerverkunum sem rituð voru fyrir hornið, eftir þá Telemann, Graun og Bodinus. Einnig eru á efnisskránni verk eftir Händel, Couperin og Philidor. Nordic Affect skipa að þessu sinni: Halla Steinunn Stefánsdóttir á barokkfiðlu, Georgia Browne á barokkþverflautu, Sigurður Halldórsson á barokkselló og Guðrún Óskarsdóttir á sembal. Nordic Affect er tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2014 og var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs í fyrra. Hann var jafnframt valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í ár í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Hópurinn hefur haldið úti vetrartónleikaröð sinni frá árinu 2007. Tónleikaröðin 2014 er undir yfirskriftinni Nordic Affect +1 og verður samstarf við utanaðkomandi aðila í fyrirrúmi á árinu. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og aðgangur er ókeypis.

# REKSTRARLAND FYRIR FERMINGAVEISLUNA

Við léttum þér undirbúninginn fyrir fermingarveisluna og bjóðum mikið úrval af borðbúnaði og veisluvörum, s.s. dúkum, servíettum, diskum, glösum og kertum.





PIPAR\TBWA • SÍA • 140615



REKSTRARLAND

- léttir þér lífið

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

# Menning, viðskipti, stjórnmál og gleði

Grænlandsdagar hefjast í dag og standa fram á miðvikudag í næstu viku. Þar kennir ýmissa grasa og Hrafn Jökulsson, einn forsprakka hátíðarinnar, segir dagskrána koma inn á nánast öll svið mannlegra samskipta.

Grænlandsvinir úr ýmsum áttum ákváðu að slá upp hátíð og setja Grænland almennilega í sviðsljósið í nokkra daga,“ segir Hrafn Jökulsson, einn forsprakka Grænlandsdaga sem hefjast í Melabúðinni í dag. „Dagskráin kemur eiginlega inn á öll svið mannlegra samskipta; menningu, viðskipti, stjórnmál, tónlist, keppni, samstöðu og gleði.“

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, mun setja Grænlandsdagana í Melabúðinni klukkan 16 í dag og staðsetningin vekur athygli, hvers vegna að hefja menningardagskrá í hverfisverslun? „Melabúðin er náttúrulega mikil menningarmiðstöð í Vesturbænum,“ segir Hrafn. „Og í dag og á morgun verður henni breytt í grænlenska búð þar sem boðið verður upp á ýmis matvæli og vörur frá Grænlandi auk grænlenskrar tónlistar og dans og sýndar ljósmyndir sem Ragnar Axelsson hefur tekið á Grænlandi.“

Hápunktur dagskrárinnar er hins vegar í Hörpu á sunnudaginn og hefst með Grænlandskynningu klukkan 14. Á eftir verða tónleikar þar sem fram koma Anda Kuitse, frægasti trommudansari Grænlands, og tríóið Appisimaar frá Kulusuk. Sérstakir gestir á tónleikunum eru Pálmi Gunnarsson og Bjartmar Guðlaugsson, sem Hrafn hikar ekki við að kalla Grænlandsvini. „Pálmi er til dæmis einhver reyndasti stangveiðimaður Grænlands og þeir hafa báðir mikla tengingu við landið.“



HRAFN JÖKULSSON

Dagskráin heldur áfram á mánudag, þegar haldið verður skákmót í Vin á vegum Hróksins og á þriðjudaginn er komið að stóru málþingi í Norræna húsinu þar sem framámenn úr atvinnulífi og stjórnmálum fjalla um möguleika og útfærslu á nánara samstarfi þjóðanna.

Hrafn er óhætt að kalla Grænlandsvin með stóru G-i, hann hefur verið þar með annan fótinn í áratug og á vart orð til að lýsa hrifningu sinni á landi og þjóð. „Náttúran þar er ólýsanlega fögur og þeir sem koma til Grænlands fá nær undantekningalaust Grænlandsveikina samstundis. Auk þess er þetta einhver dásamlegasta þjóð sem ég hef komist í kynni við. Grænlendingar eru svo blíðir og ljúfir í lund, örlátir og góðir gestgjafar. Þeir líta sérstaklega til Íslendinga, ekki bara sem nágranna heldur sem sinna bestu vina í veröldinni. Og nú þegar áhugi heimsins beinist í stórauknum mæli að Grænlandi vegna þeirra miklu náttúruauðlinda þá er gott fyrir þá að eiga vini sem ekki eru bara með græðgisglampa í augum.“



**TROMMUDANSARI** Anda Kuitse, frægasti trommudansari Grænlands, kemur fram á Grænlandsdögum, bæði í Melabúðinni og í Hörpu. MYND: HRAFN JÖKULSSON

fridrikab@frettabladid.is



**FLYTJENDUR** Margrét S. Stefánsdóttir sópran, Ásgeir Eiríksson bassi, Sigurjón Jóhannesson tenór og Helga Rós Indriðadóttir sópran. Gróa Hreinsdóttir er meðleikari á píanó. MYND/BERGLIND INDRIÐADÓTTIR

# Syngja þekkt lög eftir gömlu sveitungana

Skagfirskir einsöngvarar flytja lög Eyþórs Stefánssonar, Jóns Björnssonar og Péturs Sigurðssonar á sunnudag í Seltjarnaneskirkju og Hveragerðiskirkju.

Lög eins og Lindin, Hallarfrúin, Bikarinn, Ætt' ég hörpu og Erla munu hljóma í Seltjarnarneskirkju og Hveragerðiskirkju á sunnudaginn í meðförum skagfirskra einsöngvara. Þeir syngja hver í sínu lagi og í dúettum og kvartettum.

Lögin eru öll eftir gamla Skagfirðinga sem voru fæddir í kringum aldamótin 1900, þá Eyþór Stefánsson, Jón Björnsson og Pétur Sigurðsson sem allir voru virkir í menningarlífi héraðsins. Eyþór var organisti á Sauðárkróki, framarlega í leikfélaginu og stóð fyrir gerð minnismerkisins um Stephan G. Stephansson á Arnarstapa. Jón var um áratugaskeið stjórnandi Karlakórsins Heimis. Pétur sem lést ungur var hógvær maður og hafði ætlað að henda fallega laginu við ljóð Stefáns frá Hvítadal um Erlu.

Tónleikarnir á sunnudaginn verða í Seltjarnarneskirkju klukkan 16 og í Hveragerðiskirkju klukkan 20.30. Miðar eru seldir við innganginn á 2.500 krónur og enginn posi á staðnum.

gun@frettabladid.is

# Tríó + tveir á Listasafninu



**ÍSLENSKI FLAUTUKÓRINN** Berglind Stefánsdóttir, Hallfríður Ólafsdóttir og Magnea Árnadóttir flytja 18. aldartónlist.

Aðrir tónleikar Íslenska flautukórsins, í samvinnu við Listasafn Íslands, verða haldnir í dag klukkan 12.10 í sýningarsal safnsins við Fríkirkjuveg 7. Að þessu sinni verða tónleikarnir í tengslum við yfirlitssýninguna á verkum Magnúsar Kjartanssonar, FORM, LITUR, LÍKAMI: HÁSPENNA/LÍFSHÆTTA.

Á tónleikunum munu flautuleikararnir Berglind Stefánsdóttir, Hallfríður Ólafsdóttir og Magnea Árnadóttir flytja 18. aldartónlist undir yfirskriftinni: „Tríó + tveir“.

Með flautuleikurunum leika Sigurgeir Agnarsson á selló og Steingrímur Þórhallsson á sembal.

Aðgangur er ókeypis.

# Puttarnir fá að kenna á því

Myndlist og textíll sameinast á striga í sýningu sem Edda Lilja Guðmundsdóttir og Hlíf Leifsdóttir opna í Boganum í Gerðubergi sunnudaginn 30. mars.

„Aðalmyndirnar höfum við unnið saman en sýnum líka það sem við gerum hvor í sínu lagi,“ segir Edda Lilja Guðmundsdóttir textílkennari um sýninguna Saumað í myndlist sem hún og Hlíf Leifsdóttir opna í Gerðubergi á sunnudag klukkan 14. Það er Hlíf sem málar og Edda Lilja saumar.

„Elsta myndin okkar sameiginlega er frá 2011 eða 2012. Aðferðin var dálítið lengi að malla þar til við förum á flug,“ segir Edda Lilja. Hún viðurkennir að erfiðara sé að sauma í strigann en efnisbút eða stramma. „Ég get ekki farið niður og upp með nálina í sama skrefinu en finn mér leiðir og nálar sem duga. Fingurbjörg? Nei, ég hef aldrei getað notað fingurbjörg svo puttarnir fá bara að kenna á því.“

Edda Lilja kveðst bæði sauma í myndir frænku sinnar og og nota alls konar garn eftir því hvaða áferð og litir henti. Svo kroti hún aðeins í þær með tússi. „En Hlín sýnir hrein málverk líka og ég fáeinar flíkur með frjálsum aðferðum.“ Þær frænkur vinna myndirnar til skiptis að sögn Eddu Lilju. „Svo eru þarna nokkrar gamlar myndir sem Hlíf var lengi búin að eiga uppi í skáp og ég fékk til að leika mér með þegar við vorum að byrja. Við ákváðum að taka þær með.“

Sýningin stendur til 20. júní og er opin frá klukkan 9 til 17 virka daga og 13 til 16 um helgar.

gun@frettabladid.is



**HANNYRÐAKONAN** Edda Lilja saumar út í ljósmynd af rústum Viðborðs í Hornafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**ABSTRAKT** Edda Lilja bæði saumar út í myndir Hlífar og krotar með tússi.

# sukrin

**Sukrin sætuefni** – Náttúrulegur kaloríulaus staðgengill sykurs.
Að Sukrin gold undanskildum innihalda sætuefnin okkar engin kolvetni og núll kaloríur!

Mikið úrval **Sukrin** blanda gera það auðvelt að búa til lágkolvetna, gerlaus, sykurlaus og glútenlaus brauð og kökur. Notaðu blöndurnar eins og þær eru eða bættu við uppáhalds bragðinu þínu.





netto
Kræsingar & kostakjör

**Tilboðin gilda 27. mars – 6. apríl 2014**
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn
Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
**www.netto.is**

Markhönnun ehf

# netto Danskir dagar!



-40%

**BAYONNESKINKA**
**VERÐ PER KÍLÓ**
~~ÁÐUR 1.989~~
**1.195,-**
KJÖTSEL



-50%

**GRÍSARIF**
BBQ - ALVÖRU GÆÐI!
**VERÐ PER KÍLÓ**
~~ÁÐUR 1.498~~
**749,-**
KJÖTSEL

Danskir dagar!



-30%

**NAUTALUNDIR**
**VERÐ PER KÍLÓ**
~~ÁÐUR 4.989~~
**3.492,-**
KJÖTSEL



-25%

**KÁLFA RIBEYE**
FROSIÐ 2-2,5KG
**VERÐ PER KÍLÓ**
~~ÁÐUR 3.989~~
**2.992,-**



**KJÚKLINGAPOPP**
DANPO-240 G
**VERÐ PER PK**
**498,-**



**KJÚKLINGABORGARAR**
DANPO-240 G
**VERÐ PER PK**
**498,-**



**KJÚKLINGANAGGAR**
DANPO-320 G
**VERÐ PER PK**
**598,-**



**KJÚKLINGUR HEILL**
DANPO-HEILL
**VERÐ PER KG**
~~ÁÐUR 798.-~~
**598,-**

Danskir dagar!



**ARLA BUKO**
4 TEGUNDIR
**VERÐ PER PK**
**VERÐ FRÁ**
**382,-**



**SNOFRISK**
125 G
**VERÐ PER PK**
~~ÁÐUR 498~~
**423,-**



**COCIO**
SÚKKULAÐIMJÓLK 250 ML
**VERÐ PER STK**
**199,-**

**Tilboðin gilda 27. mars – 6. apríl 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Danskir dagar!

-33%

GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 889

596,-



-50%

GRÍSAKÓTELETTUR
FERSK
KÍLÓVERÐ
ÁÐUR 1.949

975,-





CORDON BLEU
DANPO-240 G
VERÐ PER PK

598,-



KJÚKLINGUR
BRINGUR/LUNDIR
900/700 GR POKI
ÁÐUR 1.698

1.398,-



-25%

KJÚKLINGALÆRI/LEGGIR
DANPO - 2 KG
VERÐ PER KG
ÁÐUR 798.-

598,-

Danskir dagar!

Danpo
med med glæde





Danskir dagar!

RÆKJUR -500G
SMÁAR - ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
PAKKAVERÐ
ÁÐUR 598

550,-

Danskir dagar!





FINTHAKKET SKINKESALAT
175 G

389 KR STK

ÆGGESALAT
175 G

298 KR STK





KYLLING&BACON SALAT
175 G

398 KR STK

REJE SALAT
175 G

389 KR STK





MIKIÐ ÚRVAL AF
HÁGÆÐA DÖNSKUM KJÖTVÖRUM
FRÁ TULIP

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Tekur rúnt um bæinn

Heiða Kristín Helgadóttir ætlar að njóta hönnunar á Hönnunarmars um helgina.

„Í gær fór ég á DesignTalks í Hörpu og það var mjög gaman. Þar fór ég á áhugaverðan fyrirlestur um þéttingu byggðar og talað var um Ólympíuþorpið í London meðal annars,“ segir Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, en hún ætlar að njóta HönnunarMars í botn. Í gær fór hún einnig á skemmtilegan fyrirlestur hjá finnskum manni að nafni Marco Steinberg sem ræddi skapandi hugsun og nálgun í stjórnsýslu. „Hann talaði svolítið mál Bjartrar framtíðar,“ bætir Heiða Kristín við létt í lundu.

Í dag ætlar hún að taka göngutúr um bæinn og meðal annars að kíkja á tískusýninguna hennar Hildar Yeoman. „Hún er einmitt frænka Elsu Yeoman sem er í 2. sæti Bjartrar framtíðar í Reykjavík. Tískusýningin er inspíreruð af ömmu þeirra,“ segir Heiða Kristín.

Á laugardag ætlar hún að taka annan rúnt. „Mig langar að fara í Þjóðmenningarhúsið og kíkja á Hildi Sigurðardóttur og Letterpress-prentunina.“

Heiða Kristín segist ætla reyna taka Jón Gnarr og S. Björn Blöndal með sér á rúntinn og rýna í þá hönnun sem til sýnis er. „Mig langar að láta koma mér á óvart og ég býst við því að taka Jón og Björn með mér.“



## EKKI MISSA AF

### YULIA

**Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagata 17, 101 Reykjavík**

Ný lína Hildar Yeoman er sprottin úr sögu Yeoman-fjölskyldunnar. Langamma Hildar, Yulia, húsmóðir í New Jersey, stakk af frá fjölskyldu sinni til að ferðast um Bandaríkin í félagsskap utangarðsmanna á mótorhjólum. Frelsi einstaklingsins til að hafna borgaralegum lífsgildum er grunnþema sýningarinnar en verkin eru unnin í ýmsa miðla.

*Tískusýningin verður haldin föstudaginn 28. mars kl. 21.*

### ÞETT'ER PERSÓNULEGT – OG ÞÉR ER BOÐIÐ

**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík**

Reykjavík Letterpress býður til boðskortaveislu þar sem gestir fá tækifæri til að bjóða til alls konar persónulegra viðburða með boðskortum sem verða búin til á staðnum ásamt frímerkjum og póstkassa. Bjóðum ömmu í mat, vinum í bústað eða höldum langþráð partí. Bjóðum og bjóðum!

*Sameiginleg opnun FÍT í Þjóðmenningarhúsinu fimmtudaginn 27. mars kl. 16.*

# Miklu meira en bara tískusýning

Hildur Yeoman frumsýnir fatalínuna Yulia í Hafnarhúsinu á Hönnunarmars í kvöld.

„Það er svona verið að hnýta lausa enda, sauma einn kjól og ganga frá fyrir sýninguna,“ segir hönnuðurinn Hildur Yeoman sem var í óðaönn að undirbúa tískusýningu sína þegar Fréttablaðið náði af henni tali. Um er að ræða frumsýningu á nýjustu fatalínu Hildar sem nefnist Yulia og er sprottin út frá sögu Yeoman-fjölskyldunnar sem er frá austurströnd Bandaríkjanna. Grunnþema sýningarinnar er frelsi manneskjunnar og það að hafna hinum borgaralegu lífsgildum.

„Þetta er miklu meira en bara tískusýning. Maðurinn minn, Daníel Karl, og Helgi Már, myndlistarmenn, verða með innsetningu og Sigríður Soffía dansari leiðir hóp dansara á sýningunni,“ segir Hildur en þetta er í fyrsta sinn sem hún gerir fatalínu sem er á leiðinni í framleiðslu. „Ég er að vinna mikið með prent en fatalínan er væntanleg í búðir í haust.“

Allir eru velkomnir á sýninguna sem hefst í Hafnarhúsinu klukkan 21 í kvöld.



**FRELSIÐ** Þema sýningar Hildar Yeoman í kvöld er frelsi manneskjunnar. MYND/SAGA SIG

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 28. MARS 2014**

## Fundir

**14.00** Sjálfbærni í tískuiðnaði 2014 fer fram í Norræna húsinu. Fatahönnunarfélagið og Deloitte bjóða til fundar þar sem hönnuðir deila reynslu sinni af sjálfbærri hönnun og framleiðslu. Í framhaldi munu sérfræðingar leiða umræður um viðskiptalegan ávinning samfélagsábyrgðar og NICE sýnina, tíska sem drifkraftur breytinga.



## Sýningar

**11.00** Litagreining hjá Hlín Reykdal fer fram í Fiskislóð 75. Hlín og Halli bjóða alla velkomna í nýju vinnustofuna úti á Granda. Boðið verður upp á litagreiningu og litapælingar í bland við litríka skartgripi og fylgihluti Hlínar.

**11.00** Aurum í textíl fer fram í Aurum, Bankastræti 4. Textíldeild Myndlistaskólans í Reykjavík sýnir afrakstur samstarfs nemenda við Aurum og Textílprentun Íslands ehf. Verkefni nemenda var að þróa nýjan textíl út frá skartgripum Aurum undir leiðsögn hönnuðanna Þórunnar Árnadóttur, Sigrúnar Höllu Unnarsdóttur og Andreu Fanneyjar Jónsdóttur.

**12.30** Samtal við hönnuði, Shop-Show fer fram í Hafnarborg, Strandgötu 34. Sænski vöruhönnuðurinn og sýningarstjórinn Petra Lilja segir frá sýningunni ShopShow í Hafnarborg. Sýningin var fyrst sett upp í Form Design Center í Malmö og sá Petra Lilja um hönnun hennar og tók þátt í uppsetningu og vali á þátttakendum.

**16.00** María Valsdóttir, Sæunn Þorsteinsdóttir og Þóra Björk Schram opna sýninguna Litbrigði/Tint í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin er í samstarfi við Hönnunarmars. María Valsdóttir, Sæunn Þorsteinsdóttir og Þóra Björk Schram eru allar með vinnustofur á Korpúlfsstöðum og á sýningunni sýna þær barnaföt, gjafakort, púða og pappírsfestar.

## Kynningar

**11.00** Íslensk húsgögn og hönnun fer fram í Hörpu í dag. Íslenskir framleiðendur kynna húsgögn þar sem hönnun og handbragð haldast í hendur. Þeir sem taka þátt í sýningunni eru Axis, Á. Guðmundsson, G.Á. Húsgögn, Prologus, Sýrusson, Sóló Húsgögn og Zenus.

## Uppistand

**21.00** Valdemar Pulstenik heldur uppistand á Bar 11. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

## Tónlist

**12.00** Í dag munu þau Hugi Jónsson barítón og Guðrún Dalía píanóleikari flytja ljóðaflokkinn Liederkreis op. 39 eftir Robert Schumann, á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

**12.10** Tónleikar Íslenska flautukórsins í samvinnu við Listasafn Íslands fara fram í dag í sýningarsal safnsins við Fríkirkjuveg 7. Að þessu sinni verða þeir í tengslum við yfirlitssýninguna á verkum Magnúsar Kjartansssonar, Form, litur, líkami, háspenna, lífshætta.

**20.00** Kristján Hreinsson flytur eigin lög og ljóð. Kristján Hreinsson, fagnar um þessar mundir, merkum áfanga í lífinu og af því tilefni mun hann halda tónleika í Salnum. Þar mun hann flytja eigin tónlist, segja gamansögur og krydda mál sitt með ódauðlegum vísum.

**20.30** Norsk-íslensk tónlistarþrenna í Tjarnarbíói. Um er að ræða fjölbreytta tónlistarveislu. Á tónleikunum má heyra djass, þjóðlagatónlist, gospel og sálarskotið popp. Tónleikagestir munu einnig heyra lagasmíðar goðsagnarinnar Joni Mitchell í vönduðum flutningi djasssöngkonunnar Eva Bjerga Haugen, djasspíanistans Svein Åge Bjerga og kórsins Kor:z. Uppgötvaðu íslensku söngkonuna, tónsmiðinn og kórstjórnandann Þóru Gísladóttur sem flytur frumsamda tónlist með hljómsveit sinni GrooveLOVERSnMore, Catherine Mariu Stankiewicz sellóleikara ásamt fríðu föruneyti kraftmikilla bakradda.



**20.30** Útskriftartónleikar Þóru Gísladóttur í Tjarnarbíói sem útskrifast með meistaragráðu í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi frá LHÍ.

**22.00** Hundur í óskilum skemmtir á Café Rosenberg.

**22.00** Klassísku rokkararnir í Kaleo verða á Dillon í kvöld í boði Thule bjór. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00. Það kostar litlar 500 krónur inn.

**22.00** Hljómsveitin Moses Hightower kemur fram á tónleikum á Græna hattinum á Akureyri.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld klukkan 23.00. Aðgangur er ókeypis.

## Fyrirlestrar

**12.00** Opinn fundur Alþjóðamálastofnunar og Félags Sameinuðu þjóðanna, fer fram í dag í Lögbergi 103 frá klukkan 12 til 13 undir yfirskriftinni, Er friðhelgi sendifulltrúa Sameinuðu þjóðanna að virka? Mikael mælir en hann starfaði fyrir Rauða krossinn og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNEP, til fjölda ára. Hann var svæðisstjóri í Namibíu og yfirmaður í friðargæsluliði SÞ í fyrrum Júgóslavíu. Fundarstjóri er Þröstur Freyr Gylfason, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna.

**20.00** Klukkan 20.00 í kvöld heldur Ragnar Önundarson fyrirlestur sem nefnist, Táknmál og lausasagnir í Egils sögu í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989



ÚTILÍF Í PAKKANN
DAG-BAKPOKAR
FRÁ 18.990 KR.
DEUTER FUTURA
MARGVERÐLAUNAÐIR BAKPOKAR. FÁANLEGIR Í ÝMSUM STÆRÐUM Í DÖMU OG HERRA ÚTFÆRSLUM. 22–38 LÍTRA.
STÓRIR BAKPOKAR
FRÁ 42.990 KR.
DEUTER AIRCONTACT
ALVÖRU BAKPOKAR MEÐ STILLANLEGU BAKI OG VATNSVÖRN. FÁANLEGIR Í ÝMSUM STÆRÐUM, DÖMU OG HERRA. 55+10 LÍTRA – 75+10 LÍTRA.
KÚLUTJÖLD
FRÁ 17.990 KR.
HIGH PEAK
ÚRVAL AF 3-4 MANNA KÚLUTJÖLDUM. GÓÐ VATNSVÖRN.
ENNISLJÓS
FRÁ 4.990 KR.
ÝMSAR TEGUNDIR
T.D. PETZL, PRIMUS, SILVA OG COAST.
BRETTA- OG SKÍÐAPAKKAR
FRÁBÆRT VERÐ
FÆST Í GLÆSIBÆ
GÖNGUSKÓR
FRÁ 26.990 KR.
ÖLL HELSTU MERKIN:
MEINDL, SCARPA, THE NORTH FACE MIKIÐ ÚRVAL!
NORTH FACE SVEFNPOKI
FERMINGARTILBOÐ 19.990 KR.
TNF ALEUTIAN 3S
VANDAÐUR OG TRAUSTUR TIL NOTKUNAR SUMAR, VOR OG HAUST. FYLLING: „HEATSEEKER“ TREFJAR ÞOLMÖRK: -7°C. ÞYNGD: 1.559 GR.
REIÐHJÓL
FRÁ 49.990 KR.
JAMIS FJALLAHJÓL
VÖNDUÐ AMERÍSK FJALLAHJÓL Á GÓÐU VERÐI. ÞÚ FÆRÐ HJÓLIN Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ.
Fáðu aðstoð við valið á réttu fermingargjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# LÍFIÐ

## Í geymsluna með svörtu sokkabuxurnar í vor


VISCAP KORMAN YUAN BIN


LEONARD PARIS


JEAN PAUL GAULTIER


MISSONI


BLUGIRL

## TÍST VIKUNNAR


**Berglind Festival**
@ergblind
Jæja hver ætlar að vera fyrstur til að bjóða upp á allsbert jóga á íslandi? #NakedYoga #frelsi #tippalykt


**Hallgrímur Helgason**
@HalgrimHelgason
Fólk fær að vita hvað það fær eftir 15. maí. Það á semsagt að kaupa aðrar kosningar. Gæti ælt.


**Þorbjörg Helga**
@thorbjorghelga
Malbik gatna borgarinnar kemur alls ekki vel undan vetri.


**Gísli Marteinn**
@gislimarteinn
Ég vissi ekki fyrr en í kvöld að Dunkin Donuts kaffi væri official kaffi Liverpool fc. Getur þessi klúbbur orðið eitthvað betri?

# Einstakar pitsur á nafnlausum stað

**Nafnlaus veitingastaður sem sérhæfir sig í pitsugerð hefur verið opnaður á Hverfisgötu 12 og að sögn eigenda fara kokkarnir óvenjulegar leiðir við val á áleggi en þeir bjóða meðal annars upp á rófupitsu.**

„Ég er búinn að vera með þennan draum í langan tíma,“ segir Gunnar Karl Gíslason en hann var að opna nýjan pitsustað á Hverfisgötu 12.

„Í rauninni er þetta tvíþætt dæmi, annars vegar vorum við að flytja Dill en líka að opna nýstárlegan pitsustað í húsinu,“ segir Gunnar Karl en í samstarfi við KEX var hinn nafnlausi staður opnaður.

„Mig hefur alltaf langað til þess að opna óhefðbundinn pitsustað en ég vissi aldrei hvernig mig langaði að hafa hann,“ segir Gunnar Karl sem fékk síðan innblástur þegar hann sat á slíkum veitingastað erlendis. „Áleggið sem þeir voru að nota voru aðeins öðru vísi en maður er vanur og þá fékk ég þessa hugmynd að fara bara alla leið, langt út fyrir rammann!“ segir Gunnar.

„Við höfum verið að þróa deigið og botninn í einhvern tíma en botnarnir eru bættir með skyri, mysu og íslensku bankabyggi,“ segir Gunnar Karl, en þeir fara einnig frjálslega með álegg. „Til að mynda erum við með eina pitsu sem er með rjómaosti, rófum og súrsætri dill-olíu,“ segir Gunnar Karl en margar pitsurnar á nýja staðnum eru byggðar á gömlum réttum frá Dill. „Síðan erum við líka með ýmsa létta rétti á matseðlinum,“ segir Gunnar Karl, en á staðnum er einnig myndarlegur bar. „Við bjóðum upp á stökk grísaeyru með sósu, grænmetisdisk með dressingu og rosalega gott nautatartar,“ en yfirkokkur staðarins er hann Ómar Stefánsson sem Gunnar Karl lýsir sem sinni hægri hendi. „Við áttum í töluverðum erfiðleikum með að ná samstöðu um nafn á staðnum,“ segir Gunnar Karl en þegar styttast fór í opnun ákváðu eigendurnir að tímanum væri betur varið í aðra hluti en að ákveða nafn.

„Fólk má bara kalla staðinn það sem það vill,“ segir Gunnar Karl. „Að minnsta kosti svona til að byrja með.“

baldvin@frettabladid.is


**ÆVINTÝRAGJARN** Ómar Stefánsson er yfirkokkur á nýja veitingastaðnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




### Rófupitsa á Hverfisgötu 12

- 1 saltbökuð rófa (millistærð)
- Góð ólífuolía
- 60 g rifin gouda 26% ostur
- 80 g rjómaostakrem
- 150 ml matarolía
- 1 búnt dill
- 100 ml borðedik
- 100 g sykur
- Handfylli klettasalat
- Gott flögusalt

**Saltbökuð rófa**
Skerið örþunnt lag af toppnum á rófunni, sáldrið grófu salti á bakka sem þolir hita og leggið sárið á saltið. Rófan bakast á 180°C í 30-35 mínútur, gott er að stinga í hana með litlum hníf til að athuga hvort hún sé elduð í gegn. Mér finnst gott að hafa bit í rófunni því hún á eftir að fara aftur í ofninn ofan á pítsunni. Skrælið rófuna og skerið í passlega bita.

**Rjómaostakrem**
- 250 g rjómaostur
- 100 ml mjólk
- Safi úr 1 sítrónu
- Salt

Hrærið rjómaosti, mjólk og sítrónusafa saman svo að engir kekkir séu í kreminu, smakkið til með salti. Setjið í sprautupoka og geymið í kæli.

**Léttsýrð dillolía**
- 150 ml matarolía
- 1 búnt dill
- 100 ml borðedik
- 100 g sykur

Hreinsið dillið í köldu vatni og þerrið vel. Setjið svo dill ásamt olíu í blandara og látið keyra á háum hraða eða þar til olían er orðin eiturgræn og vel heit (sirka 60°C). Sigtið svo olíuna í gegnum klút til að fá allt hratið í burtu. Setjið borðedik og sykur í pott og látið sjóða í 1 mínútu og kælið. Passið að hræra vel á meðan sykurinn leysist upp svo að hann brenni ekki við botninn. Bætið svo ediksleginum út í dillolíuna eftir smekk.

**Pitsugerðin**
Fletjið út botninn og penslið með ólífuolíu. Leggið rófubitana hist og her, sprautið rjómaostinum á nokkra staði og sáldrið rifna ostinum yfir allt. Þegar ég geri pitsu í ofninum heima, þá set ég ofninn á 230°C og set ofnskúffu inn í 10 mínútur, svo smelli ég smjörpappír á skúffuna og pítsunni ofan á. Þá verður botninn stökkur og bakast jafnar. Eftir að pítsan er tekin út þá fer klettasalatið ofan á ásamt léttsýrðu dillolíunni.





**Sundbolur** ANI-6265
Stærðir: 38-50
**Verð: 16.900 kr.**



**Tankini** ANI-6568
Stærðir: 38-48
**Verð: 16.900 kr.**



**Sundbolur** ANI-6214
Stærðir: 38-52
**Verð: 13.900 kr.**



**Sundbolur** ANI-6243
Stærðir: 38-46
**Verð: 15.900 kr.**



**Sundbolur** ANI-6323
Stærðir: 38-54
**Verð: 17.900 kr.**



**Sundbolur** ANI-6203
Stærðir: 38-46
**Verð: 14.900 kr.**



**Tankini** ANI-6574
Stærðir: 38-44
**Verð: 13.900 kr.**



**Tankini** ANI-6586
Stærðir: 40-52
**Verð: 17.900 kr.**

Eirberg

# Sundfatnaður – sumarlínan 2014 frá Anita



Eirberg býður upp á gott úrval af sundfatnaði. Bjóðum sundfatnað með brjóstvasa, fyrir meðgönguna og sundboli í stærri stærðum, allt að stærð 60.

Anita care · Anita comfort · Anita maternity



**Sundbolur** ANI-7328
Stærðir: 38-50
**Verð: 16.900 kr.**



**Sundbolur** ANI-7327
Stærðir: 50-56
**Verð: 14.900 kr.**



**Sundbolur** ANI-7326
Stærðir: 56-60
**Verð: 14.900 kr.**



**Tankini** ANI-9666
Stærðir: 36-44, skálar C-F
**Verð: 13.950 kr.**

Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



**„ALLIR GÓÐIR DANSAR BYRJA NIÐRI“** Sara Stef Hildardóttir hlakkar til að stíga trylltan dans í hádeginu, en segir lykilinn að góðum dansi að byrja hann krjúpandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dansari dulbúinn sem bókasafnskona

Sara Stef Hildardóttir skipuleggur tryllt danspartí á bókasafni Listaháskólans.

Sara Stef Hildardóttir, bókasafnsfræðingur við bókasafn Listaháskóla Íslands, er ekki öll þar hún er séð, en hún slær upp hádegissamkomu í dag í samstarfi við Lunch Beat Reykjavík.

„Við ætlum að halda tryllt danspartí á bókasafninu. Við dönsum fyrir íslenskri hönnun á Hönnunarmars,“ en bókasafn hönnunar- og arkitektúrdeildar skólans er á sjöttu hæð í húsnæði deildarinnar í Þverholti 11.

„Þaðan sést til allra átta og ólíklegt að dansararnir í dag hafi stigið taktinn við annað eins útsýni,“ bætir Sara við en viðburðurinn hefst stundvíslega klukkan tólf á hádegi og lýkur klukkan eitt.

„Helstu dansarar landsins hafa þegar staðfest komu sína, til dæmis Erna Ómarsdóttir, Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir, Ásrún Magnúsdóttir og Védís Kjartansdóttir hjá Lunch Beat og fleiri unglömb í dansbransanum sem ég kann ekki að nefna.“

Lunch Beat Reykjavík er íslenskur angi hinnar alþjóðlegu danshreyfingar og hefur slegið upp hádegisdansi víðs vegar um Reykjavík á undanförnum misserum. Nú síðast í Hörpu þar sem dansað var fyrir alþjóðlega verkefninu Milljarður rís og UN Women.

➜ Myndlistarmaðurinn Páll Banine þeytir skífum í danspartíinu. Hann er hvað þekktastur sem söngvari Bubbleflies.

# VONA AÐ ÆVINTÝRIÐ HALDI ÁFRAM

Fyrsti undanúrslitaþátturinn af Ísland Got Talent verður sýndur í opinni dagskrá á sunnudagskvöldið. Sjö atriði af ýmsum toga keppa um atkvæði þjóðarinnar til að eiga möguleika á að komast í úrslitaþáttinn og vinna tíu milljónir króna. Fréttablaðið kynntist fyrstu sjö keppendunum aðeins betur.



## *Vilja meika það erlendis*

**Arnar og Agnes** *söngur, gítar og fiðla*

**900-9501**

Fullt nafn **Arnar Logi Hákonarson og Agnes Sólmundsdóttir**

Aldur **18 og 16 ára**

***Af hverju á fólk að kjósa ykkur?***
*Okkur finnst virkilega gaman að spila og koma fram. Við getum nýtt hæfileika okkar vel og við teljum okkur hafa það sem þarf til að komast áfram.*

***Hver er draumurinn?***
*Að meika það sem tónlistarmenn, jafnvel utanlands, og vinna í kringum tónlist í framtíðinni.*

***Uppáhaldslistamaður?***
*Matt Corby, Mumford and Sons og fleiri.*



## *Jón Jónsson þefaði út í loftið*

**Karitas Harpa** *söngur*

**900-9504**

Fullt nafn **Karitas Harpa Davíðsdóttir**

Aldur **23 ára**

Starf **Starfsmaður í félagsmiðstöðinni Zelsíuz á Selfossi**

***Af hverju á fólk að kjósa þig?***
*Nú, fólk á að sjálfsögðu bara að kjósa mig ef það langar til þess og hefur áhuga á því að styðja mig áfram í þessu ævintýri!*

***Hver er draumurinn?***
*Draumurinn væri að sjálfsögðu að geta unnið við og framfleytt mér á tónlistinni, jafnvel í bland við leiklist. Annars ætla ég að einbeita mér að því að hafa bara gaman af þessu!*

***Hvaða lag tekurðu í karókí?***
*Sennilega eitthvert Disney-lag, eða Spice Girls!*

***Hvaða minning stendur upp úr Ísland Got Talent?***
*Þær eru nú nokkrar, en þegar Jón Jónsson þefaði út í loftið og spurði hvaða lykt hann fyndi situr alveg svolítið í minninu.*



## *Ætlar kannski að verða smiður*

**Jón Arnór Pétursson** *töframaður*

**900-9507**

Fullt nafn **Jón Arnór Pétursson**

Aldur **7 ára**

***Uppáhaldsmatur?***
*Pylsa með tómatsósu og steiktum lauk.*

***Af hverju á fólk að kjósa þig?***
*Af því að mig langar að halda áfram í Ísland Got Talent.*

***Hver er draumurinn?***
*Að verða fótboltamaður, gítarleikari, töframaður og kannski smiður.*

***Hvaða minning stendur upp úr Ísland Got Talent?***
*Að sýna atriðið mitt í Austurbæ og að taka upp auglýsingu með Audda.*

***Hver er þín helsta fyrirmynd?***
*Jón Jónsson af því að hann æfir fótbolta og spilar á gítar eins og ég.*



## *Vilja senda pening til Filippseyja*

**Swaggerific** *danshópur* **900-9505**

Fullt nafn ***Jun Rafael De Luna, Richie Landayan, Keith Amiel Antioquia, Lelíta Rós Ycot, Emmanuel Caamic, Harvey Melendres, Bernard G. Quirona, Thomas Bardales***

***Besta minningin í Ísland Got Talent?*** *Þegar við fengum fjögur „Já“ plús þrjú „Já“ frá Audda.*

***Af hverju á fólk að kjósa ykkur?***
*Okkur langar að komast áfram í úrslit. Hver vill það ekki?*

***Hver er draumurinn?***
*Draumurinn er að vinna þennan þátt og geta sent pening til Filippseyja þar sem stærsti fellibylur sem mælst hefur í sögunni gekk yfir. Svo líka að fara í dansferð. Það verður gaman.*

***So You Think You Can Dance eða Dancing With The Stars?***
*Auðvitað So You Think You Can Dance!*



## *Þrá að komast í úrslit*

**Elvar og Sara** *dans*

**900-9502**

Fullt nafn ***Elvar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir***

Aldur ***12 ára***

***Besta minningin í Ísland Got Talent?***
*Þegar okkur var sagt að við værum komin í undanúrslitin.*

***Af hverju á fólk að kjósa ykkur?***
*Af því að við erum búin að leggja svo hart að okkur og þráum að komast í úrslit.*

***Hverjar eru helstu fyrirmyndir ykkar?***
*Við eigum nokkrar fyrirmyndir úr samkvæmisdansinum en við erum að reyna að þróa okkar eigin dansstíl.*

***So You Think You Can Dance eða Dancing With The Stars?***
*So you think you can dance.*



## *Tekur lög í karókí sem hún þekkir ekki*

**Iðunn** *söngur og gítar*

**900-9506**

Fullt nafn **Iðunn Einarsdóttir**

Aldur**15 ára**

***Af hverju á fólk að kjósa þig?***
*Ef ég kæmist áfram myndi það hjálpa mér svo að ég gæti orðið tónlistarmaður og auk þess myndi þessi skemmtilega lífsreynsla halda áfram. Ef fólk vill heyra tónlistina mína aftur ætti það að kjósa mig.*

***Hvaða lag tekurðu í karókí?***
*Það er mismunandi. Oft tek ég samt lög sem ég kannast nánast ekki neitt við. Það er svo gaman að syngja þau.*

***Hvaða minning stendur upp úr Ísland Got Talent?***
*Ég kynntist stelpu sem var að keppa á sama kvöldi og ég. Hún heitir Hafdís og hvatti mig rosa mikið. Líka þegar ég fékk að vita að ég kæmist áfram þegar við vorum í Iðnó. Það var frábært.*



## *Dreymir um betra húsnæði*

**Alexander Aron** *söngur og gítar* **900-9503**

Fullt nafn **Alexander Aron Guðbjartsson**

Aldur **34**

Starf **Einkaþjálfari í World Class og við tónlist**

***Af hverju á fólk að kjósa þig?***
*Ég get ekki sagt að ég eigi það eitthvað frekar skilið en aðrir keppendur þar sem það eru svo margir rosalega hæfileikaríkir í þessari keppni. Ég held að það eina sem gefi mér sérstöðu í keppninni er að ég sem bæði lögin og textana sem ég flyt, þannig ég vona bara að allir kjósi mig, sem líst vel á mig. Annað get ég ekki beðið um.*

***Hver er draumurinn?***
*Ég á mér helst þann draum að komast í betra húsnæði fyrir mig og stelpuna mína, komast af leigumarkaðnum sem er auðvitað hrikalegur, það væri æðislegt að geta keypt sér snyrtilega og góða íbúð. Það myndi skapa meira öryggi og létta á fjárhagnum. Tengt tónlist dreymir mig um að halda reglulega tónleika þar sem ég myndi flytja mína tónlist og það væri mikill plús ef maður gæti framfleytt sér líka að stórum hluta á tónlistinni.*

***Hvaða lag tekurðu í karókí?***
*Hef aðeins tvisvar farið í karókí um ævina en þá tók ég Stairway to Heaven.*



**Frestur til**
**að senda tilnefningar**
**er til miðnættis þann**
**23. apríl**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2014

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt.
Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.
**Verðlaunafé 1,2 milljónir.**

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.
Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í maí.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# Er laust pláss á HM 2018?

BAKÞANKAR
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



Ég æfði aldrei íþróttir þegar ég var yngri. Mér bauð eiginlega við þeim. Systur mínar tvær hins vegar æfðu allar mögulegar og ómögulegar íþróttir. Á meðan sat ég heima og hlustaði á plötur, talaði við bangsann minn eða horfði á Nágranna með flöskubotnagleraugun mín – þó nokkrum kílóum of þung.

**EITT** vorið lét ég hafa mig út í það að æfa knattspyrnu með kvennaliði Leiknis í Breiðholti. Það lið var vægast sagt arfaslakt. Töpuðum yfirleitt leikjum 15-0. Ég hætti eftir mánuð því ég passaði ekki í búningana þannig að ég hélt bara áfram að vera akfeit.

**ÉG** skildi því aldrei hugmyndina um keppnisskap. Fann aldrei fyrir því. Hafði enga löngun til að vera sigurvegari í misgáfulegu sporti.

**ÞEGAR** ég var tvítug ákvað ég að láta reyna á knattspyrnuhæfileika mína og spilaði bolta með vinnufélögum mínum einu sinni í viku. Til að gera langa sögu stutta var sá ferill frekar stuttur. Ég endaði á því að hanga á hliðarlínunni mestmegnis af tímanum því enginn þorði að gefa á mig. Þegar ég fékk boltann fríkaði ég út, starði á knöttinn eins og hann væri minn versti óvinur og kastaði mér í gólfið. Síðan þá hef ég einbeitt mér að því að horfa á fótbolta. Ég er miklu betri í því.

**ÞANGAÐ** til ég fékk pínulítinn leiða á lífinu um daginn og í þann mund sem ég var að missa vonina fékk ég meldingu á Facebook um svokallaðan fréttastofubolta. Í einhverju bríaríi skráði ég mig. Lokaði svo tölvunni í snarhasti. Daginn eftir pakkaði ég í tösku en vonaði innst inni að mig hefði dreymt þetta. Svo var ekki.

**ÞEGAR** á hólminn var komið gerði ég samstarfsmönnum mínum fyllilega grein fyrir því að ég væri ömurleg í fótbolta. En samt gáfu þeir mér séns. Aftur og aftur og aftur.

**Í** gær borgaði sénsinn sig. Ég skoraði mitt fyrsta mark. Á ævinni. Loksins skildi ég af hverju fótboltamenn rífa sig nánast úr að ofan og tjúllast þegar boltinn snertir netið. Ef ég byrja að æfa núna, ætli ég komist ekki á HM 2018?



**HÖNNUNARSPJALL** Andres James, Helga, Hildur og Garðar.



**GAMAN** Guðrún Björg Ingvadóttir, Jón Bjarni OG Ingibjörg.



**SPEKINGSLEGIR** Björn Bjarnason lét sig ekki vanta.

# ÍSLENSK HÖNNUN Í BRENNIDEPLI

Verslunin Epal hélt opnunarhóf á dögunum vegna Hönnunarmars. Fjölmennt var í versluninni þar sem gestir virtu fyrir sér nýja íslenska hönnum eftir vel valda hönnuði. Gestir notuðu tækifærið og skáluðu í tilefni dagsins.



**BROSMILDAR** Steinunn Vala, Rúna og Birta



**FLOTT** Oddur Jóhannsson og Guðrún Valdimarsdóttir



**SKÁLUÐU** Alfreð Vilhjálmsson OG Jónas Sigurðsson.



**STILLTU SÉR UPP** Karen Rafnsdóttir og Þórdís Sigurgeirsdóttir.



**SKEMMTA SÉR** Helga Björk Jónasardóttir og Sigríður Valdimarsdóttir.

SAMbio.is



















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 3 - 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| NEED FOR SPEED | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 3 - 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 3:20 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| POMPEII | KL. 5:40 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 5:10 - 7:30 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:10 | L |
| POMPEII | KL. 10:30 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:50 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 6 - 9 - 10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:40 - 11:40 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| HNETURÁNIÐ ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ













SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| NOAH LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| HNETURÁNIÐ 3D | KL. 3.30 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 | 12 |

Miðasala á: eMiði

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 9 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 5.40 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL. 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL. 6 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | KL. 5.50 | L |

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
BESTA VERÐIÐ FJÖLSKYLDUPAKKINN GÆÐASTUND
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI










Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NOAH | 6, 8, 9, 10:45 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 3D | 4, 6 | L |
| HNETURÁNIÐ 2D | 4 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 4 | L |
| RIDE ALONG | 5:50 | 12 |
| 3 DAYS TO KILL | 10:25 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS






ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR



ZWEI LEBEN

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


Þú gætir eignast nýjan Skoda Citigo ef þú drífur bílinn í skoðun!
GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM
Frumherji
OPIÐ Á LAUGARDAG Í SKEIFUNNI
Opið frá kl. 9:00-15:00 þ. 29.03
AUKIN ÞJÓNUSTA!
Við komum til móts við þarfir viðskiptavina okkar og höfum opið á morgun laugardag. - Nýttu tækifærið og komdu í skoðun. - Heitt könnunni.
Engar tímapantanir (frjáls mæting).
HAPPDRÆTTI
Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happdrætti á heimasíðu Frumherja og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegan Skoda Citigo sem verður dreginn út 1. júlí 2014.
Bifreiðaskoðun
SKODA CITIGO
Frumherji
Bifreiðaskoðun Skeifunni
Sími: 570 9090 · Netfang; frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# FERSKASTI NAMMIBARINN

## borðum grænmeti og ávexti daglega




Ananas

FERSKT með FLUGI



79kr/kg
verð áður 99

Rauðrófur

Ofurfæða



Grænkál



Mineola Mandarínur
frá Usa




499kr/pk

349kr/pk

Kartöflur frá Frakklandi
2 tegundir.



289kr/kg
verð áður 399

Sætar kartöflur




**Súkkulaði og möndlukaffi**
Margir hafa gaman af smá tilbreytingu við kaffidrykkju og þá getur bragðbætt kaffi verið skemmtilegur útúrdúr.

**Koffeinlaust kaffi er gott**
Koffeinlausa kaffið frá Kaffitár kitlar bragðlauka sælkeranna þó að koffeinið vanti. Bragðmikið og ljúffengt kaffi fyrir þá sem hvorki vilja sleppa kvöldsopanum né nætursvefninum.

## Kaffitár
Súkkulaði og möndlukaffi. Koffeinlaust kaffi.

NÝTT Í HAGKAUP




## Deli france crossaint
5 tegundir.

NÝTT Í HAGKAUP




## Crusty Donuts
Með mjúkri fyllingu innaní.



## Gatorade
Cool blue, Lemon, Orange.




## Páskaeggin eru komin
Eitt mesta úrvalið.

Gildir til 30. mars á meðan birgðir endast.

NÝTT Í HAGKAUP




FOREST feast

ÞURRKAÐIR ÁVEXTIR Í
HNAUSÞYKKU SÚKKULAÐI
OG KRYDDUÐ HNETUMIX.



# ALVÖRU HELGARSTEIK

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans



TILBOÐ 35% afsláttur á kassa

LAMBA-INNRALÆRI
3.248 kr/kg
Verð áður 4.997

ÍSFUGL

SESAM-TERYAKI

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



KALKÚNALUNDIR
2.399 kr/kg
verð áður 3.299

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



RIBEYE INNFLUTT
3.374 kr/kg
verð áður 4.499

SS

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



GRAND ORANGE HELGARSTEIK
2.362 kr/kg
verð áður 3.149

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



REYKTAR GRÍSAKÓTILETTUR
1.609 kr/kg
verð áður 2.299

Holta

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



KJÚKLINGUR HEILL FERSKUR
799 kr/kg
verð áður 999

## SÆTAR KARTÖFLUR

STÖKKAR OG BRAGÐGÓÐAR
FRANSKAR SEM HENTA
MEÐ ÖLLUM MAT.
AÐEINS 22 MÍNÚTUR Í OFNI.




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KR-ingar sópuðu Snæfelli í sumarfrí



**KÖRFUBOLTI** KR varð í gær fyrsta liðið til þess að tryggja sig inn í undanúrslitum Dominos-deildar karla. KR sópaði þá Snæfelli í frí með öruggum sigri. Pavel Ermolinskij fór mikinn sem fyrr í liði KR og var einu frákasti frá enn einni þrennunni. Snæfell beit aðeins frá sér í leiknum en í hvert skipti sem þeir nálguðust gaf KR í aftur.

Ólafur Ólafsson fór algjörlega á kostum í Röstinni og sá einna helst til þess að Grindavík er komið með forystuna í einvíginu gegn Þór. Hann tróð, raðaði niður þriggja stiga körfum og tók fráköst í bunkum.

Tveir leikir fara svo fram í kvöld. Stjarnan sækir þá Keflavík heim og Njarðvík tekur á móti Haukum. Bæði Stjarnan og Njarðvík komast í undanúrslit með sigri í kvöld. - hbg

## Línur farnar að skýrast



**GRIMMUR** Róbert Aron Hostert sækir hér að marki ÍR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** ÍR á ekki lengur möguleika á því að komast í úrslitakeppni Olís-deildar karla eftir leiki gærkvöldsins.

FH tapaði einnig fyrir Akureyri og er búið að sogast niður í botnbaráttuna. Munar litlu á Akureyri, FH og ÍR. FH á þó enn lítinn möguleika á því að komast í úrslitakeppnina.

Haukar eiga deildarmeistaratitilinn vísan eftir sætan sigur á Val í Vodafone-höllinni. Sérstaklega sætur sigur fyrir Patrek Jóhannesson, fyrrum þjálfara Vals og núverandi þjálfara Hauka.

Aðeins eru tvær umferðir eftir af deildarkeppninni og enn um mikið að spila. - hbg

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**8-LIÐA ÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**KR - SNÆFELL 101-84**

**KR:** Demond Watt Jr. 27/12 frák, Martin Hermannsson 20, Helgi Már Magnússon 17, Pavel Ermolinskij 15/9 frák/18 stoð, Darri Hilmarsson 9, Brynjar Þór Björnsson 7, Ingvaldur Hafsteinsson 4.

**Snæfell:** Sigurður Á. Þorvaldsson 22/13 fráköst, Travis Cohn III 20, Jón Ólafur Jónsson 16, Finnur Atli Magnússon 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 5, Stefán Torfason 5, Sveinn Arnar Davíðsson 3.

*KR vann einvígið, 3-0.*

**GRINDAVÍK - ÞÓR ÞORL. 87-67**

**Grindavík:** Ólafur Ólafsson 29/12 frák, Earnest Lewis Clinch Jr. 24, Jóhann Árni Ólafsson 11, Ómar Örn Sævarsson 9/12 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8/12 fráköst, Kjartan Helgi Steinþórsson 2, Jón Axel Guðmundsson 2.

**Þór Þ.:** Mike Cook Jr. 15, Baldur Þór Ragnarsson 13/7 stoðsendingar, Ragnar Nathanaelsson 12/15 frák, Nemanja Sovic 12, Tómas Heiðar Tómasson 10, Jón Jökull Þráinsson 3, Emil Karel Einarsson 2.

*Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Grindavík.*

### OLÍSDEILD KARLA

**FH - AKUREYRI 26-28**

**FH - Mörk (skot):** Ragnar Jóhannsson 8 (13), Ásbjörn Friðriksson 5/5 (5/5), Magnús Óli Magnússon 4 (10), Ísak Rafnsson 3 (4), Valdimar Fannar Þórsson 3 (7), Einar Rafn Eiðsson 2 (2), Benedikt Reynir Kristinsson 1 (2).

**Varin skot:** Ágúst Elí Björgvinsson 7 (29/2, 24%), Sigurður Örn Arnarson 1 (7, 14%).

**Akureyri - Mörk (skot):** Bjarni Fritzson 7/2 (9/2), Sigþór Heimisson 7 (12), Þrándur Gíslason 5 (5), Valþór Guðrúnarson 5 (9), Kristján Orri Jóhannsson 2 (3), Gunnar Þórsson 1 (1).

**Varin skot:** Jovan Kukobat 14 (39/4, 36%).

**ÍR - ÍBV 26-29**

**ÍR - Mörk (skot):** Guðni Már Kristinsson 7 (8), Jón Kristinn Björgvinsson 7 (10), Jón Heiðar Gunnarsson 6 (8), Sturla Ásgeirsson 5/5 (11/6).

**Varin skot:** Kristófer Guðmunds. 21/1 (50/2, 42%)

**ÍBV - Mörk (skot):** Róbert Aron Hostert 8 (12), Andri Heimir Friðriksson 7 (10), Agnar Jónsson 5 (13), Theodór Sigurbjörnsson 4/1 (8/2), Guðni Ingvarsson 3 (6), Magnús Stefánsson 1 (1).

**Varin skot:** Kolbeinn Ingibjargars. 14 (40/5, 35%),.

**HK - FRAM 23-29**

**HK - Mörk (skot):** Jóhann Reynir Gunnlaugsson 7 (13), Garðar Svansson 5 (10), Atli Karl Bachmann 4 (12), Leó Snær Pétursson 3/1 (6/1), Andri Þór Helgason 2 (3), Davíð Ágústsson 1 (1), Óðinn Þór Ríkharðsson 1 (2), Vilhelm Bergsveinsson (1).

**Varin skot:** Valgeir Tómasson 13 (32/3, 41%), Baldur Ingi Agnarsson 6 (16/2, 38%).

**Fram - Mörk (skot):** Garðar B. Sigurjónsson 7/4 (7/4), Sigurður Örn Þorsteinsson 5 (6), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (6), Sveinn Þorgeirsson 4 (6), Ólafur Jóhann Magnússon 3 (4), Elías Bóasson 3 (9), Þorri Björn Gunnarsson 1/1 (1/1).

**Varin skot:** Stephen Nielsen 12 (33/1, 36%), Svavar Már Ólafsson 5 (7, 71%).

**VALUR - HAUKAR 30-33**

**Valur - Mörk (skot):** Geir Guðmundsson 7 (14), Sveinn Aron Sveinsson 5/2 (7/2), Guðmundur Hólmar Helgason 5 (9), Elvar Friðriksson 5 (11), Orri Freyr Gíslason 3 (4), Finnur Ingi Stefánsson 3 (5), Vignir Stefánsson 1 (2), Bjartur Guðmundsson 1 (2).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 7 (34/2, 21%).

**Haukar - Mörk (skot):** Elías Már Halldórsson 9 (10), Einar Pétur Pétursson 6 (6), Sigurbergur Sveinsson 6/2 (13/2), Jón Þorbjörn Jóhannsson 5 (5), Árni Steinn Steinþórsson 4 (5), Tjörvi Þorgeirsson 2 (7), Þórður Rafn Guðmundsson 1 (3).

**Varin skot:** Einar Ólafur Vilmundarson 9 (28, 32%), Giedrius Morkunas 4 (15/2, 27%),

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 19 | 15 | 1 | 3 | 508-429 | 31 |
| ÍBV | 19 | 14 | 0 | 5 | 526-480 | 28 |
| Valur | 19 | 10 | 2 | 7 | 529-456 | 22 |
| Fram | 19 | 10 | 0 | 9 | 430-449 | 20 |
| FH | 19 | 8 | 1 | 10 | 483-473 | 17 |
| ÍR | 19 | 8 | 0 | 11 | 504-518 | 16 |
| Akureyri | 19 | 7 | 1 | 11 | 454-490 | 15 |
| HK | 19 | 1 | 1 | 17 | 426-568 | 3 |

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Fer vel saman að vera bóndi og þjálfari

**Fyrrum landsliðsmaðurinn Heiðmar Felixson spilaði sinn fyrsta alvöruhandboltaleik í fjögur ár í vikunni. Hann mun klára tímabilið með Hannover í þýsku úrvalsdeildinni. Heiðmar er á kafi í þjálfun en slakar á með dýrunum sínum.**

**HANDBOLTI** „Tilfinningin er svipuð og þegar ég var sextán ára í fótboltanum hjá Þór undir stjórn Sigga Lár. Þá tjáði hann mér að ég væri í liðinu á móti KR. Ég er með sama fiðring núna," sagði handknattleikskappinn Heiðmar Felixson, sem reif óvænt fram skóna á miðvikudag og lék þá með Hannover-Burgdorf í þýsku úrvalsdeildinni. Heiðmar skoraði tvö mörk í endurkomu sinni er liðið tapaði fyrir Lemgo, 29-27.

Hinn 37 ára gamli Heiðmar spilaði síðast alvöruhandboltaleik fyrir fjórum árum. Það kemur ekki til að af góðu að hann er byrjaður að spila á ný. Rúnar Kárason sleit krossband á dögunum og hin örvhenta skytta félagsins er líka meidd.

„Ég er eina örvhenta skyttan sem félagið á núna. Ég vænti þess að klára tímabilið með liðinu eins og staðan er núna."



**MEÐ LÆRISVEINUNUM** Heiðmar ásamt tveimur leikmönnum sínum úr 2. flokki félagsins en allir spiluðu þeir gegn Lemgo á miðvikudaginn. MYND/HEIMASÍÐA HANNOVER-B.

### Líklega bara 55 mínútna maður

Þjálfari Hannover sótti vatnið ekki yfir lækinn er hann bað Heiðmar um að spila. Heiðmar er yfirþjálfari yngri flokka félagsins og var leikmaður félagsins um árabil.

„Þjálfarinn spurði mig í hvernig standi ég væri. Ég sagði honum að ég gæti væntanlega ekki spilað 60 mínútur í leik. Næ væntanlega ekki meira en 55 mínútum," sagði Heiðmar léttur.

„Ég hef haldið mér vel við og er í fínu formi. Spila einstaka leiki fyrir önnur lið félagsins í neðri deildunum. Ég æfi ekki beint mikið en held ég kunni þetta alveg enn þá. Ég er búinn að vera brosandi alla vikuna enda frábært að fá óvænt aftur svona tækifæri þó svo það komi ekki til af góðu. Ég ætla að reyna að njóta þess."

Hannover-Burgdorf er með gríðarlega mikla starfsemi. Lið í fjórum deildum og svo með þrjátíu yngri flokka. Eins og áður segir er Heiðmar yfirþjálfari allra yngri flokkanna og svo er hann aðalþjálfari hjá 2. flokki félagsins.

### Með hesta og hænur

Hann hefur komið sér vel fyrir í Þýskalandi með fjölskyldu sinni á bóndabæ fyrir utan borgina. Sjálfur er hann frá Árskógsströnd þannig að hann kann vel við sveitalífið.

> Ég er búinn að vera brosandi alla vikuna enda frábært að fá óvænt aftur tækifæri.
>
> *Heiðmar Felixson.*

„Það er svakalega fínt. Við erum með hesta og hænur til að mynda. Kartöflugarð og bara nefndu það. Mér finnst fara vel saman að vera bóndi og handboltaþjálfari. Það er oft mikið stress og læti í handboltaheiminum og þá er gott að dunda sér í rólegheitunum við sveitastörfin. Þetta hentar mér fullkomlega." henry@frettabladid.is



**MAGNAÐIR** Luis Suarez (28 mörk) og Daniel Sturridge (20 mörk) eru tveir markahæstu leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Gylfi hrósar Rodgers

**FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson segir að framganga þeirra Luis Suarez og Daniels Sturridge sé lykilatriði í velgengni Liverpool í vetur. Gylfi, sem leikur með Tottenham, sagði þetta í samtali við vefmiðilinn London24.com í gær.**

**„Mörkin sem þeir hafa skorað og leikstíll þeirra hefur fært liðinu mikið sjálfstraust," sagði Gylfi en liðin eigast við á Anfield á sunnudag. Hann hrósaði einnig knattspyrnustjóranum Brendan Rodgers, sem Gylfi starfaði með hjá Swansea og Reading á sínum tíma.**

**„Handbragð Rodgers er á liðinu. Liðið er gríðarlega sterkt, bæði í vörn og sókn, eins og það hefur verið að spila að undanförnu," segir Gylfi.**

**Liverpool vann 5-0 sigur á Tottenham á White Hart Lane fyrr í vetur og Gylfi vill bæta fyrir það. „Við viljum vinna hvern leik og það á sérstaklega vel við núna. Okkar takmark er að fá eins mörg stig og við getum og væri mikilvægt að ná minnst einu stigi – ef ekki öllum þremur."**

**Gylfi skoraði sigurmark sinna manna gegn Southampton um helgina og fær vonandi tækifæri í byrjunarliðinu á sunnudag.** - esá

# Keflvíkingar eru ekki búnir að gefast upp

**Andy Johnston, þjálfari Keflavíkur, segir sína menn þurfa að finna sjálfstraustið aftur og þora að skjóta.**

**KÖRFUBOLTI** Taki Keflvíkingar sig ekki saman í andlitinu og vinni Stjörnuna á heimavelli í kvöld í þriðja leik liðanna í undanúrslitum Dominos-deildar karla í körfubolta verður liðinu sópað í sumarfrí. Keflavík, sem endaði í 2. sæti deildakeppninnar með 18 sigra og fjögur töp, tapaði fyrsta leiknum fyrir Stjörnunni á heimavelli og var svo rassskellt í Ásgarði á mánudagskvöldið þar sem liðið virtist heillum horfið og leikmenn þess ekki með hausinn skrúfaðan rétt á.

„Við erum bara að spila gegn góðu liði sem er að spila vel, hitta úr skotunum sínum og spila góða vörn," segir Andy Johnston, þjálfari Keflavíkur, við Fréttablaðið.

„Við þurfum að halda áfram að gera það sem við gerðum vel í deildinni. Það er að þora að taka skotin okkar og verjast betur. Við verðum að halda Stjörnunni betur frá körfunni."

Hljóðið var ekkert sérstaklega gott í Andy þegar Fréttablaðið heyrði í honum. Pressan eðlilega hleðst upp í Sláturhúsinu enda var kvennaliðinu sópað í sumarfrí og nú er karlaliðið á barmi sömu örlaga.

Þeir sem horfðu á leik Stjörnunnar og Keflavíkur á mánudagskvöldið í sjónvarpinu sáu hvernig Andy reyndi af veikum mætti að berja líf í sína menn í leikhléum. Það var sama hvað hann sagði, svörin voru fá. Hann þurfti að ganga svo langt að tala við þá eins og leikmenn í yngri flokkum og spyrja hvort þeir ætluðu hreinlega að vera í fýlu það sem eftir lifði leiks.

„Við getum barist betur en í síðasta leik og það gerum við á föstudaginn," segir Andy aðspurður um baráttu- og eldleysið í liðinu í síðasta leik. Hann er afar stuttaralegur í svörum.

Spurður hvort hans menn hafi hreinlega gefist upp segir hann: „Nei, þeir eru ekki búnir að gefast upp. Þeir verða betri á föstudaginn. Við getum spilað betur en við höfum verið að gera og það gerum við á föstudaginn."

Fáir höfðu trú á Stjörnunni fyrir einvígið enda slefaði liðið inn í úrslitakeppnina. Það vann tvö neðstu lið deildarinnar, Val og KFÍ, í tveimur af þremur síðustu leikjum sínum fyrir úrslitakeppnina en fékk svo rassskell á heimavelli gegn Njarðvík í lokaumferðinni. Andy telur liðið betra en deildakeppnin gefur til kynna.

„Ég sagði það fyrir seríuna að Stjarnan er að spila jafn vel og bestu liðin undanfarið. Það vann síðustu leiki sína með 30 stigum eða eitthvað og er vel þjálfað," segir Andy en hefur hann trú á að Keflavík geti unnið Stjörnuna þrisvar sinnum í röð?



**KOMIÐ AÐ ÖGURSTUNDU** Keflavík gæti farið í snemmbúið sumarfrí í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Við tökum bara einn leik í einu. Við verðum að spila vel á föstudaginn og vinna þann leik," segir Andy Johnston. - tom

















## Meistaralegur apríl á Sportinu!

Það verður gríðarleg spenna á Stöð 2 Sport og Sport 2 í apríl. Toppbaráttan magnast í spænska boltanum, úrslitakeppnin í Dominos-deildinni heldur áfram, bestu kappakstursmenn heims eru mættir á ráslínuna og enski boltinn hefur aldrei verið jafn spennandi. Síðast en ekki síst munu Rooney, Messi, Ronaldo, Zlatan og fleiri stjörnur berjast um Evrópumeistaratitilinn.
**Allt þetta og margt fleira í stútfullum Sportpakkanum.**




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.35
### Men in Black



Bráðskemmtileg ævintýramynd frá 1997 með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum. Svartklæddu mennirnir starfa hjá óopinberri leyniþjónustu sem sett var á laggirnar til að hafa auga með öllum geimverum sem hafa sest að hér á jörðinni.

## Í KVÖLD



**Njarðvík - Haukar**

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik Njarðvíkur og Hauka í Dominos-deild karla í körfubolta.



**Útsvar**

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Kópavogur á móti Fljótsdalshéraði. Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.



**Spurningabomban**

**STÖÐ 2 KL. 19.45** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann egnir saman tveimur hressum liðum.

## FM 957 kl. 16.00
### Vaktin



FM95BLÖ-gengið, Auddi, Pétur Jóhann og Steindi jr. ljúka vinnuvikunni á Vaktinni á FM957. Það vill enginn missa af Vaktinni, það er bara þannig.




## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.15** **Fairly Legal**
**11.00** **Celebrity Apprentice**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Coco Before Chanel**
**14.50** **The Glee Project**
**15.35** **Xiaolin Showdown**
**16.00** **Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.25** **Waybuloo**
**16.45** **How I Met Your Mother**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons**
**19.45** **Spurningabomban**
**20.35** **Men in Black 22.10 Bullet to the Head** Spennumynd með Sylvester Stallone í aðalhlutverki. Eftir að félagar þeirra eru myrtir ákveða leigumorðingi og lögreglumaður að taka höndum saman í baráttunni við sameiginlegan óvin.
**23.40** **The Experiment** Spennumynd frá 2010 með Adrian Brody og Forest Whitaker í aðalhlutverkum.
**01.15** **The Escapist**
**02.55** **44 Inch Chest**
**04.35** **World's Greatest Dad**

## SPORT *besta sætið*

**12.15** **Stjarnan - Keflavík**
**14.05** **Barcelona - Celta**
**15.45** **Sevilla - Real Madrid**
**17.25** **KS deildin**
**17.55** **Samantekt og spjall**
**18.30** **La Liga Report**
**19.00** **Njarðvík - Haukar** Bein útsending
**21.00** **Dominos-deildin - Liðið mitt**
**21.25** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.55** **Hamburg - Fuchse Berlin**
**23.15** **Njarðvík - Haukar**
**00.45** **UFC 171**
**04.55** **Malasía - Æfing 3**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.15** **Newcastle - Everton**
**13.55** **West Ham - Hull**
**15.35** **Tottenham - Southampton**
**17.20** **Man. Utd. - Man. City**
**19.00** **Keane and Vieira. The Best of Ene**
**20.00** **Match Pack**
**20.30** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.00** **Football League Show 2013/14**
**21.30** **Liverpool - Sunderland**
**23.10** **Arsenal - Swansea City**
**00.50** **West Ham - Man. Utd.**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Reykjavíkurrölt **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**12.20** **Simpson-fjölskyldan**
**12.40** **Friends**
**13.05** **Mindy Project**
**13.25** **Suburgatory**
**13.45** **Glee**
**14.30** **Hart of Dixie**
**15.10** **Gossip Girl**
**15.55** **The Carrie Diaries**
**16.40** **Pretty Little Liars**
**17.25** **Jamie's 30 Minute Meals**
**17.55** **Raising Hope**
**18.15** **The Neighbors**
**18.40** **Cougar town 4**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.45** **How To Make it in America**
**20.15** **Community** *(1:24)*
**20.35** **American Idol** *(23:37)*
**21.05** **Grimm** *(20:22)*
**21.45** **Luck** *(9:9)*
**22.50** **Memphis Beat** *(1:10)*
**23.30** **Dark Blue**
**00.10** **Top 20 Funniest**
**00.55** **How To Make it in America**
**01.25** **Community**
**01.45** **American Idol**
**02.15** **Grimm**
**02.55** **Luck**
**03.35** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.19** Svampur Sveinsson **08.45** UKI **08.50** Hvellur keppnisbíll **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Brunabílarnir **09.47** Mamma Mu **09.55** Hello Kitty **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Latibær **10.34** Ævintýraferðin **10.47** Tommi og Jenni **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.21** Svampur Sveinsson **12.45** UKI **12.50** Hvellur keppnisbíll **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.24** Brunabílarnir **13.46** Mamma Mu **13.51** Hello Kitty **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.23** Latibær **14.34** Ævintýraferðin **14.47** Tommi og Jenni **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.21** Svampur Sveinsson **16.45** UKI **16.50** Hvellur keppnisbíll **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.24** Brunabílarnir **17.46** Mamma Mu **17.51** Hello Kitty **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.23** Latibær **18.34** Ævintýraferðin **18.47** Tommi og Jenni **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Igor **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.45** **Strákarnir**
**18.10** **Friends**
**18.35** **Seinfeld**
**19.05** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Það var lagið**
**21.00** **Game of Thrones** *(6:10)*
**21.55** **Twenty Four** *(24:24)*
**22.40** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**23.05** **Footballers Wives**
**23.55** **The Practice**
**00.40** **Það var lagið**
**01.35** **Game of Thrones**
**02.30** **Twenty Four**
**03.15** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**03.40** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.00** **Rumor Has It**
**12.35** **The Five-Year Engagement**
**14.40** **To Rome With Love**
**16.30** **Rumor Has It**
**18.05** **The Five-Year Engagement**
**20.10** **To Rome With Love**
**22.00** **Zero Dark Thirty**
**00.35** **Red**
**02.05** **Ironclad**
**04.05** **Zero Dark Thirty**

## RÚV

**15.40** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Litli prinsinn**
**17.43** **Hið mikla Bé**
**18.05** **Nína Pataló**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Eldað með Ebbu**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Njósnari** *(9:10) (Spy II)* Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósnari hjá MI5 og togstreitu hans milli njósnastarfs og einkalífs.
**20.05** **Útsvar** *(Kópavogur - Fljótsdalshérað)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.10** **Taggart: Þögul sannindi** *(Taggart)* Íranskur innflytjandi finnst myrtur og upp á yfirborðið kemur mál fjölskyldu sem verður fyrir barðinu á kynþáttafordómum og á sér ekki sjö dagana sæla í Glasgow.
**22.00** **Allt um Steve** *(All about Steve)* Gamanmynd með Söndru Bullock í aðalhlutverki. Mary er málglaður krossgátuhöfundur staðráðin í að sannfæra myndatökumanni um að þeim sé ætlað að vera saman.
**23.35** **Milliliður** *(Middle Man)*
**01.25** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**14.30** **Dogs in the City**
**15.20** **Svali&Svavar**
**16.00** **The Biggest Loser - Ísland**
**17.00** **Minute To Win It**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **The Millers**
**18.50** **America's Funniest Home Videos**
**19.15** **Family Guy** *(21:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá Einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**19.40** **Got to Dance** *(12:20)*
**20.30** **The Voice** *(9:28)* Þáttaröð sex hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á Skjá Einum. Levine og Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna.
**22.45** **The Tonight Show** Skrattinn hittir ömmu sína í þætti kvöldsins þegar Russell Crowe og Joan Rivers kíkja í heimsókn til Jimmy.
**23.30** **Friday Night Lights**
**00.10** **After the Sunset**
**01.50** **Californication ina.**
**02.20** **The Good Wife**
**03.10** **The Tonight Show**
**04.00** **The Tonight Show**
**04.50** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** Inside The PGA Tour 2014 **12.15** European Tour 2014 **15.10** PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Inside The PGA Tour 2014 **22.25** Golfing World 2014

## ÚTVARP

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin | |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun | |

# FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR Á FERMINGARVERÐI



acer

## HVÍT 14" FARTÖLVA MEÐ INTEL i3

Ein sú vinsælasta fyrir fermingarnar hjá okkur. Glæsilega hönnuð og mjög meðfærileg. Þriðju kynslóðar Intel i3 örgjörvi og Intel HD 4000 skjákort. HDMI tengi til að tengja við sjónvarp og USB3 tengi fyrir margfaldan gagnaflutningshraða. Stórt og þægilegt chicklet lyklaborð. Windows 8.1.

**99.990**

ACE-NXMKJED001

## BLEIK 14" ASPIRE V5



Létt og meðfærileg 14" fartölva með sprækum Intel i3 örgjörva og Intel HD 4000 skjákorti. 500GB diskur, USB3 og HDMI tengi.

**109.990**

acer ACE-NXMB4ED012

## QUAD CORE LEIKJATÖLVA



15,6"

Kraftmikil og hraðvirk fartölva úr nýju L-línunni frá Toshiba með Intel i7 Haswell Quad Core örgjörva. Öflug grafíkvinnsla með 2GB nVidia GeForce GT 740M leikjaskjákorti. Glæsilega hönnuð með miklum tengimöguleikum.

TOSHIBA

TOS-L50A1D6

**149.990**

## 10" DUAL CORE



Ótrúlegt verð fyrir þessa nýju og endurhönnuðu spjaldtölvu með A20 örgjörvanum og Mali 400P2 grafíkkjarna. Android 4.2 Jelly Bean.

UNITED

UNI-TAB1023

**19.990**

## BLEIK, HVÍT OG BLÁ



Þessar voru að lenda fyrir fermingarnar. 7" MemoPad frá Asus sem koma í þremur flottum litum. Hágæða IPS skjár og góður fjögurra kjarna örgjörvi. Frábær fermingargjöf á flottu verði.

ASUS

ASU-ME173X1A019A
ASU-ME173X10013A bleik
ASU-ME173X1B014A dökk blá

**39.990**

## 10" IPS SKJÁR



Betri upplausn og bjartari skjár með IPS skjátækni. Cortex A9 Dual Core örgjörvi og 1GB vinnsluminni. Mjög góð kaup.

**29.990**

nextbook

ASU-T100TADK003H

tl.is

PROMENNT **ÓKEYPIS WINDOWS 8.1 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!**




Allir sem versla fartölvu hjá Tölvulistanum fá í kaupbætti ávísun á fræðandi og skemmtilegt Windows 8.1 námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi.

Á þessu vinsæla námskeiði fara Microsoft sérfræðingar Promennt yfir nýtt viðmót Windows 8.1 og hvernig best er að fullnýta möguleika þess.

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

## BESTI MORGUNMATURINN



**„Besta morgunmatinn er að finna í Hámu, fáránlega ódýr hafragrautur og boozt í öllum heimsins litum og alls kyns góðgæti. Svo ef mig langar í bröns er ódýrasti brönsinn í bænum í Stúdentakjallaranum.“**

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs

# Fjórir kílómetrar í næsta mann

Björg Magnúsdóttir einangraði sig í Skriðuklaustri í Fljótsdal til þess að hnýta saman nýjustu skáldsögu sína sem er sjálfstætt framhald af fyrstu bók hennar.

„Ég er búin að vera í Skriðuklaustri í mánuð, alveg fjórir kílómetrar í næstu manneskju,“ segir Björg Magnúsdóttir rithöfundur en hún er að leggja lokahönd á nýja skáldsögu. „Þetta er sjálfstætt framhald af fyrstu bókinni minni, Ekki þessi týpa,“ segir Björg en hún er búin að vera í tæpt ár að vinna í nýju bókinni.

„Ég náði endanlega að hnýta hana saman þennan lokamánuð,“ segir Björg, sem einangraði sig í Fljótsdal til þess að klára skáldsöguna.

„Það er rosalega skrítin tilfinning að vera einn svona lengi,“ segir Björg um ferlið. „Pabbi minn orðaði þetta eiginlega best þegar ég var að reyna að útskýra tilfinninguna fyrir honum, en þá spurði hann mig hvort ég væri farin að heyra öðru vísi í sjálfri mér,“ segir Björg sem endar ritunarferli sitt á Borgarfirði eystra.

„Ég þurfti smá félagsskap og ég heyrði að Austfirðingar væru svo skemmtilegir, en síðan ferðast ég aftur til Reykjavíkur í byrjun apríl,“ segir Björg sem bætir því við að stefnt sé að útgáfu bókarinnar í maí og er það Forlagið sem sér um útgáfu. **- bþ**



**EINBÚI** Björg Magnúsdóttir frétti að Austfirðingar væru skemmtilegir.


TENGI

MORA Á ÍSLANDI Í YFIR 30 ÁR









GÆÐI
ÞJÓNUSTA
OG ÁBYRGÐ -
ÞAÐ ER
TENGI

mora ARMATUR

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 www.tengi.is

Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050 tengi@tengi.is




**TVEIR TÖFFARAR** Logi Pedro Stefánsson og Hanni Bach eru hér hressir í hljóðverinu. Logi Pedro aðstoðaði Skítamóral í nýju lagi sem ber titilinn Þú ert ein af þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skítamórall og Logi Pedro í eina sæng

Logi Pedro Stefánsson hjálpaði hljómsveitinni Skítamóral við að pródúsera nýtt lag. Samstarfið gekk frábærlega og má segja að þar kveði við nýjan tón.

„Við erum gríðarlega sáttir við útkomuna og hlökkum mikið til að heyra viðbrögð landsmanna,“ segir Jóhann Bachman, trommuleikari Skítamórals, betur þekktur sem Hanni Bach, en sveitin sendi í gær frá sér nýtt lag sem Logi Pedro Stefánsson úr Retro Stefson og Higlands pródúserar. „Eftir að Einar Ágúst gekk aftur til liðs við bandið eftir tíu ára fjarveru vildum við gera nýja hluti og sömdum lag í sameiningu, sem er eitthvað sem hljómsveitin hefur aldrei gert áður,“ útskýrir Hanni.

Skítamórall þrískipti upptökuferlinu, fékk Loga Pedro til að pródúsera lagið, Róbert Steingrímsson til að taka upp lagið og Styrmi Hauksson til þess að hljóðblanda það.

Nýja lagið ber titilinn Þú ert ein af þeim og má segja að þar kveði við nýjan tón með tilkomu Loga Pedro. „Við höfðum bara samband við Loga, við erum hrifnir af stöffinu sem hann hefur verið að gera með Retro Stefson og Highlands. Hann er rosalegur fagmaður og tók þetta mjög alvarlega, við áttum gott samstarf,“ segir Hanni um samstarfið við Loga.



> **Hann er vissulega ungur en hann hefur mikla reynslu af stúdíóvinnu og spilamennsku, hann er svo mikill fagmaður að aldursmunurinn truflaði ekki samstarfið.**
>
> *Hanni Bach*

Logi er þó talsvert yngri en liðsmenn Skítamórals, var það ekkert skrítið?

„Hann er vissulega ungur en hann hefur mikla reynslu af stúdíóvinnu og spilamennsku, hann er svo mikill fagmaður að aldursmunurinn truflaði ekki samstarfið,“ segir Hanni léttur í lundu.

„Þetta var mjög gaman, ég er oft beðinn um að pródúsera lög en ég hef ekki alltaf tíma í það. Ég hafði hins vegar tíma til þess að gera þetta núna og ég hafði gaman af þessu,“ segir Logi Pedro um samstarfið við Skítamóral. Hann segir þó að laginu hafi verið breytt talsvert frá því að hann heyrði það fyrst á æfingu.

„Við breyttum laginu mikið frá því ég heyrði það fyrst. Ég kem bara inn sem eins konar leikstjóri líkt og Styrmir,“ bætir Logi Pedro við. Hann segir samstarfið hafa gengið mjög vel og að það hafi verið þægilegt að vinna með sveitinni.

Nýja lagið verður frumflutt á skemmtistaðnum Spot á laugardagskvöldið, þegar Skítamórall treður þar upp. **gunnarleo@frettabladid.is**

# Sýning í gömlum söluturni

Hönnunarteymið Orri Finn er með sýningu í Turninum á Lækjartorgi.

„Við ákváðum að reyna að skapa heim bjöllunnar og bjóða gestum að skoða þann dulúðuga heim,“ segir Helga Gvuðrún Friðriksdóttir um sýningu þeirra Orra Finnbogasonar.

Saman skipa þau hönnunarteymið Orri Finn, en sýningin, sem er hluti af Hönnunarmars, er unnin út frá nýjustu skartgripalínu þeirra, Scarab. Línan er óður til tordýfilsins, egypskrar bjöllu sem veltir á undan sér taðkúlu sem inniheldur lífsforða hennar og egg. „Við heillumst mikið af þessu fyrirbæri og bjuggum til eins konar eftirlíkingar taðkúlunnar og inn í þeim leynist heimur bjöllunnar,“ segir Helga en verkið er staðsett inni í gamla söluturninum á Lækjartorgi. Þau fengu til liðs við sig dansarann Snædísi Lilju Ingadóttur til þess að vinna með þeim dansgjörning við verkið. „Hún samdi dans þar sem hún hermir eftir hreyfingum bjöllunnar og þessari stemningu sem fylgir þessu merkilega skordýri,“ segir Helga en dansgjörningurinn verður fyrir utan Turninn á Lækjartorgi á föstudaginn, 28. mars klukkan 20.30. **- bþ**



**TÖFF TEYMI** Helga og Orri eru heilluð af egypskri bjöllu. MYND/ÚR EINKASAFNI



3
FYRIR
2
Af öllum skóm
Lágmark 30% afsláttur af
keyptum pörum og ódýrasta
parið fylgir frítt með
Loka Helgin!
Vörur frá:
ecco
Kringlan - Smáralind
skór.is
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind
Toppskórinn
Outlet
Toppskórinn
Markaður
Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17
Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Calvin Klein segir Steinunni þá bestu

Bandaríski fatahönnuðurinn **Calvin Klein** virðist ekki sjá sólina fyrir fyrrverandi samstarfsmanni sínum, fatahönnuðinum **Steinunni Sigurðardóttur**.
Calvin Klein flutti erindi á „DesignTalks"-fyrirlestradegi Hönnunarmiðstöðvar á Hönnunarmars í Hörpu í gær og hafði orð á því hversu mikill missir hefði verið að Steinunni þegar hún hætti hjá tískurisanum, en hann sagðist aldrei hafa unnið með jafn góðum prjónahönnuði, hvorki fyrr né síðar. **- ósk**



### Hljómsveit tekur á móti auroracoins

Hljómsveitin 1860 er meðal fyrstu aðila á Íslandi til þess að taka við greiðslu í formi Auroracoin. Gjaldeyrinum var dreift til Íslendinga í fyrsta sinn í vikunni og fékk hver og einn tæplega 32 Auroracoins.
Til sölu fyrir nýja gjaldeyrinn eru tvær útgefnar plötur sveitarinnar á tvær krónur hvor fyrir sig og bolur fylgir með ef báðar plöturnar eru keyptar.
„Söngvarinn okkar hefur mikinn áhuga á nýjustu tækni og fylgist vel með," segir **Óttar G. Birgisson**, gítarleikari hljómsveitarinnar. „Okkur fannst þetta öllum áhugavert og ákváðum að stökkva á þetta," segir Óttar. „Gaman að taka þátt í einhverju svona nýju." **- bþ**



## Mest lesið VÍSIR

1 Wu-Tang birtir myndir af Íslendingi
2 Lágtekjufólk og leigjendur verði eftir í aðgerðum stjórnvalda
3 Missir skírteinið vegna ölvunar án þess að hafa verið undir stýri
4 Dujshebaev: Ég gerði ekkert rangt
5 Framhaldsskólanemar búnir að fá nóg




